

Nefndarsvið Alþingis

b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar

nefnasvid@althingi.is

Hafnarfjörður, 30. nóvember 2020

Efni: Umsögn þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Undirrituð leggur stund á meistaranám við Háskóla Íslands og vinnur þessa dagana að rannsókn á fjármálalæsi í skólakerfinu sem fullnustu MS gráðu.

Þó margt hafi verið gert á Íslandi til þess að efla fjármálakennslu virðist málaflokkurinn alltaf stranda. Nemendur, kennarar, foreldrar, hagsmunaaðilar og margir aðrir innan stjórnvísunnar hafa ítrekað krafist þess að fjármálalæsi fái aukið vægi í skólakerfinu. Virðist engum dulið hversu mikilvæg þessi færni er og hvaða áskorunum við stöndum frammi fyrir ef við eflum hana ekki. Stýrihópar hafa verið myndaðir um málefnið og tilraunaverkefni sett af stað. Í skýrslum eru lagðar fram tillögur til úrbóta en þeim svo ekki fylgt eftir.

Eins og réttilega er bent í þingsályktunartillögunni valda örar tæknibyltingar flóknum áskorunum. Tæknibyltingin í samspili við alþjóðavæðingu hefur gert fjármálaþjónustu bæði flóknari og aðgengilegri. Því er fjármálalæsi skilgreint sem lykilhæfni 21. aldarinnar hjá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD). Þá hafa G20 ríkin einnig bent á miklar áskoranir varðandi fjártækni og er efling á stafrænu fjármálalæsi eitt af forgangsverkefnum samtakanna.

Það er ljóst að lélegt fjármálalæsi hefur bæði áhrif á persónulega velferð einstaklingsins og samfélagsins. Margir sérfræðingar hafa ítrekað bent á þær staðreyndir bæði hérlendis og erlendis. Þá hefur Seðlabanki Íslands einnig vakið athygli á nauðsyn þess að efla fjármálalæsi í íslensku samfélagi.

Lélegt fjármálalæsi ungs fólks virðist vera orðin helsta áskorun íslenskra stjórnvalda á sviði velferðarmála og starfsmenn umboðsmanns skuldara hafa verulegar áhyggjur af stöðunni. Þeir hafa kallað eftir auknu vægi á fjármálakennslu í skólakerfinu. Árið 2012 voru einungis 6% umsækjenda hjá umboðsmanni skuldara með skyndilán. Árið 2018 var þessi hópur 57% af öllum umsækjendum. Með öðrum orðum þá hefur fjöldi umsækjenda hjá umboðsmanni skuldara sem eru með skyndilán á bakinu aukist um 850%. Ef litið er sérstaklega á aldurinn 18-29 ára sem leitar sér aðstoðar eru um 80% þeirra með skyndilán (*Upplýsingar úr fyrirllestri Ástu. S. Helgadóttur á ráðstefnu um ungt fólk og lántökur 2019*). Staðan er því alvarleg og málaflokkurinn krefst þess að stjórnvöld marki skýra stefnu og séu fyrirmynd í því að efla þessa mikilvægu lykilhæfni.

Á meðan þjóðirnar í kringum okkur keppast við að efla þessa færni og koma fjármálalæsi almennilega inn í skólakerfið, þá hefur dregið úr áherslum á fjármálakennslu í íslenskri Aðalnámskrá. Þegar hæfniviðmið Aðalnámskrár 2013 eru vegin saman við áfangamarkmið Aðalnámskrár 2011 er nokkuð ljóst að áherslur á fjármálakennslu voru talsvert meiri í þeirri eldri þrátt fyrir að öðru hafi ítrekað verið haldið fram. Að auki eru fjármál ekki í námsmati núgildandi námskrár en voru það í eldri námskrá.

OECD hefur bent á að áherslur stjórnvalda er lykilatriði við innleiðingu á fjármálalæsi í skólakerfi aðildarlandanna. Áherslur stjórnvalda á fjármálalæsi þurfa að vera sýnilegar. Stefna stjórnvalda mótar

menntakerfið. Hún hefur áhrif á þankagang almennings, nemenda, foreldra, kennara og hagsmunaaðila. Hún hefur til dæmis áhrif á það hvaða námsefni er framleitt, og útgefið námsefni er ákaflega stýrandi í kennslu á fjármálalæsi í dag. Í svona mikilvægri stefnu sem menntastefna til ársins 2030 er, þá er bagalegt að ekki sé minnst á svo mikla lykilhæfni sem fjármálalæsi er.

Eftir reynslu okkar árið 2008 skuldum við okkur það að efla fjármálalæsi í samfélaginu. Erfiðleikar fólks á þeim tíma eiga skilið meiri virðingu en svo að við látum málaflokkinn drabbast niður. Í dag stöndum við aftur frammi fyrir gífurlegum efnahagslegum áskorunum í kjölfar Covid-19. Svona kreppur koma og fara og við þurfum að byggja upp fjárhagslega seiglu fólks. Það er eitthvað sem OECD hefur í auknum mæli horft til í kjölfarið af þessum heimsfaraldri sem nú gengur yfir, en fjárhagsleg seigla snýst meðal annars um að efla færni einstaklinga til þess að takast á við óvæntar og erfiðar fjárhagslegar áskoranir.

Á þessum forsendum leggur undirrituð til eftirfarandi viðbót við greinargerð og breytingar á orðalagi:

Á eftir C.1. Læsi komi:

C.2. Fjármálalæsi

Fjármálalæsi er lykilhæfni 21. aldarinnar. Tæknibylting og alþjóðavæðing hafa gert fjármálaþjónustu bæði flóknari og aðgengilegri. Fjármálalæsi hefur bæði áhrif á persónulega velferð einstaklingsins og samfélagsins. Veita skal nemendum tækifæri til þess að efla þessa færni svo stuðla megi að fjárhagslegri seiglu þeirra og velferð til framtíðar ásamt efnahagslegum stöðugleika samfélagsins.

C.7. Stafræn tilvera

Nemendur skulu skilja bæði tækifæri og áskoranir stafrænnar tilveru. Nemendur fái þjálfun í fjártækni ásamt upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Samhliða hagnýtingu stafrænnar tækni skulu nemendur fá tækifæri til að auka þekkingu sína á persónuvernd og meðferð og greiningu upplýsinga. Í því sambandi skal einnig kynna fyrir nemendum hvernig persónulegar upplýsingar notenda eru nýttar af samfélagsmiðlum sem söluvara til þriðja aðila. Hugað verður að notkun nemenda á samfélagsmiðlum og þeim kennd ábyrg nethegðun og helstu reglur um örugg stafræn samskipti. Þá skal einnig fræða nemendur um umfang og áhrif markaðssetningar í gegnum samfélagsmiðla.

Virðingarfyllt,

Alma Björk Ástþórsdóttir



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020
Tilvísun 202002-0032

Efni:

Umsögn ASÍ um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030 – þingskjal 310 – 278. mál..

Í mars síðastliðnum var tillaga til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030, sett í samráðsgátt og gefinn frestur til 13. mars að bregðast við. ASÍ veitti umsögn um málið ásamt 38 öðrum og var almenn ánægja og sátt með þá tillögu. Í þeirri tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til 2030, sem nú liggur fyrir, er búið að rýra innihald fyrri tillögu, sem kynnt var í vor, upp að því marki að drögin eru allt önnur en fyrri drög. Í inngangi er tekið fram að *Menntastefna þessi var unnin í viðtæku samráði við hagsmunaaðila og var meðal annars birt í samráðsgátt. Það er vart hægt að kalla það samráð þegar tillagan hefur tekið svo umfangsmiklum breytingum.*

Eins og kemur fram í umsögn ASÍ frá því í vor þá fagnar sambandið því að fyrir liggja tillaga til þingsályktunar sem setur menntamál í öndvegi. Menntun fyrir alla hefur verið leiðarstef ASÍ frá upphafi, þar sem allir eigi að hafa jafnan aðgang að góðri menntun alla ævi. Skólar og fræðsluaðilar sinna mikilvægu hlutverki á tímum stöðugra samfélagsbreytinga og öflugt fræðslustarf, starfsþróun og símenntun er eitt af stærstu efnahagsmálum þjóðarinnar. Áhersla þarf að vera á menntun alla starfsævina sem farið geti fram jöfnum höndum innan símenntunarstöðva, fyrirtækja og í menntastofnunum þar sem samfella og samstarf mismunandi kerfa er tryggt.

Áhersluatriði ASÍ

Í drögunum er að engu vikið að óformlega menntakerfinu, sem nefnt hefur verið fimmta stoð menntakerfisins, en öll áherslan er á formlega skólakerfið. Í upphafi tillögunnar er mikilvægi menntunar fyrir alla ávarpað, en svo er því ekki fylgt eftir í textanum sem á eftir fer.

Ekkert er fjallað um færnisþár né heldur að komið verði á hæfnistefnu. ASÍ hefur lengi barist fyrir því að mótuð verði hæfnistefna fyrir Ísland og er menntastefna einn af veigamiklum þáttum í hæfnistefnu þótt fleira komi til. Það var því ánægjulegt að sjá í vor að gert væri ráð fyrir mótun hæfnistefnu í þingsályktuninni, en nú er það hvergi sjáanlegt.

Í nýjum drögum að þingsályktun er rætt um að innleiðingu menntastefnu verði skipt í þrjú tímabil og innleiðingaráætlun verði lögð fram við upphaf hvers tímabils ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum. Ef vel á að takast til þurfa hagsmunaaðilar að koma að þeirri vinnu, ekki síst til að tryggja gott samspil milli menntakerfisins og vinnumarkaðar.

Menntatölfræði þarf að ná yfir allt menntakerfið, frá leikskóla til símenntunarkerfa. Á Íslandi er langtíma kortlagning á menntunar- og færniþörf á vinnumarkaði ekki fyrir hendi. Slíkar upplýsingar verða enn mikilvægari sé horft til áskorana fjórðu iðnbyltingarinnar þar sem niðurstöður slíks spáferlis auðveldar mótun menntastefnu og bætir samspil menntakerfis og vinnumarkaðar. Nauðsynlegt er að fyrir liggja góð þekking, greining eða mat á starfstækifærum í einstökum fögum, greinum og starfssviðum til nokkurra ára og munu færnisþár nýtast í öllu skóla- og fræðslustarfi. Ekkert er minnst á þessa þætti í núverandi tillögu.



Þá skortir umfjöllun um mikilvægi raunfærnimats. Í nýrri tillögu er ekkert komið inn á raunfærnimat í menntakerfinu eða í atvinnulífinu. Raunfærnimat byggir á því að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur með ýmsum hætti við fjölbreyttar aðstæður. Einstaklingar bæta stöðugt við sig þekkingu gegnum starfsævina og mikilvægt að sú hæfni hafi gildi m.a. til styttingar á námi og sé sýnileg á vinnumarkaði. Tenging raunfærnimats við ævinám og menntun fyrir alla er mikilvæg. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir innflytjendur sem oft búa yfir ríkri þekkingu, hæfni og menntun sem ekki er metin að fullu á íslenskum vinnumarkaði.

Alla umfjöllun og tengingu við hæfnirammann vantar. Hæfniramminn endurspeglar stigvaxandi kröfur í óformlegu og formlegu námi og segir til um þá þekkingu, hæfni og leikni sem einstaklingur á að búa yfir við námslok. Íslenski hæfniramminn eykur gegnsæi menntakerfisins og auðveldar samanburð við önnur menntakerfi innan Evrópu þar sem hann er tengdur evrópska hæfniramma (EQF). Þá eykur hann sveigjanleika milli landa, til frekara náms eða nýrra starfa.

Í framhaldsfræðslu eru ekki skilgreind námslok og ekki til aðalnámskrá. Ákvæði í aðalnámskrám eiga að styðja við áherslur í menntakerfinu og fylgja ákvæðum laga og fyrirmælum menntayfirvalda. Þar sem framhaldsfræðslan er hluti menntakerfisins þarf að skilgreina hana betur og gera aðalnámskrá framhaldsfræðslu.

Margar af helstu áherslum í menntamálum eru ávarpaðar í nýjum tillögum að menntastefnu og er það ánægjulegt. Það er hinsvegar ýmislegt sem vantar að gera betri skil og hvatt er til endurskoðunar á þessum tillögum til að menntastefna fyrir Ísland til ársins 2030 nái yfir allt menntakerfið..

f. h. Alþýðusambands Íslands

Eyvindr Valsdóttir
Sviðstjóri fræðslu og þekkingar

Nefnasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2020

Efni: Umsögn bókasafnsráðs um þingsályktunartillögur um menntastefnu 2020-2030

Bókasafnaráði þykir miður að bókasöfnum sé ekki gert hærra undir höfði í tillögu um menntastefnu 2020-2030.

Bókasafna er aðeins þannig getið í greinargerð undir liðnum C.I Læsi: „Leitast verður við að tryggja virkni alls samfélagsins við að bæta læsi og þá sérstaklega aðkomu heimila, bókasafna, rithöfunda og fjölmiðla.“

Bókasöfn gegna mikilvægu hlutverki í skólastarfi og í bæði formlegri og óformlegri endurmenntun fullorðinna.

Því er lagt að liðnum *Öflug bókasöfn* verði bætt við undir II. A eða II. C.

Fyrir hönd bókasafnaráðs,

Linda Hrönn Þórisdóttir,
formaður bókasafnaráðs

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, 278. mál

BSRB hefur tekið til umsagnar þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 og lítur það jákvæðum augum að unnin sé stefnumótun af þessu tagi í menntamálum enda er menntun og skipulag menntamála ein af grunnstoðum íslensks samfélags.

Hér að neðan eru nokkur atriði sem bandalagið vill nefna sérstaklega:

- BSRB er sammála þeim áherslum sem fram koma í hinum fimm grunnstoðum menntastefnunnar þar sem lögð er áhersla á jöfn tækifæri, kennslu í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, gæði í menntun og ekki síst að setja vellíðan nemenda í öndvegi. BSRB leggur jafnframt sérstaka áherslu á mikilvægi markvissrar innleiðingar menntastefnu líkt og kveðið er á um í þriðja kafla þingsályktunarinnar, enda slík markviss innleiðing grundvallarþáttur í að markmið stefnunnar verði að veruleika.
- BSRB fagnar áherslu á starfs-, iðn- og tækninám sem og list- og verknám undir c-lið um hæfni fyrir framtíðina. Í því samhengi er ítrekað það sem fram kom í umsögn BSRB um menntastefnu til ársins 2030 frá síðasta þingi, og skilað var inn í samráðsgátt þann 13. mars 2020, að áhersla sé lögð „á að þær greinar starfsnáms sem enda ekki með sveinsprófi fái jafn mikið vægi og iðnnám. Hér er t.d. um að ræða nám sjúkraliða og félagsliða, auk annarra námsbrauta í umönnunar- og menntageiranum. Brynt er að styrkja hlutverk þeirra starfsgreinaráða sem fjalla um þau störf sem félagsmenn aðildarfélag BSRB sinna og búa ráðunum starfsaðstæður sem tryggja að þau geti sinn hlutverkum sínum af metnaði.“
- BSRB leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þeirra þátta tillögunnar sem snúa að hæfni fyrir framtíðina. Tekið er undir það sem fram kemur í greinargerð að færni þurfi að þróast í takt við þarfir samfélagsins og áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar, sem og aðgengi fólks að góðri og fjölbreyttri menntun alla ævi. Í þessu samhengi er hér aftur vitnað til umsagnar BSRB um menntastefnu frá því í vor: „Fyrirséð er að miklar áskoranir verði á vinnumarkaði á næstu árum og áratugum og tryggja þarf fólki, ekki síst fólki sem ekki hefur lokið formlegri menntun, tækifæri til þess að öðlast þá hæfni sem atvinnulíf framtíðar kallar á. BSRB minnir á tækifæri vinnustaðarins sem námsstaðar sérstaklega með tilliti til ævináms og uppbyggingar á hæfni. Mikilvægt er að opinberir vinnuveitendur séu þar virkir þátttakendur þar sem ljóst er að störf og þjónusta sem veitt er af starfsfólki ríkis og sveitarfélaga mun taka breytingum í fjórðu iðnbyltingunni. BSRB leggur áherslu á jafnrétti til náms óháð aðstæðum og á þetta ekki síst við um framhaldsfræðsluferfið. BSRB kallar eftir nánu samráði við bandalög launafólks um stefnumótun vegna fjórðu iðnbyltingarinnar, þróun á framhaldsfræðsluferfinu, raunfærnimati, notkun hæfnirammans og öðrum þeim verkfærum sem koma til

með að verða notuð á komandi árum.“ Í þessu samhengi er ítrekað mikilvægi þess að framhaldsfræðslan sé vel sýnileg í heildarsýn stjórnvalda í menntamálum.

- BSRB tekur undir þá áherslu sem lögð er á náms- og starfsráðgjöf í þingsályktunartillögunni og ítrekar jafnframt að þá þjónustu þurfi að bæta frá því sem nú er þannig að gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöf sé tryggt og verði öllum aðgengilegt á öllum skólastigum.
- BSRB leggur áherslu á að kynning og upplýsingagjöf verði aukin til að ná betur til þeirra sem hafa minnstu formlegu menntunina.
- Loks leggur BSRB áherslu á það að hugað sé að því á öllum skólastigum að rjúfa kynbundna múra og að ýtt verði undir að fólk á öllum aldri sækir sér menntun í takt við áhuga og getu óháð staðalímyndum um hvað teljist hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Fyrir hönd BSRB

Karl Sigurðsson
sérfræðingur



Nefnasvið Alþingis

Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020

Efni: Umsögn fagdeildar sálfræðinga við skóla innan Sálfræðingafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Fagdeild sálfræðinga við skóla innan Sálfræðingafélag Íslands fagnar stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis er varðar að efla menntun landsmanna með heildstæðum hætti. Ánægjulegt er að markmið menntastefnu til 2030 byggi á að íbúar landsins hafi aðgengi að framúrskarandi menntun og að gildi menntastefnunnar verði *þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja*.

Stjórn fagdeild sálfræðinga við skóla bendir á nokkur atriði innan menntastefnunnar:

A.1. Nám við allra hæfi.

Skólar og aðrar menntastofnanir taki mið af þörfum, getu og hæfni sérhvers nemanda og vinni út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins. Samfélaginu ber skylda til þess að hlúa sem best að velferð barna og ungmenna og tryggja öllum tækifæri til þess að þroskast og dafna á eigin forsendum innan menntakerfisins. Mikilvægt er að tryggja að allir finni sig í menntakerfinu og að stuðlað sé að jafnrétti innan þess.

Stjórn fagdeildarinnar bendir á að til að geta tekið mið af þörfum, getu og hæfni hvers nemanda er mikilvægt að geta metið og kortlagt stöðu nemanda með faglegum hætti. Skólum ber að vinna samkvæmt lögum um skóla (nr. 91/2008) og veita nemendum kennslu við hæfi hvers og eins. Til að geta metið þarfir og kortlagt stöðu nemanda er nauðsynlegt fyrir stoðþjónustu skóla og skólajónustu sveitarfélaga að hafa aðgengi að stöðluðum matstækjum.

Mikilvægur hluti af mati á stöðu nemanda er fyrirlögn þroskaprófa. Staða þroskaprófa á Íslandi hafa verið í ólestri um margra ára skeið. Þau próf sem nú eru notuð eru bæði úr sér gengin með tilliti til nýjustu greindarkenninga, almennrar þróunar í málumhverfi og þekkingar barna hér á landi og tækniþróunar. Engin stofnun eða opinber aðili ber ábyrgð á þroskaprófum héraðs.

Menntamálastofnun hafði áður það hlutverk og sá um útgáfu og sölu þeirra þroskaprófa sem notast er við héraðs. Nú er staðan sú að ekki einungis teljast þau próf sem notast er við héraðs úrelt og staðan ekki í takti við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við heldur er útilokað að kaupa ný eintök af prófunum eða nálgast íhluti. Víða eru prófagögn orðin slitin eða farin að týna tölunni sem gerir prófin ónothæf. Fagdeild sálfræðinga við skóla skorar á mennta- og menningarmálaráðuneytið að ráðast án tafar í aðgerðir til að leysa úr stöðu mála.

Heilstætt mat á stöðu barns, þar sem þroskamát er oft mikilvægur hluti, gagnast meðal annars í einstaklingsnámskrá og í einstaklingsmiðuðu námi. Fyrir þá nemendur sem teljast þurfa á sérhæfðari þjónustu á að halda en talið er hægt að veita í almennum grunnskóla er slíkt mat og greining



nauðsynlegt. Mat og greining er forsenda þess að hægt sé að ákvarða hvaða nemendur fá skólavist í sérdeildum og sérskólum innan grunnskólakerfisins.

A.4. Snemmbær stuðningur.

Börn og ungmenni skulu fá aðstoð og stuðning við hæfi sem fyrst á námsferlinum og liðsinni áður en vandi ágerist. Horfa þarf sérstaklega til styrkingar leikskólastigsins. Stuðningur getur beinst að nemandanum sjálfum eða umhverfi hans og mikilvægt er að aðlaga hann að þörfum viðkvæmra einstaklinga og hópa. Í þeirri vinnu er þverfagleg samvinna nauðsynleg.

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla tekur undir nauðsyn þverfaglegrar samvinnu í þjónustu við börn og ekki síst er varðar snemmtæka íhlutun. Hægt er að hafa mikil áhrif á framvindu þroska, færni og getu barna á ýmsum sviðum með því að grípa inn í með markvissum hætti þegar um barn með frávik í máli, þroska, hegðun og/eða barn í áhættuhóp er um að ræða.

Til að inngrip og stuðningur nýtist með sem bestum hætti þarf mat á stöðu barns að vera byggt á faglegum grunni. Mikilvægt er að notuð séu stöðluð matstæki og stuðst við rannsóknir og nýjustu þekkingu á þeim sviðum sem við á. Einnig er mikilvægt að stuðst sé við rannsóknir og gagnreynar aðferðir við þróun inngripa og úrræða.

Mikilvægt er að skólar um land allt hafi jafnt aðgengi að gagnreynndum úrræðum.

Biðlistar eftir mati og greiningum á vegum hinna ýmissa stofnana á vegum sveitarfélaga og ríkis hafa áhrif á vinnslu mála og tapast þá dýrmætur tími í lífi barna. Mikilvægt er að draga úr bið eftir þjónustu. Hluti af mati og greiningu sem snemmtækur stuðningur byggir oft á, eins og nefnt var í lið um A.1. Nám við allra hæfi, á þroskamati. Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla ítrekar þá þörf á koma málefnum þroskaþróa í viðunandi farvergi án tafar.

D.1. Heilsuefning. Mikilvægt er að fylgjast með líðan allra nemenda og bregðast skjótt við með viðeigandi aðgerðum í góðri samvinnu heimila, skóla og annarra fagaðila þegar vísbendingar koma fram um vanlíðan nemenda eða ofbeldi af einhverju tagi. Mikilvægt er að gætt sé að jafnréttissjónarmiðum og að nemendum stafi ekki ógn af andlegu, líkamlegu, kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti. Í því sambandi er mikilvægi kynfræðslu áréttað. Leitað skal leiða til að stuðla að aukinni heilsuefningu á öllum skólastigum.

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla tekur heilshugar undir mikilvægi þess að bregðast skjótt við vísbendingum um vanlíðan nemenda eða ofbeldi af einhverju tagi.

Mikilvægt er að skýrt sé með hvaða hætti á að fylgjast með líðan nemenda og að það sé gert með samræmdum hætti um allt land. Almennar vísbendingar um líðan nemenda og breytingar á líðan má sjá í ýmsum könnunum og rannsóknum eins og Skólapulsinum, rannsóknum Rannsóknna og greininga og HBSC rannsókninni. Í þeim könnunum og rannsóknum er þó aðeins um upplýsingar um hópinn að ræða en ekki um líðan einstakra nemenda.

Mikilvægt er að líðan nemenda sé metin með réttmætum og áreiðanlegum mælitækjum og brugðist við vísbendingum um vanlíðan einstakra nemenda með markvissum hætti. Reynsla er af markvissum skimunum fyrir einkennum kvíða og depurðar ákveðinna árganga og inngripa við hæfi, meðal annars hjá Reykjavíkurborg. Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla hvetur til markvissara og samhæðra vinnubragða sem byggja á gagnreynndum aðferðum þegar kemur að heilsuefningu og líðan nemenda.

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla tekur undir mikilvæg kynfræðslu og leggur áherslu á að fræðsla um trans og hinseginleikann megi ekki gleymast í því samhengi. Þar er fræðsla til starfsfólks



ekki síður mikilvæg en fræðsla til nemenda. Góð þekking á trans og hinsegin málefnum almennt hefur áhrif á velferð nemenda allra skólastiga.

D.2. Geðrækt. Gæta skal að tilfinningalegri og félagslegri heilsu nemenda og því að efla aðstæður í daglegu lífi sem stuðla að sem bestri líðan. Sóknarfæri til að efla geðheilsu eru einna mest í æsku og því áhersla á að hlúa að þeim verndandi þáttum sem vega þyngst hvað geðheilsu varðar á æskuárunum.

og

D.3. Forvarnir. Á öllum skólastigum, skólagerðum og í frístundastarfi verður áhersla á forvarnir með kennslu og þjálfun í hegðunar-, félags- og tilfinningafærni til að styrkja nemendur. Þannig er einnig lagður grunnur að því að fyrirbyggja þróun óheilbrigðra samskipta og ofbeldis.

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla fagnar að í menntastefnu til 2030 er fjallað um geðrækt og forvarnir.

Í skýrslu starfshóps á vegum Landlæknis um innleiðingu geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi frá í október 2019 er lagðar fram tillögur sem stjórn fagdeildar sálfræðinga tekur heilshugar undir. Stjórnin hvetur stjórnvöld til að koma þeim aðgerðum sem starfshópurinn kallar eftir til framkvæmda.

E.1. Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa. Samstarf, skýr ábyrgð og samþætting innan og milli kerfa er rauður þráður menntastefnu. Heildstæð skólaþjónusta með áherslu á samábyrgð, stigskiptan stuðning í námi og stuðning við foreldra og starfsfólk skóla verður í forgrunni á öllum skólastigum. Við allan stuðning og íhlutun er mikilvægt að öll stuðningskerfi samfélagsins þjóni nemendum á heildstæðan hátt og grípi inn í eftir þörfum með samfelli í þjónustu mismunandi ábyrgðaraðila og fagstétta. Brýnt er að stjórnun og fagleg forysta sé markviss og samstarf innan menntakerfisins skilvirk.

Stjórn fagdeildar sálfræðinga við skóla fagnar áherslu á stigskiptan stuðning í námi (MTSS; multi-tiered systems of support). Stigskiptur stuðningur við nemendur kallar á skýra stefnu, skilgreind markmið og verklag og samræmd vinnubrögð innan skólasamfélagsins. Stigskiptur stuðningur er heilstæð stefna sem felur í sér aðkomu og þekkingu allra fagstétta innan skólanna. Mikilvægt er að efla þekkingu á stigskiptum stuðningi á öllum sviðum skólastarfsins og þverfaglegt samstarf.

Samhæfing þjónustukerfa er einkar mikilvægt. Þjónusta sem snýr að börnum er á hendi margra stofnana og aðila innan stjórnkerfisins. Aðkoma ólíkra aðila má ekki tefja þjónustu og samvinna milli stofnanna er lykilatriði. Skólar á mismunandi skólastigum eru ýmist á hendi sveitarfélaga, ríkis eða einkaaðilar. Gott upplýsingaflæði og samstarf þarf að vera á milli aðila. Ekki síður mikilvægt fyrir skólakerfið er samstarf við stofnanir á vegum sveitarfélaga og ríkis sem þjónusta börn. Efla þarf samstarf þessara stofnana við skólasamfélagið.

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar sálfræðinga við skóla og Sálfræðingafélag Íslands

Álfheiður Guðmundsdóttir
formaður fagdeildar sálfræðinga við skóla

Tryggvi Guðjón Ingason
formaður Sálfræðingafélags Íslands

Reykjavík, 8.mars 2021

Efni: punktar starfshóps um málstefnu fyrir ÍTM um þingsályktunartillögu um menntastefnu 2020–2030 - þingskjal 310-278. mál eftir fund með nefndinni 8.mars 2021.

Starfshópur um málstefnu íslensks tákn máls vill koma þeim ábendingum til nefndarinnar að ef til þess kemur að endurskoða eigi menntastefnu 2020-2030 – þingskjal 310-278. mál með hliðsjón af íslenska tákn málinu er mikilvægt er að leita til sérfræðinga og þeirra sem hafa þekkingu á íslenska tákn málið. Starfshópurinn hefur lokið vinnu við málstefnu íslensks tákn máls og komið því til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er nefndinni og þeim sem vinna með menntastefnunni velkomið að leita til hagsmunaaðila íslenska tákn málsins.

Fyrir hönd starfshóps málstefnu íslenska tákn málsins

Heiðís Dögg Eiríksdóttir
formaður
Félag heyrnarlausra



Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar

Mál: Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, 278. mál.

Sendandi: Félag náms- og starfsráðgjafa

Dagsetning: 3. desember 2020

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) fagnar tækifærinu að veit allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir árin 2020-2030.

FNS hefur ýmist haft forgöngu um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf innan og utan íslenska menntakerfisins hér á landi síðustu áratugi eða verið málsaðili með faglegri aðkomu. Margir áfangasigrar hafa náðst. FNS hefur auk þess lagt mikla áherslu á að stefnumótun í faginu fari fram hjá bæði löggjafar- og framkvæmdarvaldinu, sem og í einstaka stofnunum og einingum.

Skýrslan *Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi (2015)*¹ sem unnin var á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, hefur verið helsta vinnugagn FNS frá útgáfu hennar. Skýrslan slær ákveðinn grunntón og á margt líkt með annarri áralangri opinberri umfjöllun um fagið. FNS telur mjög mikilvægt að færa stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf á Íslandi af grunnstigi yfir á framkvæmdastig með skilgreindri aðgerða- og framvæmdaáætlun þar sem leiðarstef menntastefnunnar er fylgt og fagleg viðmið og gæðavísar í náms- og starfsráðgjöf settir fram. Með tilkomu nýrrar menntastefnu hyllir undir markvissa stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og eru þá stjórnvöld að slá sama takt og gerist á Norðurlöndum og í Evrópu.

Í ljósi þessarar áherslu FNS síðustu ár eru því eingöngu athugasemdir í þessari umsögn sem tengjast náms- og starfsráðgjöf.

Umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa

FNS bendir á að kafli um náms- og starfsráðgjöf er á röngum stað í skjalinu. Hann er birtur undir D. Vellíðan í öndvegi en á heima undir C. Hæfni fyrir framtíðna.

Rök: Í kafla um náms- og starfsráðgjöf í þingsályktunartillögunni er megináhersla lögð á hæfni einstaklinga. Í grundvallaratriðum felur náms- og starfsráðgjöf í sér aðstoð við einstaklinga á náms- og starfsferli þeirra. Vellíðan kemur þar vissulega að máli, en ekki með þeim hætti sem ætla mætti eins og aðrir liðir í D gefa til kynna.

Hér á eftir eru tillögur FNS að breytingum á orðalagi við einstaka greinar með rauðu lettri auk þess sem færð eru rök fyrir breytingum.

¹ https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaradunevti-media/media/ritogskyrslur/stefn_nams_starfsradgi_.pdf

B.3. Hæfniþróun fagstétta í skólastarfi.

Tryggt skal að hæfni- og þekkingarþróun verði skilgreind sem hluti af starfi kennara, skólastjórnenda og **annarra fagstétta** á öllum skólastigum til að hæfni sé í samræmi við breyttar þarfir og faglegt sjálfstæði þeirra....

Rök: Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin á grunn- og framhaldsskólastigi², er veitt í háskólum og er einnig hluti af framhaldsfræðslu. Aðrar fagstéttir en kennarar, stjórnendur og náms- og starfsráðgjafar eru einnig að störfum í skólakerfinu.

B.4. Lagarammi.

Til að nýta mannauð sem best og búa honum góð starfsskilyrði og vinnuumhverfi skal tryggja markvissa innleiðingu á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara, **náms- og starfsráðgjafa** og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Rök: Starfsheiti náms- og starfsráðgjafa er lögverndað³ og æskilegt er að sömu lög um menntun, hæfni og ráðningu gildi um náms- og starfsráðgjafa. En bæði í grunn- og framhaldsskólum eiga þar til bærir sérfræðingar með leyfisbréf til að bera starfsheitið náms- og starfsráðgjafar að sinna starfinu sbr. lög um bæði grunn- og framhaldsskóla.

C.4. Starfs-, iðn- og tækninám.

Hugvitsdrifið samfélag framtíðarinnar kallar á aukna áherslu á starfs-, iðn- og tækninám. Slíkt nám verður eftt með það að leiðarljósi að færni þróist í takt við þarfir samfélagsins og áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar. **Öllu ungu** fólki skal boðið upp á starfsnám við hæfi. **Grunnskólanemendur** fái kennslu í iðn- og tæknigreinum og **þeim veitt** innsýn í fjölbreytt starfs-, iðn- og tækninám á framhaldsskólastigi. **Náms- og starfsfræðsla verði með skipulögðum hætti** og nemendum kynntar námsleiðir sem bjóðast og starfsmöguleikar í kjölfar þeirra.

Rök: FNS leggur til að textinn „... óháð kyni..“ verði felldur brott af þeirri ástæðu að hér eiga fleiri breytur sem hafa ekki síður áhrif en kyn heima, t.d. uppruni, búseta, kyngervi og svo mætti lengi telja. Ef telja á upp eina breytu þá er það álit FNS að fleiri þurfi að vera með í þeirri upptalningu. Textinn í greininni er fremur óljós og leggur FNS því til þær breytingar á texta sem á eftir koma. Náms- og starfsfræðsla er sá farvegur sem best er til þess fallinn að kynna nemendum með skipulögðum hætti námsleiðir og starfsmöguleika í starfs-, iðn- og tækninámi, sem og aðra möguleika í námi og starfi. Náms- og starfsfræðals er bæði rannsóknarsvið og verkfæri sem styður við náms- og starfsþróun og eflir færni til að sjórna eigin náms- og starfsferli. Í ljósi þessa er það skoðun FNS að hefja þurfi náms- og starfsfræðslu til vegs og virðingar, finna henni stað í viðmiðunarstundaskrá og móta stefnu um fræðsluna. Eins og áður býður FNS fram sérþekkingu sína og fagmennsku í þá vinnu.

² [Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008](#), [lög um framhaldsskóla nr.91 2008](#) [lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010](#),

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009035.html>



FÉLAG NÁMS- OG STARFSRÁÐGJafa

D.4. Náms- og starfsráðgjöf.

Farsæll námsferill krefst þess að nemandinn taki upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um nám sitt út frá eigin áhugasviðum, styrkleikum og gildum. Náms- og starfsráðgjöf styður við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina ásamt hæfninni til að stýra eigin náms- og starfsferli í ljósi breyttra atvinnu- og samfélagshátta. Lögð er áhersla á að allir finni hæfni sinni farveg og tilgang með námi sínu, þannig má meðal annars draga úr brotthvarfi og styðja við atvinnuþátttöku. Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg **öllum**, á öllum skólastigum og **annars staðar í samfélaginu**, óháð aldri, búsetu **og öðrum aðstæðum**, og veitt af þar til bærum sérfræðingum.

Rök: FNS ítrekar að þessi kafli á heima undir *C. Hæfni fyrir framtíðina*. FNS sendi ítarlegarlega umsögn við þennan kafla í samráðsgátt stjórnvalda og er sú umsögn fylgiskjal hér. FNS telur að orðalagsbreytingar hnykki á að allir í samfélaginu óháð aldri og aðstæðum eigi rétt á og geti leitað eftir þjónustu náms- og starfsráðgjafa og stutt þannig við menntun alla ævi sbr. kafla C.8. í tillögunni. Náms- og starfsráðgjöf er veitt víða utan skólakerfisins, t.d. hjá Vinnumálastofnun og í starfsendurhæfingu auk þess sem framhaldsfræðslan veitir fólki á öllum aldri náms- og starfsráðgjöf.

f.h. Félags náms- og starfsráðgjafa

Helga Tryggvadóttir

s.862 2293

fnsstjorn@gmail.com, helga2202@gmail.com

Fylgiskjal 1.

Umsögn frá Félagi náms- og starfsráðgjafa vegna draga að menntastefnu til 2030.

Umsögn frá Félagi náms- og starfsráðgjafa vegna draga að menntastefnu til 2030.

Í eftirfarandi umsögn Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) er fjallað um það sem snýr að faginu sérstaklega.

A. Almennar athugasemdir

FNS fagnar því að fjallað sé sérstaklega um náms- og starfsráðgjöf í drögum að menntastefnu til 2030 en telur að til þess að þjónustan verði fullnægjandi og fagleg þurfi ákveðnar forsendur að vera uppfylltar:

1. Halda þarf áfram stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf alla ævi sem var á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins en hefur legið niðri frá árinu 2015¹.
2. Móta þarf ramma utan um starf náms- og starfsráðgjafa í formi heildstæðra náms- og starfsráðgjafaráætlana og reglugerða.
3. Tryggja þarf að farið verði að lögum hvað varðar náms- og starfsráðgjöf².
4. Tryggja þarf að nemendafjöldi á hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa verði ásættanlegur, þar er miðað við 300 nemendur á stöðugildi.
5. Skilgreina þarf náms- og starfsfræðslu sem námsgrein, gefa út námskrá og setja fagið á viðmiðunarstundaskrá í grunnskólum. Einnig þarf að tryggja náms- og starfsfræðslu í framhaldsskólum. Til eru fyrirmyndir sem líta má til, t.d. norska námskráin í náms- og starfsfræðslu³.
6. Gefa þarf út efni til kennslu í náms- og starfsfræðslu.
7. Upplýsingaveita og rafræn náms- og starfsráðgjöf þarf að vera viðbót við þá þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita⁴.
8. Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg öllum.

Allt ofantalið rúmast í **stefnu um náms- og starfsráðgjöf** sem félagið hvetur eindregið til að haldið verði áfram að vinna og býður jafnframt fram krafta sína og fagþekkingu í þá vinnu.

B. Kafli A. Framúrskarandi kennsla og stjórnun menntastofnana

Í þessum kafla þarf að huga að náms- og starfsráðgjöfum ekki síður en kennurum og stjórnendum. Ekki síst í ljósi þess að lög sem kveða á um að nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf eru ekki að

¹ Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi (2015)

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskvslur/stefn_nams_starfsradgi.pdf

² Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, lög um náms- og starfsráðgjafa nr35/2009.

³ <https://www.udir.no/lk20/utv01-03>

⁴ Greinar í Gátt um náms- og starfsráðgjöf á netinu í Noregi <https://gatt.frae.is/2020/nordmenn-gerdu-thad-hvert-stefnum-vid/>

fullu uppfyllt þar sem margir nemendur hafa ekki aðganga að þjónustunni. Einnig má nefna að náms- og starfsráðgjafar eru lykilstarfsmenn skóla þegar kemur að brotthvarfi úr námi.

C. Kaflinn Starfs-, iðn- og tækninám

Í kaflanum *Starfs-, iðn- og tækninám* leggur FNS til að niðurlagið verði:

„Námsskrá í náms- og starfsfræðslu tryggir að nemendur fái markvissa náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum sem felur meðal annars í sér fræðslu um nám, námsleiðir, störf og vinnumarkað. Brýnt er að bæta umgjörð um vinnustaðanám og starfsþjálfun til þess að stuðla að skilvirkari samskiptum, samfelli og skýrari framvindu í námi starfsnámsnema.“

D. Kaflinn Ráðgjöf um nám- og störf alla ævi

FNS leggur til nokkrar breytingar á kaflanum *Ráðgjöf um nám- og störf alla ævi*. Fyrst skal nefna að náms- og starfsráðgjöf er tiltekin í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og því telur FNS mikilvægt að kaflinn *Ráðgjöf um nám og störf alla ævi* fái heitið *Náms- og starfsráðgjöf alla ævi*, sem er einnig í takt við skýrslu sem unnin var á vettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins⁵.

Náms- og starfsráðgjöf alla ævi

„Farsæll námsferill krefst þess að nemandinn taki upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um nám sitt út frá eigin áhugasviðum, styrkleikum og gildum. Náms- og starfsráðgjöf styður við stöðuga starfsþróun einstaklinga út starfsævina ásamt hæfninni til að stýra eigin náms- og starfsferli í ljósi breyttra atvinnu- og samfélagshátta. Með stefnu í náms- og starfsráðgjöf er lögð áhersla á aðgengi, samfelli og samlegð í þjónustunni með það að markmiði að einstaklingar finni færni sinni og hæfni farveg og tilgang með námi sínu og dragi þannig úr brotthvarfi og styðji við atvinnuþátttöku.

Með markvissri fræðslu og ráðgjöf um nám og störf eykst vellíðan í námi og skuldbinding gagnvart námi og skóla. Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg öllum og veitt af þar til bærum sérfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum. Það er ekki síst mikilvægt á tímum sjálfvirknivæðingar/4. lðnbyltingarinnar. Þá er mikilvægt að fullorðið fólk á vinnumarkaði geti fengið náms- og starfsráðgjöf við hæfi.

Áhersla er lögð á gæði ráðgjafar með tilkomu stefnu í náms- og starfsráðgjöf, heildstæðra náms- og starfsráðgjafaráætla, námsskráa, gæðavísa og aðgengis að stafrænum náms- og starfsupplýsingum. Náms- og starfsfræðsla er mikilvæg á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu. Tryggja þarf jafnan rétt nemenda með því að innleiða námskrá í náms- og starfsfræðslu og að fagið verði sett á viðmiðunarstundaskrá. Með auknu aðgengi að miðlægum upplýsingum um nám og störf verður hægt að skerpa á markmiðum og leiðum einstaklinga, finna hæfileikum og styrkleikum farveg og auka tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Með stefnu í náms- og starfsráðgjöf er hægt að tryggja að samfella verði í þjónustu þvert á menntakerfi og atvinnulíf og auki þannig líkur á farsælli yfirfærslu frá menntun til vinnumarkaðar, frá æsku til fullorðinsára. Þannig skapast jafnframt aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Mikilvægt er að efla útgáfu íslensks efnis til notkunar í náms- og starfsfræðslu, það styður við sjálfstæði einstaklings í náms- og starfsvali. Ævilöng náms- og starfsráðgjöf þarf að vera sýnileg og

⁵ Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi (2015)
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/stefn_nams_starfsradgi_.pdf

aðgengileg óháð búsetu eða öðrum forsendum og er rafræn ráðgjöf og miðlægur upplýsingavettvangur þar mikilvægur þáttur“.

E. Greinargerð með kaflanum Ráðgjöf um nám- og störf alla ævi

FNS leggur til að heiti kafla **10 Ráðgjöf um nám- og störf alla ævi** verið **10. Náms- og starfsráðgjöf alla ævi**. Auk þess eru ýmsar athugasemdir varðandi innihald kaflans og fylgir hann hér með breytingum:

10. Náms- og starfsráðgjöf alla ævi

Náms- og starfsráðgjöf snertir fleti alls samfélagsins í gegnum uppbyggingu færni, menntunar, atvinnu og samfélags. Framlag náms- og starfsráðgjafar felst í því að styðja við stefnu stjórnvalda á sviði menntunar og efnahags með því að aðstoða einstaklinga og heildir til þátttöku í lýðræðissamfélagi og gæta að félagslegu réttlæti. **Til að svo megi verða er mikilvægt að unnið sé eftir heildstærðri stefnu í náms- og starfsráðgjöf.**

Náms- og starfsráðgjöf grundvallast á rannsóknum, fagmennsku og verkfærum fagsins þegar kemur að vali á leiðum til að draga úr brotthvarfi, stuðningi við einstaklinga og náms- og starfsfræðslu. **Með heildstærðri stefnu í náms- og starfsráðgjöf er lögð áhersla á aðgengi, samfellu og samlegð í náms- og starfsráðgjöf og séð til þess að tilfærsla einstaklings á milli kerfa, menntunar og vinnumarkaðar verði sem farsælust.** Náms- og starfsráðgjöf á að vera aðgengileg öllum og veitt af þar til bærum sérfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum samanber löggjöf um grunn- og framhaldsskóla, **framhaldsfræðslu og náms- og starfsráðgjafa.**

Náms- og starfsfræðsla gerir það að verkum að einstaklingur er upplýstari um valkosti í námi og starfi og geti samræmt það áhugasviði sínu og eflingu færni, **því er mikilvægt að náms- og starfsfræðsla verði skilgreind sem námsgrein með námskrá og fái rými í viðmiðunarstundaskrá.** Starfahugsun barna og ungmenna myndast snemma og því er mikilvægt að efla útgáfu íslensks efnis til notkunar í náms- og starfsfræðslu. Lögð verði áhersla á uppbyggingu á vef- og upplýsingatækni til miðlunar upplýsinga sem efla starfahugsun. Með tilkomu stafrænna miðla og stafrænnar náms- og starfsráðgjafar eykst aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Einnig skapast aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Íslenskt samfélag þarf á öllum einstaklingum að halda til að takast á við áskoranir. Brotthvarf nemenda er íslensku samfélagi dýrt þar sem framlag einstaklings tapast og hæfni og færni nýtur sín ekki sem skyldi. Náms- og starfsráðgjöf er hluti af **menntakerfinu** og beitir skilvirkri aðferðafræði náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu sem lið í því að draga úr brotthvarfi úr námi. Með færni í að stýra eigin náms- og starfsferli, auknu aðgengi að náms- og starfsupplýsingum og aðgengi að ráðgjöf er stuðlað að því að einstaklingur finni sinn farveg **í námi og starfi.** **Með heildstærðri stefnu í náms- og starfsráðgjöf er hægt að tryggja að samfella verði í þjónustu þvert á menntakerfi og atvinnulíf og auki þannig líkur á farsælli yfirfærslu frá menntun til vinnumarkaðar, frá æsku til fullorðinsára.** Þannig skapast jafnframt aukin tækifæri til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar á sviði **náms- og starfsráðgjafar.**

Fjármunum er ráðstafað á skilvirkan hátt í nánú samstarfi ólíkra aðila. Fjárfesting í heildstærðu náms- og starfsráðgjafarkerfi skilar sér ekki aðeins í eflingu náms- og starfsráðgjafar í þágu einstaklinga og samfélagsins heldur einnig í skilvirkni og samlegðaráhrifum á velsæld íslensks samfélags, samkeppnishæfni landsins og framúrskarandi menntakerfi.

Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf er verkefni sem þarf að koma í framkvæmd svo markmið stjórnvalda um eflingu náms- og starfsráðgjafar nái fram að ganga. Skilgreina þarf verkefni náms- og starfsráðgjafar með áherslu á náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu. Koma þarf á



FÉLAG NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

heildstæðum náms- og starfsráðgjafaráætlunum sem væru í umsjón náms- og starfsráðgjafa og að nemendafjöldi á stöðugildi verði ásættanlegur (300 nemendur). Með setningu reglugerðar um starf náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum gæti þessu markmiði verið náð, auk þess sem málefni fagsins þurfa að tilheyra ákveðinni skrifstofu eða skipulagsheild á vegum ráðuneytisins.

f.h. Félags náms- og starfsráðgjafa

Helga Tryggvadóttir, formaður.

fnsstjorn@gmail.com, helga2202@gmail.com

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2020.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030. 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 310 – 278. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar áformum um menntastefnu til ársins 2030 og getur félagið tekið undir marga þætti sem koma fram í tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030. Félagsráðgjafafélag Íslands vill þó benda á mikilvægi faglegs stuðnings á öllum skólastigum sem byggir á heildarnálgun, viðeigandi farvegi og félagsráðgjöf í skólastarfi.

Í ljósi þeirra áherslna sem fram koma í drögum að tillögunni til þingsályktunar um jöfn tækifæri allra til náms vill félagið benda á mikilvægi þess að bæta faglega þjónustu við nemendur á öllum skólastigum með því að tryggja aðgang að félagsráðgjöf. Þar má sérstaklega nefna þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu s.s. vegna námsörðugleika og jaðarstöðu í félagahópnum sem tengist fátækt og einelti, menningarmun eða vegna áfalla í fjölskyldu, svo sem skilnaðar og andláts. Þannig verði félagslegum og persónulegum vanda nemenda sinnt á markvissari hátt í gegnum kerfasamstarf við aðrar velferðarstofnanir um leið og unnið er að forvörnum. Aukið fagafl innan skóla myndi auk þess léttu álagi á kennurum og gera þeim kleift að einbeita sér að kennslu. Með auknum fagstyrk innan skóla er jafnframt komist nær því að tryggja þau mannréttindasjónarmið að allir fái jöfn tækifæri til náms.

Ályktunum af niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförunum árum ber saman um mikilvægi þess að endurskoða þurfi faglegt umhverfi skólans, hlutverk kennarans og breyttar fjölskylduaðstæður skólabarna með hliðsjón af gjörbreyttu samfélagi síðsam tímans. Nokkrar fagstéttir hafa komið til liðs við hefðbundið starfslið skólans á síðustu árum. Það er þó ekki í þeim mæli sem þörf er á og stenst ekki samanburð við nágrannalönd okkar.

Án aðkomu fleiri fagstétta innan skóla má ætla að álag á kennara verði óbreytt um leið og starfsþreyta, brotthvarf frá starfi og mönnunarskortur eykst. Það leysir ekki vandan að vísa málum til félagsþjónustu og barnaverndar, heldur þurfa að vera starfandi innan skólans fagaðilar, meðal annars skólafélagsráðgjafar, sem eiga lipurt samstarf við önnur kerfi velferðarsamfélagsins, hafa þekkingu á löggjöf og leiðum til að koma málum í viðeigandi farveg og fylgja þeim eftir í samráði og tengslum við foreldra, kennara og skólastjórnendur. Slíkt samstarf og mótun nýrra lausna er líklegt til að efla námsgetu og stuðla að raunverulegri velferð og vellíðan skólabarnsins. Jafnframt dregur það úr álagi á kennara og brotthvarfi nemenda úr námi.

Á grundvelli þeirrar vitneskju sem fengist hefur á sviði rannsókna sýna niðurstöður að aukið fagafl innan skóla ásamt kerfasamstarfi kringum barn í vanda og fjölskyldu þess sé forsenda þess að draga úr álagi á kennara og efla fjölfaglegt samstarf innan skóla

sem gerir skólafólki kleift að efla námsumhverfið og sinna velferð og vellíðan hvers skólabarns.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður

Umsögnin var unnin í samstarfi við Fagdeild á fræðslu- og skólasviði innan Félagsráðgjafafélags Íslands.


Ábending vegna draga að menntastefnu

Fyrirliggjandi drög að menntastefnu eru um margt metnaðarfull. Það vekur þó athygli að ekki er að því er virðist á neinn hátt vikið að þeim mikla og vaxandi kynjahalla sem er í menntakerfinu. Sá halli kemur m.a. þannig fram að piltum gengur að jafnaði verr í skóla, brottfall þeirra er meira en stúlkna og að allt of hátt hlutfall þeirra mælist með dapra kunnáttu í grundvallargreinum eins og lestri. Ein afleiðingin er að helmingi lægra hlutfall pilta en stúlkna hefur náð að ljúka háskólaprófi undanfarin ár. Það er vitaskuld óásættanlegt að menntakerfið komi svo illa til móts við þarfir helmings þjóðarinnar.

Skýringar þessa eru vitaskuld flóknar og verður ekki reynt að rekja þær hér. Þó verður að nefna hve óheppilegt hlýtur að vera að piltar sjá fáa karla sem fyrirmyndir innan menntakerfisins. Þannig eru karlar innan við 10% starfsmanna leikskóla og innan við 20% kennara í grunnskólum. Þannig gæti piltur hæglega lokið bæði leikskóla og grunnskóla án þess að hafa nokkurn tíma karl sem kennara nema e.t.v. í leikfimi.

Í ljósi þessa hvet ég til þess að í menntastefnunni verði lögð áhersla á að taka á vanda pilta í menntakerfinu þannig að það nýtist þeim jafnvel og bekkjarsystrum þeirra. Raunar ætla ég að leyfa mér að fullyrða að það sé mikilvægasta áskorunin sem kerfið stendur frammi fyrir.

Seltjarnarnesi, 3. desember 2020



Gylfi Magnússon, prófessor



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og
menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3.12. 2020

**Efni: Umsögn Hagfræðistofnunar um tillögu til þingsályktunar
um menntastefnu fyrir árin 2020-2030.**

Í lið E. 7 segir að lögð verði áhersla verði lögð á skilvirka ráðstöfun fjármuna. Í greinargerð segir að gerð sé krafa „um að ... fjárfesting [í menntun] nýtist vel... og tryggt sé að þróun menntakerfis mæti þörfum samfélagsins.“ Þetta er gott markmið, en ekki er ljóst hvort allt annað í tillögunni er í samræmi við þetta. Í lið B.1 segir til dæmis að lögð verði áhersla á kennaramenntun og nýliðun. Í greinargerð segir: „Mótaðar verða leiðir til að koma í veg fyrir kennaraskort, meðal annars með fullnægjandi nýliðun.“ Í þessu sambandi má minna á að í athugun sem gerð var fyrir nokkrum árum á vegum sérfræðingahóps sem meta skyldi færni og menntunarpörf á vinnumarkaði kom fram að árið 2017 unnu um 66% af fólki með kennaramenntun eða nám í menntunarfræðum að kennslu. Hlutfallið hafði verið nokkuð stöðugt frá 2008.¹ Getur verið að vandinn sé ekki endilega að skortur sé á fólki með kennaramenntun, heldur að fólk með kennaramenntun skili sér ekki í kennslu? Ef sú skýring er rétt kann það að vera betri meðferð á fjármunum hins opinbera að hækka kennaralaun en að útskrifa fjölda kennaraefna sem eiga síðan eftir að sinna öðrum störfum.

Vaxandi atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra veldur áhyggjum. Menntamálayfirvöld í grannlöndum hafa brugðist við því með því að takmarka aðgang að öllum námsbrautum háskóla og láta til dæmis einkunn á stúdentsprófi skera úr um rétt til náms. Hér á landi er fjöldi nemenda takmarkaður í sumum námsgreinum, en það hefur fremur verið á forsendum einstakra fagstétta en á grundvelli heildstæðs mats á þörfum samfélagsins fyrir fólk með tiltekna menntun. Námsmenn vilja hafa sem mest svigrúm til þess að velja námsbraut, en auðvelda mætti þeim valið með því að dreifa upplýsingum um atvinnuástand og laun í hverri fagstétt til nýstúdenta og þeirra sem ljúka prófi í grunnskóla. Ekki getur verið skynsamlegt að fólk eyði mörgum árum í nám sem ekki veitir þá vinnu eða laun sem vonast var eftir.

Sigurður Jóhannesson.

¹ Sigurður Björnsson, 2018, Greinin á menntun, starfstéttum og atvinnugreinum á vinnumarkaði – stöðumat, útg. Hagfræðistofnun, bls. 27. Sjá <http://www.hhi.hi.is>.

Þingsályktunartillaga um menntastefnu til 2030

Umsögn Háskóla Íslands

Háskóli Íslands fagnar því að fram sé komin yfirgripsmikil þingsályktunartillaga frá mennta- og menningarmálaráðherra sem beinir sjónum að mikilvægi menntunar fyrir íslenskt samfélag. Í þessari umsögn er fjallað um aðild Háskóla Íslands að menntastefnu stjórnvalda og ýmis sóknarfæri sem tengjast þeim markmiðum sem sett eru fram í tillögunni.

Almenn atriði

Þau gildi sem menntastefnan byggist á samræmast vel grunngildum Háskóla Íslands sem eru samkvæmt stefnu skólans, Stefnu Háskóla Íslands 2016-2021, *HÍ 21*, jafnrétti, fagmennska og akademískt frelsi. Þær fimm stoðir sem menntastefnan 2020-2030 byggist á eru í mjög góðu samræmi við áherslur Háskóla Íslands. Háskólinn hefur ávallt sett sér metnaðarfull markmið sem tengist kjarnastarfsemi á sviði rannsókna, kennslu og virkrar þátttöku í samfélagi. Lögð hefur verið áhersla á:

- Rannsóknir og nýsköpun á alþjóðlegu samkeppnisstigi
- Gæðamenntun fyrir háskólanema og alþjóðleg gæðatrygging
- Hlutverk háskólans að vernda og efla íslenska tungu og íslenska menningu
- Ævilangt nám og menntun fyrir alla, mismunandi leiðir að háskólamenntun
- Fjölbreytt menntasamfélag

Ofangreind atriði eru á meðal áhersluatriða Háskólans en þennan lista mætti lengja verulega enda er mikill samhljómur með *HÍ 21* og þingsályktunartillögu um menntastefnu til 2030. Háskólinn vinnur nú að nýrri stefnu fyrir árin 2021-2026, *HÍ 26*, og mun tillagan um menntastefnu til 2030 verða á meðal þeirra gagna sem rýnd verða í stefnumótunarvinnunni.

Háskóli Íslands mun stuðla að framgangi menntastefnunnar til 2030 með ýmsum hætti. Ber þar fyrst að nefna kjarnastarfsemi skólans, rannsóknir og kennslu. Með alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og rannsóknum sem standast alþjóðlegar gæðakröfur eflir Háskólinn menntun í landinu á öllum stigum. Þá hefur skólinn lagt sífellt meiri áherslu á nýjungar í kennslu og fjölbreyttari kennsluhætti sem seytla út í samfélagið. Hér má nefna nýja áherslu skólans á rafræna kennsluhætti. Mikilvægt er við innleiðingu menntastefnunnar til 2030 að meta hvernig megi auka samfellu í nýtingu upplýsingatækni milli ólíkra skólastiga, t.d. við notkun námsumsjónarkerfa og rafrænna prófakerfa. Háskólinn hefur lagt aukna áherslu á gæði náms og kennslu, og gæðaeftirlit á öllum stigum starfseminnar. Í stefnu Háskólans er einnig lögð rík áhersla á mismunandi leiðir til háskólanáms og að laða nemendur með fjölbreyttan bakgrunn til háskólanáms. Í þingsályktunartilögunni mætti athuga að nota orðalagið „nemendur með ólíkan bakgrunn“ t.d. í A.3. Í þessu samhengi má nefna ný áhersluverkefni Háskóla Íslands á

borð við Sprett, og Menntaverðlaun Háskóla Íslands. Þá hefur Háskóli Íslands lagt áherslu á að skilja aðstæður flóttafólks m.a. með því að skapa sérþekkingu innan skólans á því með hvaða hætti prófgráður flóttafólks eru metnar.

Lagarammi

Í greinargerð er fjallað sérstaklega um innleiðingu á nýjum lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Hér er tekið undir mikilvægi þess að hlúa vel að hæfni og menntun kennara og skólastjórnenda og hefur innleiðing þeirra laga staðið yfir síðustu misserin. Stjórnvöld móta stefnu um menntakerfi með lögum og reglugerðum og má í því sambandi nefna lög um leikskóla, lög um grunnskóla, lög um framhaldsskóla og æskulýðslög. Við endurskoðun og mótun þessara mikilvægu lagabálka sem og námskráa þarf að fara fram víðtækt samráð hagsmunaaðila og rétt að kalla að borðinu fagfólk og fræðimenn á sviði menntunar. Um þessar mundir er verið að endurskoða lög um opinbera háskóla. Rétt er að benda á að ekki er langt síðan að róttækar breytingar urðu á námskrá framhaldsskóla sem leiddu til mikillar fjölbreytni í námsleiðum innan skólanna og kröfum þeirra til stúdentsprófs. Í kjölfarið varð sú breyting að framhaldsskólinn var stytur um eitt ár. Greining á áhrifum þessara umfangsmiklu breytinga hefur ekki farið fram. Háskólinn telur mikilvægt að sú greiningarvinna fari fram áður en ráðist verði í frekari breytingar á inntökuskilyrðum háskólanna (sjá umsögn Háskóla Íslands um „Frumvarp um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008“).

Samskipti við fyrri skólastig

Í þingsályktunartillögu að menntastefnu til 2030 er rík áhersla lögð á að efla menntun á fyrri skólastigum, allt frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Háskóli Íslands hefur lagt ríka áherslu á gott samstarf við fyrri skólastig með reglulegum samráðsfundum og með ýmsum úrræðum sem ætluð eru til að kynna háskólanám fyrir nemendum á fyrri skólastigum. Háskóli Íslands vill í þessu samhengi nefna brýna nauðsyn þess að skoða aðstæður drengja sérstaklega við mótun menntastefnu til 2030. Hlutfall drengja í námi við Háskóla Íslands hefur lækkað mikið á undanförunum áratugum og eru þeir nú í miklum minnihluta þar. Til að rétta við þennan halla er afar brýnt að skoða námsaðstæður og námsframvindu á fyrri skólastigum.

Háskóli Íslands ber ábyrgð á menntun stærsta hluta þess fagfólks sem kemur að menntun nemenda á yngri skólastigum og er hér í framhaldinu vikið að nokkrum atriðum sem snerta þann þátt sérstaklega.

Öflug kennaramenntun og margþætt tenging við menntasamfélagið

Háskóli Íslands skipuleggur menntun kennara á öllum skólastigum og fer það nám fram á Menntavísindasviði en einnig í samstarfi við önnur fræðasvið þegar kemur að menntun faggreinakennara á framhaldsskólastigi. Við sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands árið 2008 var stefnan sett á að flytja Menntavísindasvið á aðalsvæði Háskóla Íslands. Ein þyngstu rökin fyrir sameiningu KHÍ og HÍ voru þau að nauðsynlegt væri að efla samstarf um faggreinakennslu í kennaramenntun. Þetta hefur ekki tekist nema að takmörkuðu leyti. Mikil áhersla er innan vísinda og háskóla á þverfræðilegar rannsóknir og er áriðandi að flytja Menntavísindasvið á aðalsvæði háskólans til að efla tengslanet rannsakennda og skapa gróskumikið rannsóknarumhverfi. Búið er að vinna frumathugun á húsnæðisþörfum sviðsins þar sem eindregið er mælt með nýju húsi fyrir MVS á Vatnsmýrarsvæðinu. Háskóli Íslands treystir á stuðning stjórnvalda í þessu mikilvæga máli.

Nýliðun kennara

Stjórnvöld hafa verið leiðandi í sértækum aðgerðum til að efla nýliðun kennara, s.s. með styrkjum til kennaranema og samkomulagi um launað starfsnám á lokaári kennaranáms. Þær aðgerðir hafa þegar skilað verulegum árangri, en um 38% fjölgun hefur orðið á nemendafjölda Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sl. tvö ár. Eitt leyfisbréf til kennslu var sett á með nýjum lögum 1. janúar 2020 og mun koma í ljós á næstu misserum hvaða áhrif sú breyting hefur á nýliðun og þróun kennarastarfsins. Háskólar endurskoða um þessar mundir kennaramenntun í ljósi nýrra laga og leggja kapp á samstarf við skólasamfélagið. Ástæða er til að ítreka þá alvarlegu stöðu sem uppi er í leikskólum landsins, en talið er að um 1200 leikskólakennara vanti til starfa. Eru því stjórnvöld eindregið hvött til að líta til þess í innleiðingu menntastefnu og í aðgerðaráætlun, m.a. með sértækum aðgerðum svo sem stuðningi við fagháskólanám í leikskólafræðum, innleiðingu á raunfærnimati og með átaki til að mennta þá fjölmörgu starfsmenn leikskóla af erlendum uppruna sem starfa í leikskólum landsins.

Gæði og árangur menntunar

Rík áhersla er í þingsályktunartillögum lögd á skilvirkni og mælingar á árangri menntunar. Traust og frelsi til athafna er kennurum mikilvægt, hvort sem um er að ræða þróun námsmats, nýtingu gagna og mælinga, starfsþróun eða starfshætti. Stjórnvöld leggja línur, veita aðhald og dýrmætan stuðning. Kennarar og stjórnendur verða ávallt að skynja traust í sinn garð og fá hvatningu með framúrskarandi stuðningi og starfsumhverfi. Fyrst og síðast er þróun kennsluhátta, námsmats og starfsþróunar byggð á ígrundun kennara í eigið starf í kröftugu lærdómssamfélagi. Varast ber oftrú á ytri mælikvarða sem varpa ljósi á afmarkaða þætti skólustarfs. Það þarf líka að horfa til þeirra þátta sem ekki verða mældir heldur fremur *metnir* af því hvernig einstaklingnum gengur að lifa og starfa í samfélagi við aðra, byggja upp traust og trúnað, sýna væntumþykju og virðingu. Hér er því hvatt til þess að kennurum og öðru fagfólki á sviði menntunar sé treyst til að leiða þær menntaumbætur sem þörf er á hverju sinni, þótt slíkar umbætur byggist ávallt á ríkri samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld.

Samstarf um menntun

Háskóli Íslands fagnar þeim áherslum sem fram koma í menntastefnu til 2030 á samstarf og samþættingu þjónustu. Heildstæð sýn á menntun og samstarf ólíkra fagstétta er kjarninn í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar. Fagfólk á sviði menntunar færir í sífellu út landamæri þekkingar og í þverfaglegu samstarfi á sér stað mikilvægur lærdómur, sem ýtir undir sameiginlegan skilning á því hvað og hvernig einstaklingar læra, hvernig manneskjur þroskast og hvernig styrkleikar þeirra í námi og leik fá notið sín. Í innleiðingu menntastefnunnar mun skipta miklu að virkja til samstarfs þær ólíku fagstéttir sem styðja við skóla margbreytileikans. Þverfaglegt samstarf er lykill að því að stuðla að velferð og vellíðan nemenda. Rannsóknir sýna að fyrir börn sem standa höllum fæti skiptir öllu að kennarar, starfsfólk í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, náms- og félagsráðgjafar, uppeldis- og menntunarfræðingar, skólasálfræðingar og annað starfsfólk stoðþjónustu vinni saman að því að tryggja velferð þeirra.

Menntarannsóknir

Menntakerfi, líkt og samfélagið sjálft, mótast af öflum sem stundum eru dulín og þarf að draga fram í dagsljósið. Rannsóknir á ólíkum menntakerfum og tengslum þeirra, á kennsluháttum, fagmennsku, árangri og félagslegum

aðstæðum, svo nokkur dæmi séu tekin, skipta miklu máli til að renna styrkari stoðum undir þá flóknu félagslegu ferla sem styðja við nám og þroska. Slikar rannsóknir þurfa að vera þverfræðilegar, vandaðar og taka til ólíkra viðfangsefna og aðferðafræðilegra sjónarhorna. Menntarannsóknir hér á landi hafa eflst verulega sem má m.a. ráða af því að Háskóli Íslands komst á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla í heimi á sviði menntavísinda árið 2019. Fræðimenn á sviði menntavísinda starfa bæði með innlendum og alþjóðlegum samstarfsaðilum um framkvæmd og miðlun rannsókna. Erfitt hefur þó reynst að fjármagna rannsóknir á skólastarfi og kennsluháttum, þ.e. hagnýtar rannsóknir sem unnar eru í nánu samstarfi við fagfólk og menntastofnanir. Því ber að fagna að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 sé gert ráð fyrir 80 m.kr. í hagnýtan menntarannsóknasjóð.

Fjármögnun til menntunar

Tryggja þarf að framlög til Háskóla Íslands nái meðaltali Norðurlanda, en enn vantar töluvert upp á það. Þrátt fyrir það hefur háskólinn sýnt sig og sannað sem alþjóðlegur rannsóknarháskóli á heimsmælikvarða sem skapar þekkingu og undirbýr nemendur til virkrar þátttöku í nútímasamfélagi.

Á stöku stað eru kaflaheiti í menntastefnunni ógagnsæ. Þannig er B.2. undir heitinu „Þekking og hugrekki“ og er sú samsetning óvenjuleg. Af skýringu að dæma virðist átt við „Þekkingu og áræðni“ eða jafnvel „Þekking, ábyrgð og áræðni“.

Að lokum er heils hugar tekið undir þau orð í greinargerðinni að „menntun er lykill að tækifærum framtíðar og eitt helsta hreyfiafl samfélaga og velsæðar mannkyns“. Mikilvægt er að efla samstarf allra skólastiga til að ná markmiðum menntastefnu 2020-2030.

Virðingarfyllst,


Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands



Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dags.: 24. nóvember 2020
2011076 MJN

Efni: Umsögn um menntastefnu 2020-2030

Háskólinn á Bifröst fagnar þingsályktunartillögu menntamálaráðherra um menntastefnu fyrir 2020 til 2030. Stefna þessi rímar vel við sýn Háskólans á Bifröst og það að stafræn tilvera sé tiltekin í frumvarpinu er sérstakt ánægjuefni. Menntastefnan áréttar því mikilvægi öflugs fjarnáms sem tryggir menntun um allt land.

Fram kemur í menntastefnunni að menntun fyrir alla og jafnræði skipti miklu máli. Það er því er gleðilegt að stefnan skuli leggja áherslu á mikilvægi þess að meta menntun innflytjenda og flóttafólks til að þeirra þekking nýtist þeim og samfélaginu sem best.

Fyrir hönd Háskólans á Bifröst,

Margrét Jónsdóttir Njarðvík
rektor

18. janúar 2021

Umsögn Heimis – félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ um þingsályktunartillögu um menntastefnu 2020-2030.

Ný tillaga að menntastefnu til ársins 2030 kemur inn á marga mikilvæga þætti, en þó telur Heimir – félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ hana ábótavant. Aðrir hafa minnst á það að í menntastefnunni er ekki minnst á fjármálalæsi, og vill Heimir taka undir þær ábendingar. Þó vill félagið sérstaklega benda á það að í þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030 er ekki minnst einu orði á slæma stöðu drengja í íslenska menntakerfinu.

Samkvæmt niðurstöðum PISA 2018 geta 34,2% drengja sem hafa útskrifast úr grunnskóla ekki lesið sér til gagns, sem er nánast tvöfalt hærra en 18,7% hjá stúlkum, og er markviss hækkun um 10% síðan mælt var árið 2009. Ísland er eina landið á Norðurlöndunum þar sem drengir eru á eftir stúlkum í öllum mældum greinum í PISA.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) árið 2018 finnast íslenskir drengir þeir fá verri stuðning frá kennurum sínum en íslenskar stúlkur finnast þær fá. Íslenskum drengjum líður einnig verr í skólanum en íslenskum stúlkum.

Samkvæmt skýrslu mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólahlads í grunnskólum skólaárin 2010-2016 standa drengir sig verr í samræmdum prófum en stúlkur, og munurinn á kynjunum eykst því lengur sem dregur á skólagöngu þeirra.

Hlutfall karlkyns nemenda í Háskóla Íslands er aðeins u.þ.b. 32% og hefur það hlutfall farið markvisst lækkandi á síðustu árum. Innritun kvenna í háskólanám á Íslandi er við meðaltal OECD en innritun karla er sú lægsta á öllum OECD löndunum.

Samkvæmt samantekt úr Education at a Glance 2018, skýrslu OECD um menntatölfræði er verulegur og viðvarandi kynjahalli í kennarastéttinni, og kynjamunurinn í menntakerfinu konum í hag. Í henni kemur einnig fram að á Íslandi eru fleiri karlar án framhaldsskólamenntunar á aldrinum 25-34 ára en í flestum öðrum vestrænum ríkjum, en um **24%** karla á þessum aldri hafa ekki lokið námi eftir grunnskóla en hlutfallið er 15% fyrir konur. Þetta er þrefallt meiri munur en í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Einnig finnst okkur vert að benda á hversu hátt greiningarhlutfall íslenskra drengja er miðað við aðrar þjóðir, en samkvæmt Evrópumíðstöðinni um nám án aðgreiningar hafa íslenskir drengir langhæsta greiningarhlutfallið í Evrópu, eða 10,9%. Greiningarhlutfallið meðal íslenskra stúlkna er einnig hæst í Evrópu, en það er þó helmingi minna en hlutfallið meðal drengja, eða 5,5%. Greiningar meðal bæða drengja og stúlkna á Íslandi eru tvöfalt hærri en í Noregi og Finnlandi, og meðal drengja er það 18 sinnum hærri en í Svíþjóð.

Af þessum ástæðum finnst okkur mikilvægt að Menntastefnan til ársins 2030 minnst á þessa slæma stöðu drengja og að unnið verði að lausnum við henni í samráði við okkar helstu sérfræðinga á sviði menntunar og kennslufræða. Þetta virðist vera séríslenskt vandamál og því mikilvægt að við tökumst á við það, svo að Ísland geti verið leiðtogi á sviði menntunar líkt og það er á svo mörgum öðrum sviðum.

Við óskum eftir því að fylgja þessari umsögn eftir þegar hún fer fyrir nefnd.

Virðingarfyllst,

Stjórn Heimis – félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ

Reykjavík 3. desember 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu árin 2020–2030

Hér á eftir fer umsögn sem undirritaður, framkvæmdastjóri IÐMENNTAR ses. (kt. 501083-0389) sem einnig er rekstrarfélag IÐNÚ útgáfu, gerir við ofangreinda tillögu um menntastefnu árin 2020–2030. Umsögnin er efnislega samhljóða fyrri umsögn, dagsettri 3. mars 2020, sem var send inn í samráðsgátt stjórnvalda þegar drögin að þessari stefnu voru kynnt. Athugasemdir okkar og ábendingar eru því hér með sendar aftur og afstaða okkar ítrekuð.

A.1. Nám við allra hæfi

Eins og staðan er núna má segja að jöfn tækifæri til menntunar séu ekki til staðar á framhaldsskólastigi fyrir öll börn á Íslandi. Flestir hefja sitt nám í framhaldsskóla við 15-16 ára aldur og teljast því börn til 18 ára aldurs. Þrátt fyrir það þurfa þessi börn og fjölskyldur þeirra að greiða allan kostnað sem þarf til námsefniskaupa í framhaldsskóla. Sá kostnaður er mismunandi eftir námsleiðum en er sérlega íþyngjandi í iðn-, tækni- og verknámsgreinum þar sem ýmiskonar áhaldakostnaður bætist við bókakaupin. Þar með er það ekki á allra færi að hefja nám í slíkum greinum þar sem margir hafa hreinlega ekki efni á því. Af þessum ástæðum sitja ekki allir við sama borð varðandi nám við allra hæfi.

Eftir að Finnar ákváðu að frá og með næsta ári 2021 myndi ríkið yfirtaka kostnað vegna námsbóka í framhaldsskólum þar í landi þá eru íslenskir nemendur þeir einu á Norðurlöndum sem þurfa sjálfir að standa straum af kostnaði fyrir námsgögn í framhaldsskóla. Þessi staða er ekki boðleg íslenskum nemendum. Mikilvægt er að íslenskir nemendur í framhaldsskólum sitji við sama borð og kollegar þeirra á Norðurlöndunum og jafnræðis sé gætt milli þeirra innanlands. Við teljum að afar brýnt sé að tengja þá vinnu sem núna er í gangi hjá Velferðarvakt Félagsmálaráðuneytisins við þessa menntastefnu hvað þetta varðar. Sjá nánar hér: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fiolskuldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2020/03/03/Velferdarvaktin-Jafnt-adgengi-ad-nami-og-baett-thionusta/>

Til þess að uppfylla það markmið sem sett er fram undir þessum lið menntastefnunnar um að allir finni sig í menntakerfinu teljum við að það sem lagt er til hér sé afar mikilvægt skref í þá átt.

E.2. Aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu

IÐNÚ útgáfa hefur nýlega hafið útgáfu og sölu vefbóka fyrir framhaldsskóla, sjá www.vefbok.is sem eru gagnvirkar kennslubækur á rafrænu formi. Til þess hefur IÐNÚ þýtt og aðlagð danskan vefbókarhugbúnað frá útgáfunni Systime. Mikil áhersla var lögð á að þýða viðmót vefbókarkerfisins og innleiða íslenskan talgervil í ljósi samfélagslegrar umræðu um varðveislu íslenskrar tungu.

Vefbækur henta vel fyrir námsefni í slíkum greinum þar sem útgáfa þess takmarkast ekki af prentuðum lager bóka. Afar auðvelt er að uppfæra efni þeirra samhliða þróun námsefnisins auk þess sem hægt er að tengja allskyns gagnvirk efni við vefbækurnar, t.d. skýringarmyndir og skýringarmyndbönd.

Hér getum við líka litið til nágretta okkar í Danmörku, Systime útgáfunnar, sem hafa um 10 ára skeið gefið út vefbækur fyrir framhaldsskóla og hefur sá útgáfumiðill reynst mjög vel þar í landi. IÐNÚ útgáfa hefur verið í samstarfi við Systime og námsbókaútgáfu í Grænlandi og Færeyjum varðandi útgáfu námsbóka á vefbókarformi. Þannig hefur IÐNÚ reynt að fylgja framþróun og nýsköpun í skólastarfi með erlendu samstarfi og lagt mikla vinnu í að kynna vefbækur og möguleika þeirra fyrir framhaldsskóla á landinu.

Vefbækur skjóta stoðum undir þróun fjar- og dreifináms þar sem þær eru aðgengilegar á vefnum og það eina sem þarf til að komast inn í námsefnið er nettengd tölva eða snjalltæki. Möguleiki er að tengja vefbækur við námsumsjónarkerfi svo nemendur hafi gott aðgengi að öllum námsgögnum á einum stað.

Þær fjórar vefbækur sem þegar eru komnar út hjá IÐNÚ útgáfu hafa þegar verið tilraunakenndar í framhaldsskólum og endurgjöf nemenda og kennara notuð til að bæta bæði innihald, umgjörð og efnistöð. Mikilvægt er að halda áfram með þessa vinnu og þróa þessa útgáfu og aðlaga frekar að íslenskum aðstæðum.

Í þessum lið menntastefnunnar er tekið fram að áhersla verði lögð á að nemendum bjóðist fjölbreytt námsgögn sem taka mið af stafrænni þróun og margbreytileika nemenda. Þannig höfum við m.a. þróað útgáfu vefbóka okkar sem taka svo mið af stafrænni þróun og falla þannig vel að þessum áherslulið. Vefbækur eru í takt við tæknilega þróun og tengdar neti upplýsinga sem er í samræmi við heimsmynd nemenda samtímans. Vefbókarkerfið er þannig sett upp að námið verður einstaklingsmiðað og hentar því vel margbreytilegum nemendahópum.

Til að tryggja gæði náms og hæfni nemenda í framhaldsskólum til framtíðar er nauðsynlegt að taka námsefni inn í mengið þegar námskrár eru til umræðu. Námsefni er órjúfanlegur hluti af námskrárgerð og nú þegar framhaldsskólar landsins hafa frjálsar hendur um framkvæmd hennar hafa skapast mikil vandræði fyrir útgefendur námsefnis.

C.6. Sköpun og gagnrýnin hugsun

Inni í vefbókunum er möguleiki sem nefnist „Segðu hvað þér finnst“, þar sem notendur geta sent inn athugasemdir beint til útgefanda. Þannig verða nemendur virkir þátttakendur í útgáfuferli námsefnisins og geta þar með haft áhrif á uppsetningu og þróun þess. Jafnframt hafa þeir áhrif á námsumhverfi sitt sem stuðlar að meiri áhuga, sjálfstæði og ábyrgð.

Þessi áhersluliður gefur svo tilefni til að minna á að afar mikilvægt er að endurskoða og endurskipuleggja frá grunni fyrirkomulag námsbókaútgáfu fyrir grunnskóla. Aftur skal bent á samanburð við hin Norðurlöndin en þar er hvergi að finna það fyrirkomulag sem hér ríkir að öll útgáfa námsbóka fyrir grunnskólastigið sé rekin með ríkisrekinni einokun sem Menntamálastofnun er falið samkvæmt lögum. Þetta teljum við að sé ákveðin ógn við prent- og tjáningarfrelsi þegar sjálfstæðum útgefendum og höfundum þeirra er meinaður aðgangur að þessum markaði. Þetta fyrirkomulag er einnig ekki gott fyrir íslenska grunnskólanemendur þar sem hætta er á að ríkisrekin útgáfa leiði til einsleitni og lítill hvati er til þróunar og nýsköpunar við námsefnisgerð. Við teljum líka að íslenskir grunnskólar eigi rétt á því að hafa

aðgang að þeim fjölbreytileika, sköpunarkrafti og þekkingu sem er til staðar hjá öllum þeim fjölmörgu aðilum sem standa fyrir utan vegg Menntamálastofnunnar. Þannig gæti vefbókarhugbúnaðurinn okkar líka nýst fyrir nemendur grunnskóla, sérstaklega efri bekkjum, ef að fyrirkomulaginu yrði breytt.

E.1. Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa

Þar sem samstarf, skýr ábyrgð og samþætting innan og milli kerfa er rauður þráður menntastefnu teljum við að ofangreindar athugasemdir okkar og ábendingar styðji vel við þetta ákvæði. Samábyrgð ríkis um framkvæmd og gæði í starfsemi framhaldsskólanna liggur þannig í því að tryggja jafnan aðgang íslenskra barna að framhaldsnámi, óháð stétt eða stöðu, með því að greiða námsgögn upp að 18 ára aldri. Auk þess munu gæði námsins aukast ef samræmi er í námskrám framhaldsskóla og á það bæði við um bóknám og iðn-, tækni og verknám. Allt þetta mun leiða af sér betra viðskiptaumhverfi fyrir námsbókaútgáfur sem hafa þá aukið tækifæri til þess að gefa út vandaðra námsefni sem er uppfært reglulega og í takt við þróun samfélagsins.

Virðingarfyllst,

Heiðar Ingi Svansson,
framkvæmdastjóri



KENNARASAMBAND Íslands
Borgartúni 30, 107 Reykjavík • Sími 595 1111
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7.12.2020

Efnii: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Kennarasamband Íslands (KÍ) vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 19. nóvember 2020 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 (bskj. 310, 278. mál á 151. löggjafarþingi). KÍ fékk frest til 7.12. 2020 til að skila inn umsögn og þakkar fyrir það.

KÍ fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030 og telur það styrkja stefnuna að hún er nú lögð fyrir alþingi. Grundvallaratriði er að til staðar sé skýr menntastefna sem sátt er um í samfélaginu og að henni sé framfylgt með kerfisbundnum hætti. Með tillögunni er ályktað að unnið skuli að því að efla menntun landsmanna til ársins 2030 í samræmi við framlagða menntastefnu og undir það tekur KÍ.

KÍ lýsir ánægju sinni með fróman tilgang og meginmarkmið menntastefnunnar um að móta framúrskarandi menntakerfi. Þá er í stefnunni dregið fram að kennarar og skólastjórnendur séu í lykilhlutverki við framkvæmd nýrrar menntastefnu og undir það tekur KÍ heilshugar. Þá telur KÍ mikilvægt að draga fram að allir hafi jöfn tækifæri til menntunar við hæfi um allt land og að styðja beri við fjölmenningslegt skólastarf.

Ennfremur telur KÍ mjög gott að áhersla verður lögð á samábyrgð og samvinnu mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfis á öllum skólastigum.

Meginatriði í menntastefnu þessari ríma vel við Skólastefnu KÍ frá síðasta þingi þess árið 2018 sem skrifuð var undir yfirskriftinni: Menntun er mannréttindi og fjallar um mikilvægi faglegrar forystu skólafólks, menntun við hæfi allra nemenda, mikilvægi faglegrar forystu skólastjórnenda og samstarf skóla og heimila um nám barna. Stefnuna má nálgast á heimasíðu KÍ (eða [hér](#)).

Í framkominni menntastefnu eru margar af helstu áherslum framtíðar varðandi menntamál ávarpaðar án þess að fyrir liggi með hvaða hætti þeim verður mætt. Ljóst er að til þess að koma á mikilvægum atriðum í stefnunni eins og meiri samfellu í þjónustu við nemendur, aukinni viðurkenningu á störfum kennara, bættum starfsaðstæðum á leiksskólastiginu, eflingu list- og tæknináms, aukinni og breyttri námsráðgjöf á öllum skólastigum verður að grípa til markvissra aðgerða, viðamikils samráðs og aukinna fjárframlaga í málaflokknum.

KÍ vill nefna eftirtalin atriði sérstaklega:

Kennarastarfið

KÍ fagnar þeirri miklu áherslu sem lögð er í ályktuninni á kennarastarfið, starfsþróun kennara og nauðsyn þess að búa kennurum góð starfsskilyrði og gott vinnuumhverfi. KÍ vill þó benda á að eftir að lítið hefur verið hugað að innviðum skóla á löngu tímabili þurfa aðgerðir að fylgja.

Í kjölfar samstilltra aðgerða undanfarin tvö ár hefur kennaranemum fjölgað. Þær átaksaðgerðir áttu að standa yfir í fimm ár en nauðsynlegt er að þær verði viðvarandi svo fjölgunin nái ekki eingöngu til kennaranema heldur einnig starfandi kennara. Enn er það svo að þriðjungur kennara hverfur frá störfum á fyrstu árum í kennslu. Á næstu árum fara stórir hópar af kennurum á eftirlaun og nýliðun heldur alls ekki í við í takt við þarfir skólasamfélagsins. Staðan er nú sú að aðeins 905 félagar KÍ eru yngir en 30 ára eða 8% og ef horft er til félaga í KÍ á aldrinum 30-35 ára eru þeir aðeins 1102 eða 10% stéttarinnar. Tekið skal fram að inn í þessum tölum eru leiðbeinendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Það er því ljóst að hér er mikilla og skilgreindra aðgerða þörf.

Kennararáð

Í kjölfar lagasetningar um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 var kennararáð sett á stofn og því ætlað veigamikil hlutverk. KÍ bendir á að í menntastefnu ætti að draga fram með skýrari hætti mikilvægi kennararáðs og þau tækifæri sem stofnun þess fylgja.

Leikskólastigið

Í stefnunni er minnst á styrkingu leiksskólastigsins og tekur KÍ heilshugar undir að horfa þurfi sérstaklega til styrkingar þess. Því miður er það enn svo að langt er í land þar til að lagaviðmið náist um að 2/3 hluti þeirra sem starfi á leiksskólum hafi kennaramenntun sem er óviðunandi á fyrsta skólastiginu.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar gegna lykilhlutverki í menntakerfinu og þjóna breiðum hópi innan íslensks samfélags. Þá vill KÍ benda á að nauðsynlegt er að lögvernda starfsheiti og starfsréttindi félagsmanna KÍ í tónlistarskólum í samræmi við lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla hefur ekki verið endurskoðuð síðan hún kom fyrst út fyrir tuttugu árum og lög um tónlistarskóla eru frá árinu 1985 og því löngu tímabært að endurskoða hvort tveggja. Einnig þarf að tryggja tónlistarskólum faglega og rekstrarlega umgjörð.

Starfs- og tækninám

KÍ tekur undir að mjög mikilvægt er að efla kynningar á starfs- og tækninámi og láta þær hefjast fyrr á skólaferli nemenda. KÍ vill þó benda á að brýnt er að bæta umgjörð um vinnustaðanám og starfsþjálfun til þess að stuðla að samfellu og framvindu í námi

starfsnámsnema og vill sérstaklega benda á að mikilvægt er að endurskoða tilhögun starfs- og tæknináms frá grunni. Ekki má setja upp hindranir milli þeirra nemenda sem stunda vinnustaðanám og nám í skólum. Þeir þurfa að geta stundað samfellt nám. Eins er mikilvægt að á námstíma rofni ekki tengsl nemenda við skólasamfélagið meðan á vinnustaðanámi stendur og það sé skipulagt sem hluti af náminu og verði eðlilegur hluti af námi nemenda.

Listnám

Kí leggur til að í stefnunni komi skýrar fram að aukin áhersla verði lögð á listgreinar og skapandi greinar og að staða þeirra verði tryggð og fest betur í sessi, hvort sem er í leik-, grunn, framahalds- eða tónlistarskólum. Listgreinakennsla ætti að vera í lykilhlutverki í öllu skólastarfi og áhersla á listgreinar ætti að koma fram með afgerandi hætti í opinberri menntastefnu.

Tengsl og hlutverk Menntamálastofnunar

Kí lítur svo á að Menntamálastofnun hafi mikilvægt hlutverk varðandi menntun og skólastarf og því ætti í stefnunni að fjalla um verkefni Menntamálastofnunar, tengsl þeirra við skólastarf og framtíðarsýn til dæmis varðandi námsmat og þróun þess, kennararáð, námsefnisgerð á öllum skólastigum og ráðgjafahlutverk stofnunarinnar.

Virðingarfyllt
f.h. Kennarasambands Íslands

Anna María Gunnarsdóttir
Varaformaður KÍ

Ragnar Þór Pétursson
Formaður KÍ

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 3. desember 2020

Umsögn LÍS um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030

278. mál, þingsályktunartillaga
151. löggjafarþing 2020–2021

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, hafa lengi kallað eftir heildstæðri menntastefnu og fagna því þingsályktunartillögu þess efnis. Þessi umsögn mun fjalla um það vægi sem menntastefna mun hafa fyrir stúdenta og leggja til nokkrar úrbætur. Við sendum einnig inn [umsögn](#) að fyrri drögum sem birt voru á [samráðsgátt](#) en þar bentum á að lítið tillit væri tekið til háskólastigsins. Þingsályktunartillagan sem er hér til umræðu er það opin að hún geti átt við um flest skólastig en á greinargerðinni sést þó að enn skortir stefnumótun sem á beint við um háskólastigið. Við leggjum til að stefnan verði aðlöguð þannig að hún eigi jafnt við um háskólastigið eins og hin skólastigin. Ef til vill er þörf á glænýrri menntastefnu sem tekur sérstaklega á mállefnum háskólanna. Til að mynda er Finnland með [opinbera stefnu sérstaklega fyrir háskólastigið](#) sem væri hægt að taka til fyrirmyndar.

Tilgangur stefnunnar

Heildstæð menntastefna mun koma sér vel til að samhæfa vinnu ólíkra hagaðila í háskólasamfélaginu. Menntastefnan þarf að nýtast við markmiðasetningu sem heyrir ekki beint undir hana til dæmis í endurskoðun reiknilíkans til fjárúthlutana til háskólanna, í vinnu Gæðaráðs íslenskra háskóla og ráðgjafarnefndar gæðaráðs, í innri stefnumótun einstakra háskóla og í hinum ýmsu átaksverkefnum á borð við fjölgun kennara. Öll verkefni nefnd að ofan hafa gríðarleg áhrif á þróun og áherslur menntastofnanna og því er mikilvægt að slíkar aðgerðir mótist af sameiginlegri stefnu, en velti ekki einungis á skoðunum þeirra sem sitja í stýrihópum

verkefna. Að sjálfsögðu er faglegt álit stýrihópa mikilvægt og sérstaklega mikilvægt að stúdentar sitji þar við borðið. En vel meintar aðgerðir geta unnið á móti hvorri annarri ef engin sameiginleg stefna liggur þar til grundvallar. Heildstæð menntastefna getur virkað sem milligönguliður á milli ólíkra hagsmunahópa sem snerta háskólastigið og viðhaldið jafnvægi milli ólíkra markmiða. Milliliðalausar samningaviðræður til að mynda á milli einkaaðila og háskóla geta leitt til þess að háskólar verði um of fyrir áhrifum einkageirans.¹ Eins og stefnan lítur út í dag verður erfitt fyrir hagaðila að stefna að sameiginlegum markmiðum þar sem ekkert er um mælanleg markmið í stefnunni. Samhliða því að kalla eftir menntastefnu hefur LÍS bent á mikilvægi þess að safna gögnum um samsetningu stúdentahópsins með það að markmiði að sýna hvar er þörf á umbótum en einnig til þess að meta árangur aðgerða. Það væri því tilvalið að fjalla um mælanleg markmið og gagnaöflun í innleiðingaráætlun sem á að fylgja í kjölfar þingsályktunartillögunnar.

Tillögur LÍS að úrbótum

Þó að LÍS séu sammála áhersluatriðum í grunninn þá eru sumar áherslur ekki nógu skýrar í núverandi mynd. Til dæmis er ekki hægt að sjá hvaða stefnu er verið að marka með orðinu „námsmat“. Það væri einfalt að kippa þessu í lag með breytingunni “fjölbreytt námsmat á öllum skólastigum”. Það er þörf á þróun fjölbreyttara námsmats á háskólastiginu en greinargerðin um þennan lið vísar helst í önnur skólastig og boðar ekki breytingar sérstaklega á háskólastiginu. Annað dæmi er liðurinn „vísindi og rannsóknir“. Hvaða stefnu er verið að leggja til hér? Aftur er nánar útskýrt í greinargerð en stefnan verður að geta staðið ein og sér og afmarkað skýra stefnu fyrir þá sem taka áhrifamiklar ákvarðanir um háskóla.

Þar sem orðalagið er það opið að það geti átt við um flest skólastig þá munu raunveruleg áhrif stefnunnar ekki vera ljós fyrr en fyrsta innleiðingaráætlunin lítur dagsins ljós. Innleiðingaráætlunirnar verða að vera metnaðarfullar en raunhæfar. Þær skulu líta til

¹ Þó að LÍS eigi sér ekki enn stefnu um atvinnumál þá erum við hluti af Evrópusamtökum stúdentna, sem fjalla um samspil efnahagslífsins og háskóla í [stefnu sinni um samfélagslega ábyrgð háskóla](#): „Menntun er almannahagur, opinber ábyrgð og ætti að vera stýra og stutt af hinu opinbera. Æðri menntun er allt of oft sett fram sem kostnaður. Háskólamenntun er almennt hagsmunamál allra, þar sem hún stuðlar að almennri velferð með því að auka almennt menntunarstig í samfélaginu. Æðri menntun er gildi sem ætti ekki að verða háð efnahagslegum vangaveltum og bráð hugmyndafræði einkavæðingar og minnkunar ríkisins. ESU kallar því eftir því að allir hagsmunaaðilar skuldbindi sig til þessa sem leiðandi meginreglu verði hafðar til hliðsjónar við allar ákvarðanir sínar. [...] Í ríkjandi stjórn málaumræðu hefur menntun skilist eingöngu sem efnahagslegur þáttur frekar en tæki til félagslegrar þróunar. Menntamarkaðir eru stofnaðir með tæknivæðingu og breyttri ímynd menntunar eingöngu sem efnahagslegur þáttur og auðlind fyrir velmegun. Þetta hefur leitt til þeirrar þróunar sem ESU vísar til markaðsvæðingu háskólanáms, skilgreind sem breyting á ímynd háskólanáms frá almannahag og ábyrgð almennings í einkarekna og takmarkaða vöru. Í þessu samhengi er lítið á háskólanám sem þekkingariðnað, háskólastofnanir sem þjónustuaðila og nemendur sem neytendur menntunar og mannaúðs fyrir vinnumarkaðinn.“ (bls. 16)

háskólastigsins en ekki bara hinna skólastiganna. Þeim verður að fylgja fjármagn, öflug verkefnastjórnun og í stýrihópum þurfa að sitja fulltrúar hagaðila, sér í lagi stúdenta. Ef til vill skýrist áhersla stefnunnar á önnur skólastig helst af því að lítið samráð var haft við stúdenta við gerð stefnunnar. LÍS hafa við mörg tilefni lýst yfir áhuga á því að taka þátt í mótun stefnunnar: [í opnu bréfi til ráðherra, yfirlýsingu](#) um áhuga á þátttöku en einnig með skipulagi [pallborðs um fyrirhugaða menntastefnu](#). Hingað til hafa LÍS einungis verið boðuð á einn fund um menntastefnuna í janúar 2020 ásamt ýmsum öðrum hagaðilum og gafst aðeins stuttur tími til þess að koma sjónarmiðum stúdenta til skila.

Hér á eftir er samantekt af áherslumálum sem stúdentar vildu sjá í menntastefnu sem eru byggð á vinnustofum á landsþingi LÍS 2020 þar sem fulltrúar allra stúdentafélaga landsins komu saman, [pallborði á LÝSU 2018](#), stefnum LÍS (einna helst [jafnréttisstefnu](#) og [gæðastefnu](#)) og fyrrnefndri yfirlýsingu um heildstæða menntastefnu. Það eru einna helst tvö atriði sem þörf er á að bæta við þingsályktunartillöguna áður en hún verður lögð fram til samþykktar sem varða umhverfis- og alþjóðamál. Það er okkar von að önnur atriði rati síðan inn í innleiðingaráætlanir. Stúdentar munu beita sér fyrir því að þeirra fulltrúi eigi sæti við borðið við gerð þeirra áætlana.

1. Umhverfismál.

- a. Í fyrri drögum stefnunnar var mikil áhersla á umhverfismál, sem var ánægjulegt að sjá, en þessa áherslu vantar í nýjum drögum. Ef til vill þótti það ekki þurfa, vegna ríkrar áherslu á umhverfismál og sjálfbærni í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla, en þörf er á að slík áhersla skili sér inn í háskólastigið.

2. Alþjóðamál

- a. Stiklað er á fjölmenningu innan skólanna en það skortir umfjöllunum alþjóðlegt samstarf í kennslu, rannsóknum, gæðaeftirliti og öðru starfi. Heimurinn minnkandi fer og vegna alþjóðavæðingar er mikilvægt að við tryggjum að íslenskt háskólasamfélag dragist ekki aftur úr heldur sé fremst í flokki.

Til athugunar fyrir innleiðingaráætlun miðað við núverandi kaflaskiptingu stefnunnar:

Menntun alla ævi

- Í vinnustofum LÍS um menntastefnu komu fram áhyggjur stúdenta af mismunun á grundvelli aldurs. Sú staða er þegar uppi að stúdentar á Íslandi eru [eldri en almennt í](#)

[Evrópu](#) og [þriðjungur stúdenta á Íslandi eru foreldrar](#). Ef endurmennta á fólk til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna mun sá stúdentahópur væntanlega stækka. Til þess að ná því markmiði að fólk geti raunverulega sótt sér menntunar alla ævi þarf að brjóta niður ýmsar hindranir t.a.m.

- Afnema aldurshámark í framhaldsskóla og bjóða upp á framhaldskólabrautir sem henta eldri nemendum.
- Bjóða upp á fleiri styttri námsbrautir sem eru metnar til gráðu (e. [microcredentials](#)).
- Að það nám sé lánshæft t.d. með því að lækka námsframvindukröfur og gera fólki í hlutanámi kleift að taka námslán.
- Að gera ráð fyrir fólki í hlutanámi í lögum um Menntasjóð til að þau geti einnig hlotið niðurfellingu á höfuðstól.
- Gera allt háskólanám aðgengilegra og sveigjanlegra til dæmis, en ekki einungis, með nýtingu rafrænna kennsluáðferða.

Jöfn tækifæri fyrir alla

- Stúdentar hafa áhyggjur af aðgengismálum en það eru þrír hópar sem þarf sérstaklega að huga að:
 - Aðgengi fólks af erlendum uppruna
 - Meta fyrri menntun og reynslu erlendis frá.
 - Bjóða upp á öfluga, ókeypis og aðgengilega íslenskukennslu (líka fyrir lengra komna).
 - Veita sérstaka stoðþjónusta fyrir fólk sem talar ekki íslensku sem móðurmál (mentorakerfi, orðabækur, þýdd námsgögn).
 - Fjölga námsleiðum á öðrum tungumálum en íslensku.
 - Fjölga kennurum af erlendum uppruna.
 - Fræða kennara um fjölmenningu.
 - Aðgengi fólks með fatlanir eða námsörðugleika
 - Innleiða þátttökuhugmyndafræði inn í allt háskólastarf til að öll geti nýtt sér námsaðstöðu og -gögn og fái viðeigandi stuðning. Til þess þarf fjármagn, samvinnu fagfólks og fræðslu kennara.
 - Aðgengi efnaminni einstaklinga að námi

- Úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna þurfa að taka breytingum til að hægt sé að lifa á námslánnum og til að minnka vinnubyrði námsmanna sem er ein sú þyngsta á [Evrópuvísu](#).
- Afnema þarf skólagjöld og skrásetningargjöld
 - Á meðan innheimt eru skólagjöld vegna námsleiða sem ekki er hægt að stunda við ríkisháskóla geta einstaklingar ekki sótt sér nám við hæfi. Sé raunverulega áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun þá þarf að afnema skólagjöld í Listaháskóla Íslands sem og öðrum sérskólum til þess að allir hafi kost á því að mennta sig óháð efnahagslegum bakgrunni.
- Hækka þarf fjárframlög til háskólanna til að þeir þurfi ekki að rukka skólagjöld og/eða grípa til aðgangstakmarkanna.

Kennsla í fremstu röð

- Í vinnustofum LÍS um menntastefnu kölluðu margir eftir aukinni endurmenntun kennara á háskólastigi.
 - Stúdentar vilja fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat, sveigjanlegt námsfyrirkomulag og einstaklingsmiðað nám.
 - Til þess að stúdentar eflist í gagnrýnni hugsun og læsi (á rannsóknum, menningu o.fl) þurfa háskólakennararnir að vera í stakk búnir til þess að miðla þessari færni.
 - Skapa þarf hvata til þess að háskólakennarar sækji sér menntunar til að mæta þessum þörfum.

Hæfni fyrir framtíðina

- Starfsnám
 - Sett er samasemmerki á milli starfsnáms og tæknináms í stefnunni en LÍS gagnrýndu það einnig í síðustu drögum. Stúdentar hafa sértækar áhyggjur tengdar starfsnámi sem tengjast ekki tækninámi en t.a.m. vilja stúdentar sjá að allt verknám verði launað, ólíkt því sem raunin er, og að betur sé hugað að álagi og menntunargildi verknáms sem á sér stað á háskólastigi.

Velliðan í öndvegi


- Geðrækt

- Bæta þarf aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónustu, sérstaklega í ljósi þess að [hlutfallslega fleiri stúdentar glíma við geðheilbrigðisvandamál á Íslandi en á nágrannalöndum](#).
- Bæta þarf lífskjör stúdenta almennt og stuðla þannig heildstætt að betri líðan en nýleg skýrsla [Eurostudent](#) sýnir fram á skýra tengingu þar á milli.
- Halda þarf áfram að safna tölfræðiupplýsingum um líðan stúdenta til að sjá hvort aðgerðir til að bæta líðan þeirra beri árangur.

Gæði í forgrunni

- Skilvirk fjármögnun
 - Það segir sig nokkuð sjálft að nægilegt fjármagn þarf að fylgja hverri innleiðingaráætlun til þess að hægt verði að ná fram breytingum.
- Rödd nemenda
 - Helsta gagnrýni okkar hingað til er skortur á samráði stjórnvalda við stúdentana við gerð stefnunnar. Rödd nemenda, og stúdenta þarf að heyrast á **öllum** stigum skólakerfisins, sér í lagi því efsta.

F.h. Landssamtaka íslenskra stúdenta



Jóhanna Ásgeirsdóttir

Forseti

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um þingsályktun um menntastefnu 2020-2030, 278. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og ungmenni og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum með um 6 þúsund félagsmenn.

Augljóst er að menntastefna varðar mjög mikisverð mannréttindi, hagsmuni og tækifæri fatlaðs fólks almennt og sérstaklega fatlaðra barna og ungmenna. Allar rannsóknir sýna, svo ekki verður um villst, að hvarvetna í heiminum þarf fatlað fólk að þola mikla og margvíslega mismunun hvað varðar tækifæri til náms og þeirra lífsgæða og tækifæra í lífinu sem ráðast mjög mikið af því að fólk geti menntað sig eftir því sem geta þess og vilji stendur til. Ísland er engin undantekning frá þessu.

Landssamtökin Proskahjálpar fagna áherslunni í menntastefnunni á að “allir geti lært” sem og þeim þunga sem þar er lagður á jafnrétti til náms og skóla án aðgreiningar. Einnig er ástæða til að fagna því því að sérstaklega er í stefnunni er kveðið á um að nemendur skuli fá nám og kennslu við hæfi í samræmi við fyrirmæli laga, aðalnámskrár, áherslur ríkjandi menntastefnu og alþjóðasáttmála sem Ísland hefur undirgengist. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland fullgilti árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða og framfylgja, er mjög mikilvægur í þessu samhengi. Hann leggur afar mikla áherslu á skyldur ríkja til að tryggja fötluðu fólki tækifæri til náms alla ævi til jafns við aðra og án aðgreiningar. Samningurinn byggist á þeirri hugmyndafræði að það séu samfélagslegar hindranir, frekar en persónulegar skerðingar, sem koma í veg fyrir virka þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.

Með vísan til framangreinds vilja Landssamtökin Proskahjálpar koma eftirfarandi á framfæri:

Vísa mætti með skýrari og afdráttarlausari hætti til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem leiðarljóss í skólastarfi með fötluðum nemendum. Með fullgildingu samningsins eru stjórnvöld skuldbundin til að framfylgja ákvæðum hans, m.a. með því að tryggja að stefnumótun stjórnvalda taki mið af ákvæðum hans, sbr. 4. gr. samningsins sem hefur yfirskriftina *Almennar skuldbindingar*.¹ Í samningnum er mjög mikil áhersla lögð á

¹ Í 4. gr. samningsins segir m.a.:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til ... að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð, ... (Undirstr. Proskahj.).

skyldur ríkja til að tryggja fötluðu fólki tækifæri til náms til jafns við aðra og án aðgreiningar. Landssamtökin Proskahjálpi beina þeim tilmælum til stjórnvalda að fjalla sérstaklega um skóla án aðgreiningar og hvernig tryggja beri rétt fatlaðs fólks til náms á öllum skólastigum við innleiðingu stefnunnar.

Í stefnunni er fjallað um möguleg áhrif sjálfvirknivæðingar á íslenskt samfélag, sem Landssamtökin Proskahjálpi telja mjög mikilvægt. Sérstaklega er rætt um áhrifin sem sjálfvirknivæðing muni mögulega hafa á starfstækifæri fólks af erlendum uppruna og nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku. Landssamtökin Proskahjálpi telja afar mikilvægt að einnig verði með afdráttarlausari hætti tekið tillit til þeirra skerðinga á tækifærum fyrir fólk með þroskahömlun sem er líkleg afleiðing sjálfvirknivæðingar og breytinga á vinnumarkaði samfara henni, enda mjög berskjaldaður hópur í því tilliti.

24. gr. samningsins hefur yfirskriftina Menntun og hljóðar svo:

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og þar sem allir hafa jöfn tækifæri skulu aðildarríkin koma á menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og námi alla ævi sem leiðir til þess:

a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisu og eigin verðleikum þroskist til fulls og til þess að virðing fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni vaxi,

b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,

c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsu samfélagi.

2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:

a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi vegna fötlunar,

b) að fatlað fólk hafi aðgang til jafns við aðra að endurgjaldslausri grunn- og framhalds-skólamenntun án aðgreiningar, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, í þeim samfélögum þar sem það býr,

c) að viðeigandi aðlögun sé veitt viðkomandi einstaklingi til þess að þörfum hans sé mætt,

d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir árangursríkri menntun þess,

e) að skilvirkur, einstaklingsmiðaður stuðningur standi til boða í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagslegan þroska sem samræmist markmiðinu um fulla þátttöku allra.

3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:

a) auðvelda fólki að læra punktaletur, óhefðbundna ritun, auknar og óhefðbundnar samskiptaleiðir, -máta og -form og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf,

b) auðvelda fólki að læra tákniál og stuðla að sjálfsmynd heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks með tilliti til tungumáls,

c) tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir eða sjónskertir, heyrnarlausir eða heyrnarskertir eða fólks með samþætta sjón- og heyrnar-skerðingu fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.

4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, einnig fatlaða kennara sem eru sérhæfðir í tákniáli og/eða punktalettri, og að þjálfar sérfræðinga og starfsfólk sem starfa á öllum sviðum menntakerfisins. Fyrrnefnd þjálfun skal samlöguð vitund um fötlun og notkun viðeigandi aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forma, kennsluauðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk geti hafið almennt nám á háskólastigi, starfsþjálfun og notið fullorðinsfræðslu og náms alla ævi án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.

Ungmennaráð Þroskahjálpar, sem skipað er einstaklingum með þroskahömlun og/eða aðrar skyldar skerðingar á aldrinum 16-24 ára, ályktaði 6. febrúar síðastliðinn um drög að menntastefnu þegar hún var til kynningar í samráðsgátt. Í ályktuninni segir:

1. Við mótun nýrrar menntastefnu er mikilvægt að leggja áherslu á fjölbreyttara námsúrval fyrir fólk með þroskahömlun /eða aðrar skerðingar til að tryggja í raun jafnrétti til náms sem miðast við getu, hæfni og áhugasvið hvers og eins.

2. Við bendum á að stúdentspróf er lykill að frekara námi og framtíð. Fólk með þroskahömlun fær ekki stúdentspróf við útskrift af starfsbrautum og er því augljóslega mismunað um margvísleg tækifæri til menntunar. Þetta hefur mikil áhrif á möguleika til frekari menntunar og margs konar tækifæri okkar alla framtíð, s.s. til atvinnu og til að afla okkur tekna, til að eiga möguleika til að eignast heimili og taka virkan þátt í samfélaginu á öllum sviðum til jafns við aðra. Bráðnauðsynlegt er því að tryggja raunhæf tækifæri fólks með þroskahömlun og/eða aðrar skerðingar til framhaldsmenntunar við hæfi. Mikilvægt er að það komi skýrt fram í menntastefnunni

3. Við skorum á menntamálaráðherra að huga sérstaklega að því að veita nemendum með þroskahömlun og/eða aðrar skerðingar nám og þjálfun sem tryggir rétt þeirra til að taka þátt í samfélagi sem er að breytast og gera þeim kleift að taka virkan þátt í að takast á við og leysa mikilvæg viðfangsefni sem nemendur og samfélagið allt munu standa frammi fyrir í framtíðinni og sérstaklega er talað um í menntastefnunni, s.s. breytingar á vinnumarkaði með fjórðu iðnbyltingunni og loftslagsmál.

4. Þá beinum við þeim tilmælum til menntamálaráðherra að hugað verði að því að skapa ungu fólki með þroskahömlun og/eða aðrar skerðingar, sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðis, tækifæri til náms á háskólastigi eftir útskrift úr framhaldsskóla með því að tryggja með einhverjum hætti búsetuúrræði með stuðningi. Eins og staðan er í dag eiga þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis ekki kost á slíku námi sem er augljós mismunun á grundvelli búsetu.

Landssamtökin Þroskahjálpar taka heils hugar undir þessar tillögur ungmennaráðsins og lýsa yfir miklum áhuga og vilja til að koma á fund ráðuneytisins til að gera grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum við innleiðingu stefnunnar. Einnig bendum við á ungmennaráð Þroskahjálpar sem samráðsvettvang við það mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllst.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri Þroskahjálpar í málefnum fatlaðra barna og ungmenna

Magnús Þorkelsson, skólameistari Flensborgarskólans
Drekavöllum 18 – 401,
221, Hafnarfjörður

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 2. desember 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Með tilvísan til þess að á samráðsgátt Alþingis er að finna tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 (þskj. 310, 278. mál á 151. löggjafarþingi), leyfi ég mér að koma með eftirfarandi umsögn um málið.

Hafandi verið í stjórn skóla í um 30 ár og borið þá gæfu til að fá að taka þátt í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli í áratug og sem nú er starfrækt víða um land, þá fagna ég slíkri stefnumótun sem þarna er lögð fram og vona að stjórnvöld nái að fylgja þessu máli eftir af festu.

Frá mínum sjónarhól virðist þessi þingsályktunartillaga vera að formgera eða fastsetja ýmis góð hugtök í starfsháttum skólakerfisins og er það vel.

Það er þó einkum þrennt sem ég vildi leggja áherslu á í þessu sambandi.

1. Það undrar sjálfsagt engan að ég fagni því að liðurinn Velliðan í öndvegi sé þarna sem þáttur og að þarna séu notuð hugtök eins og heilsuefning, geðrækt, vellíðan og rödd nemenda, forvarnir og náms- og starfsráðgjöf. Ég hygg, t.d. á grundvelli gagna frá Rannsóknnum og greiningu að geðrækt kunní að verða eitthvert mesta forvarnaverkefni komandi ára, ekki síst núna í ljósi þess ástands sem er í samfélaginu og kallast Covid. Afleiðingar þess eru ekki enn fyrirsjáanlegar. Þá tel ég mikilvægt að aðrir þættir en beinar námsgreinar fái pláss í skólastarfinu. Þarna er rétt að hyggja að ýmsu eftir þroska nemenda og aldri en öruggt má telja að fátt sé betra og fátt gangi betur í öllum aldurshópum en Núvitundin, sem mér skilst að þingheimur hafi fengið að kynnast. Þá er geðrækt gríðarlega mikilvæg enda telja forsvarsmenn heilbrigðismála, m.a. forsvarsmenn WHO, að depurð og þunglyndi séu einhver mesta farsótt sem um plánetuna gengur og

Magnús Þorkelsson, skólameistari Flensborgarskólans
Drekavöllum 18 – 401,
221, Hafnarfjörður

muni aðrar farsóttir blikna í samanburði við það sem fram undan er ef ekki verði spyrnt við fótum. Hafandi átt þess kost að nýta mér Núvitund í starfi þá fullyrði ég að fátt geti gengið í gegnum alla árganga skólastarfs og haft jafn mikið gildi og Núvitund.

2. Þá vil ég vekja athygli á umræðu sem gengið hefur um menntaheiminn og er stundum kölluð Finnska leiðin en mér finnst best að kalla skapandi starf. Þar með væri viðurkennt að það fer margvíslegt nám fram í skólum og það er ekki allt tengt námsgreinum og þeirri skoðun að allt nám gangi út á það að læra það sem er rétt en fá aldrei að takast á við opin verkefni og efla skapandi hugsun. Leiklist, félagsstarf, björgunarsveitastarf og fjölmargt fleira er nám. Skapandi hugsun, og lausarmiðað verklag er líklegra til að nýtast nemendum skólanna mun betur en margt annað. Og ef við í alvörunni ætlum að gefa Rödd nemenda marktækt svigrúm þá er skapandi nám líklegt til að verða skapandi starf og ekki veitir nú af.
3. Í beinu framhaldi vil ég svo koma að námsgreinum. Það eru á annað hundrað ár síðan flestar námsgreinar hefðbundinna nútíma skóla urðu til. Það hlýtur að fara að koma að endurnýjun þeirra. Námsgreinar eru að vissu leiti ágætur rammi en þær eru líka eins og spennitreyja á margt í skólastarfi. Undanfarin ár hefur verið kallað eftir kynjafræði, umhverfisfræðum og fjármálalæsi, svo fátt eitt sé nefnt. Í Flensborg starfrækjum við Lífsleikni áfanga undir nafninu Hámark. Þar læra nemendur m.a. núvitund, um borgaralegt hlutverk sitt, atvinnu- og námsmöguleika, að setja sér markmið og hugarfar sem kallað er gróskuhugarfar. Til þess að svona geti þróast áfram þá þarf að gera tvennt alla veganna. Það þarf að sameina námsgreinar. Í umhverfisfræðum er margháttuð samþætting raungreina en einnig tungumála og félagsgreina ef menn vilja. Í fjármálalæsi má tengja viðskiptagreinar, stærðfræði og lífsleikni. Svo má lengi telja. Það er að líkindum öflugra að kenna t.d. íslensku í gegnum ritun og þýðingar en eyðufyllingar og reglustagl.

Ég óska mennta- og menningarmálaráðherra til hamingju með þessar hugmyndir og vona að það takist að sameina þingheim og samfélagið um þessar tillögur enda er það börnum okkar og okkur öllum lífsnauðsyn að við búum okkur undir framtíðina en ekki fortíðina.

Virðingarfyllt



Magnús Þorkelsson
skólameistari

Menntakerfið okkar

Tilaga um hvernig við getum þróað menntakerfið okkar og dregið það fram í nútímanum.

Inngangur:

Okkar mat á menntakerfinu er að það sé orðið frekar úrelt og fylgi ekki nútímanum, það vantar að kenna okkur hluti sem eru nauðsynlegir til þess að læra betur á lífið og teljum við því vera full ástæða til að krefjast breytinga. Landið og menningin hefur þróast en menntakerfið á enn langt í land með að fylgja almennri þróun. Það að við sjáum okkur knúin til að skrifa þessa skýrslu sýnir í hversu vondum málum við teljum menntakerfið vera komið í. Við erum að krefjast breytinga þar sem okkur finnst vanta upp á að menntakerfið þróist og finnst breytingar ekki vera væntanlegar á næstu misserum.

Skólinn hefur mikil áhrif á mótun ungra krakka og þess vegna viljum við auðvitað að þau mótist á þann hátt að þau séu tilbúin til að fara út í lífið, með kennslu og reynslu sem tengist nútímanum og heiminum en ekki bara stærðfræði og íslensku. Auðvitað teljum við stærðfræði- og íslenskukennslu vera nauðsynleg fög, en það er svo margt annað sem við þurfum einnig að læra og okkar mat er að það er ekki verið að uppfylla þessa þörf okkar til að læra það sem við teljum okkur þurfa í raun og veru að læra til að gera okkur tilbúin fyrir lífið og framtíðina.

Okkar tilögur að breytingum:

Hinseginfræðsla og hinseginkynfræðsla:

Við fáum enga fræðslu um kynhneigð né kynfræðslu. Það er alls ekki í lagi því við umgöngumst hinsegin, kynsegin og allskonar fólk á hverjum degi. Við þörfumst hinseginfræðslu því að það er fullkomlega eðlilegt að vera allskonar, það er ekki í lagi að hafa þessa fræðslu sem lítinn kafla í náttúrufræðisbók árið 2020. Það á að kenna jafn mikið um hinsegin, kynsegin og gagnkynhneigð sambönd og við ættum auðvitað að tala meira um alla þá kynhneigð sem til er, því það eru allt of margir sem vita ekki hvað það er og niðurlægja kynhneigðir vegna þess að fyrir þeim er það óvenjulegt, þess vegna mælumst við til að það sé nauðsynlegt að fá hinseginfræðslu.

Okkur er ekki kennd hinseginkynfræðsla. Okkur finnst það ekki afsökun að það sé óþægilegt efni að kenna og það á ekki að vera á ábyrgð krakkanna að leita sér upplýsinga sjálf. Það eru þá miklu meiri líkur að þau finni bara klám sem tengist ekkert raunveruleikanum. Klámefni kennir ekki samskipti bak við kynlíf og samþykki sem á að fylgja því. Það á að vera fullkomlega eðlilegt að tala um slíkt og kenna alveg til jafns við gagnkynhneigt kynlíf.

Við lærum ekkert um kynsegin fólk né trans nema aðeins það að þau séu öðruvísi, það gæti ekki verið fjarri sannleiknaum. Þau eru fullkomlega venjuleg eins og hver annar, við eigum rétt á því fá betri fræðslu um þetta. Transfólk er partur af samfélagi okkar og það er engin fræðsla um að transkonur og transmenn séu í raun og veru menn og konur fædd í röngum líkama.

Með þessu er verið að láta krakka skammast sín og láta eins og þetta sé ekki eðlilegt. Það er algjörlega bráðnauðsynlegt að þetta komi fram í fræðslu til okkar og það er alveg jafn mikilvægt að læra um það eins og hvað annað. Með núverandi ástandi í kennslu eru meiri líkur á að krakkar verði þröngsýn, og þetta er mjög oft ástæða þess að lagt er í einelti, af því að einhver er kannski „hommi“ eða „lessa.“ Þetta er ástæðan fyrir því að sumum krökkum úr þessum hópi líður illa daglega. Það besta sem er hægt að gera fyrir framtíðina að opna augu krakka og fullorðinna til að þetta verði eðlilegur hluti af okkur öllum og framtíðinni, sem það er.

Kynfræðsla:

Það er ekki verið að kenna okkur kynfræðslu í skóla. Þrjár eða fjórar kynningar yfir tíu ár er ekki nóg. Því kynlíf og kynfræðsla er venjulegasti hlutur í heimi. Það ætti ekki að sleppa því að fara yfir kafla út af því að viðkomandi finnst „óþægilegt“ að kenna þetta málefni og ef það er þannig í skólum þá er til fullt af kynfræðingum sem eru vel hæfir til að kenna þetta málefni og ætti það að vera sjálfsögð mannréttindi krakka og unglunga að fá slíka fræðslu, ef þið teljið að þessi fræðsla eigi að koma frá foreldrum þá má ekki gleyma að foreldrar eru fyrrverandi unglingar sem fengu ekki þessa fræðslu í skóla, er þá hægt að gera þá kröfu að þeir geti kennt börnum sínum þetta ef allir alast upp við að þetta sé eitthvað óþægilegt.

Það er ekki í lagi að einangra stelpur og stráka frá hvort öðru til þess að ræða um blæðingar stúlkna og fræða stráka um typpið á sér, þetta kemur öllum við! Þetta er algjörlega venjulegt og ekkert til þess að skammast sín fyrir. Þess vegna krefjumst við almennilegrar kynfræðslu. Okkur hefur aldrei verið kennt neitt um kynsjúkdóma og hvernig á að varast þá og af hverju eða hvað við eigum að gera ef við fáum kynsjúkdóm.

Ef við fáum ekki þessa fræðslu og ráðleggingar í skólanum hvar eigum við þá að fá þær? Það getur ekki verið æskilegt að leita á netinu vegna þess að þá finnum við bara klám sem gefur óraunverulega mynd af því hvað og hvernig kynlíf er í raun og veru. Af hverju er okkur ekki bara kennd almennileg kynfræðsla sem er oft yfir árið því að þetta er mjög mikilvægt málefni fyrir alla. Ef einhverjir kennarar treysta sér ekki í að kenna þetta eða finnst þetta óþægilegt, þá teljum við að kennaranámið sé ekki að undirbúa kennara rétt fyrir starfið því þetta á ekki að vera eitthvað feimnismál og spurning hvort það sé eitthvað í ólagi í allri kennslu líka þá í kennaranámi og hvort ekki þurfi að endurmennta kennara fyrir fræðslu árið 2020 og framvegis.

Sund:

Okkar mat á sundi er að það sé óþarfi og tilgangslaust að kenna unglingum sem kunna nú þegar að synda. Enda er ekki verið að kenna neitt nýtt. Við erum bara látin synda, það er löngu búíð að kenna okkur þetta. Þá er verið að láta krakka fara í búningaklefa þrátt fyrir það að mörgum finnst það mjög óþægilegt á þessum aldri og vilja það í raun alls ekki, þá verða allir að mæta því ef maður klárar ekki sund þá kemst maður ekki í framhaldsskóla og dregin niður í mætingareinkunn. Okkar tillaga er að um leið og maður fer á unglingastig væri hægt að taka 10. bekkjar sundprófið, þeir sem eru full syntir og búinn að ná ákveðni einkun fá þar að leiðandi að klára sund áfangan.

Það er alveg öruggt að þið vitið ekki neitt um hvað er í gangi í sundklefum, hvort sem það er einelti eða sumir að setja út á líkama annara. Þetta er reglulega að gerast og við vonum að þið fullorðna fólkið áttið ykkur á því að mörgu ungu fólki líði virkilega illa að fara í sund, klæða sig úr fötunum og fara í sturtu fyrir framan allan bekkinn. Starfsmenn kíkja reglulega í klefana og horfa á okkur þar til við þrífum okkur með

sápu fyrir framann þau. Þetta finnst flestum mjög óþægilegt og niðurlægjandi og allir ætti að geta tekið prófið til þess að útskrifast úr sundi enda á að vera löngu búíð að kenna okkur að synda.

Það ætti að vera hægt að velja annars konar hreyfingu í staðinn eins og t.d. þriðja íþróttatímamann fyrir þá sem vilja, gönguferð eða hvaða aðra hreyfingu sem er. Mörgum finnst þetta rosalega óþægilegt og kvíða því alla vikuna að fara í næsta sundtíma. Við vonum innilega að þið lesið þetta vel og vandlega og takið mark á okkur og setjið ykkur í okkar spor og kannski rifjið upp tímann sem þið voruð á okkar aldri því þetta er eitt helsta vandamálið sem er í gangi og verður það á meðan að það er ekki boðið upp á einkaklefa. Því eru krakkar þindir í að mæta í sundtíma (búningsklefa) sem mörgum kvíðir fyrir kannski alla vikuna.

Ég vona að þið áttið ykkur á því að þetta er ekki af því að þau „nenna ekki í sund“ heldur af því að margir hreinlega kvíða fyrir þessu og líða virkilega illa.

Tölvukennsla:

Hvernig stendur á því að okkur er ekki kennd einhvers konar tölvunarfræði? Það eru tölvur allt í kringum okkur og meira að segja eru ísskápar orðnir að tölvum en okkur er ekki kennt neitt. Tölvuglæpir eru algengustu glæpimir í dag og allir ættu að fá fræðslu um hvað og hvernig við eigum að varast slíkar árásir. Hvað það er sem börn og unglingar eiga að varast á alls konar samfélagsmiðlum og hvað verður um það efni sem við sendum frá okkur. Hvað eru tölvuárásir? Hvað eru tölvuglæpir og hvað þarf að varast? Við erum öll með tölvur í höndunum en það er engin fræðsla um það til okkar. Eigum við bara að „googla“ það? Er það öruggt að við fáum réttar upplýsingar ef við gerum það? Hvernig er hægt að stela af okkur verðmætum og myndum í gegnum netið, hvernig eigum við að bregðast við ef okkur er hótad myndbirtingu?

Við erum ekkert frædd um heimsmálin:

Við fáum ekki fræðslu um mikilvæg málefni í heiminum t.d. geðsjúkdóma, loftslagsbreytingar, ofbeldi, sjúkdóma, fatlanir, þrælkun, barnakúgun, mannsal og nauðganir.

Nauðgun: Við erum ekki frædd neitt um nauðganir og annað kynferðislegt ofbeldi og hvaða afleiðingar það hefur á alla sem fyrir því verður. Við erum ekki frædd um hvað við eigum að gera ef við eða vinir okkar lendir í slíkum aðstæðum, okkur hefur aldrei verið kennt af hverju það er slæmt. Það hefur ekki verið nein fræðsla fyrir okkur um hvar maður á að leita sér hjálpar. Þetta getur verið mannskemmandi og eyðilaggt líf margra, mörg börn lenda í þessu á hverjum degi en þrátt fyrir það er ekki nein kennsla eða fræðsla um það.

Ofbeldi: Það er ekkert rætt um ofbeldi og hvað fellst í því. Ekki hvert við eigum að leita ef við verðum fyrir því eða við verðum vitni af ofbeldi. Það er ekki nóg að segja að maður eigi bara að leita til kennara. Við þurfum nánari útskýringar og hverju við eigum von á ef við tölum við einhvern. Hvernig eigum við að hjálpa fólki sem er í hættu og hvernig eigum við að bregðast við ef um er að ræða heimilisofbeldi? Maður getur ekki alltaf bara leitað til forráðamanna því stundum eru það þær manneskjur sem beita mann þessu

ofbeldi. Kennið okkur hvað við eigum að gera í þessari stöðu og kennið okkur hvað ofbeldi er svo við beitum ekki aðra ofbeldi.

Sjúkdómar og fatlanir: Við fáum ekki neina fræðslu eða kennslu um sjúkdóma eða fatlanir, við teljum það vera hræðilega staðreynd þar sem það telst algjörlega eðlilegt að kenna flóknar formúlur í stærðfræði en það er ekki hægt að kenna okkur neitt um krabbamein, Alzheimer, Downs syndróm eða bara hvaða sjúkdóm eða þroskafrávik sem er. Farið yfir einkenni svo við getum áttað okkur á ef eitthvað er að, farið yfir hvernig maður eigi að bregðast við ef við eða vinir okkar lenda í einhverjum aðstæðum sem við ráðum ekki við. Það þarf að verða vitundarvakning á því að það þarf að forgangsraða betur námsefninu og kenna okkur um sjúkdóma, fatlanir og fordóma. Maður á ekki að þurfa að fara í læknanám til þess að læra eitthvað um þessi mál.

Geðsjúkdómar: Við lærum ekkert um geðsjúkdóma, eins og þunglyndi, kvíða, átraskanir, áfallaröskun, geðhvörf eða geðklofa hvað þá um einhverfu eða aðrar raskanir. Það eru margir sem vita ekkert um geðsjúkdóma og gera þess vegna grín af þeim, eitt helsta dæmi um það er áráttu-þráhyggjuröskun (OCD). Það verður að veita okkur fræðslu um þetta því þetta er svo mikilvæg þekking og er besta vopnið gegn misrétti og fordómum. Hver og einn á eftir að þekkja eða hitta einhvern með geðsjúkdóm einhvern tímann í lífinu og þess vegna teljum við það gríðarlega mikilvægt að það sé fræðsla um þetta efni fyrir okkur og hvernig við sem vinir getum hjálpað einhverjum með geðsjúkdóma eða aðrar raskanir. Okkur er ekki sagt hvernig viðkomandi á að leita að hjálpar nema til kennara eða forráðamanna, sem er stundum alls ekki nægjanlegt því það getur verið bara að það henti ekki í sumum tilfellum. Við vonumst til að það verði vitundavakning á mikilvægi þess að fræða krakka um hvernig á að bregðast við í aðstæðum sem geta verið upp á líf og dauða. Það er margt sem foreldri getur ekki kennt barni sínu neitt um en að vita um geðsjúkdóma er auðvitað mjög mikilvægt.

Loftslagsbreytingar: Kynslóðin okkar er sú síðasta sem getur nokkurn tímann gert eitthvað í loftslagsvandamálum, en við fáum enga kennslu. Eldri kynslóðir hafa rústað plánetunni og við erum hennar síðasta von. Hlýnun jarðar hefur aldrei verið meiri og það er gert ráð fyrir því að við reddum málunum, en okkur er ekki einu sinni kennt um þetta í skólum. Þetta er mikilvægasta verkefni sem okkar kynslóð munum þurfa að glíma við í framtíðinni og það er ekkert fjallað um þetta. Þið teljið línuleg föll sem góðan undirbúning fyrir framtíðina en ekki það að læra um loftslagsbreytingar og hvað þær gera okkur.

Þrælkun, kúgun, fátækt, mansal o.s.frv. Þrælkun er enn í gangi í dag, en við lærum ekkert um þetta, þrátt fyrir það að þrælkum sé kannski ekkert mikið í gangi á Íslandi þýðir það ekki að það sé ekki vandamál sem við ættum ekki að læra um. Það kemur öllum við að fræðast um þetta.

Kúgun og barnakúgun er ekki kennd, sem er hræðilegt. Þetta eru mál sem eru reglulega í gangi í heiminum. Það er ekki í lagi að ætlast til þess að foreldri talar um þetta mál eða viti eitthvað um það þar sem þetta er ekki kennt.

Okkur var einu sinni sagt í skólanum (já) að það var enginn heimilislaus á Íslandi. Hvernig dettur einhverjum í hug að segja það þegar staðreyndin er önnur. Hvers vegna lendir einhver í þessari stöðu og hvað á maður að gera í því ef maður lendir þar? Og það sem er enn mikilvægara hvað á maður að gera til þess að koma í veg fyrir það.

Mansal er reglulega í gangi í heiminum en það er ekki talað um það. Þetta er gríðarlega mikilvægt mál sem allir ættu að fræðast um þrátt fyrir það að við eigum heima á Íslandi, því allir verða að vita hvað það er til að geta fordæst það.

Forvarnir: Við teljum það gríðarlega mikilvægt að fræðast um forvarnir. Einungis nokkrar kynningar á ári teljum við ekki almennilega virka.

Það er fullt annað í gangi í heiminum sem menntakerfið er ekki að fræða okkur um, hlutir sem eru nauðsynlegir að vita um því fræðsla og þekking er besta vopnið. Af hverju er þetta ekki gert að kennslufagi eða til dæmis að hugsa út fyrir boxið og taka þessi málefni inn í náttúrfræði, samfélagsfræði og- eða lífsleikni? Þessi málefni falla algjörlega inn í þann ramma sem þessi námsefni ætti að takast á við. Eru þessi málefni ekki nægilega mikilvæg? Við teljum þau miklu mikilvægari en margt það sem okkur er kennt í dag. Eru við kannski svo niðursokkinn í forrættindastöðu okkar á Íslandi að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessum málum eða fræða komandi kynslóðir um þau?

Mannréttindi:

Við fáum ekki fræðslu um mannréttindi okkar. Við vitum ekki hver þau eru eða hvernig þau gætu gagnast okkar. Það er nauðsynlegt að fræða krakka um réttindi sín. Hvað má og hvað má ekki gera, hver er réttur okkar sem krakka í samfélaginu.

Starfakennsla:

Okkur er ekki kennt hvaða störf eru í boði eða hvernig þau virka. Okkur er ekki kennt hvernig við eigum að sækja um störf og það eru meira að segja margir sem vita ekki einu sinni hvað ferilskrá er.

Starfakennsla er nauðsynleg að því leiti að kenna krökkum hvaða störf kom til greina fyrir þau. Við eyðum meiri hluta af lífi okkar í vinnu en okkur er ekki kennt hvernig við fáum vinnu né hvaða vinna gæti hentað okkur.

Fjármálalæsi:

Við förum í kafla í stærðfræði sem snýst um laun, virðisaukaskatt og vexti sem var mjög gagnlegt og fræðandi. En það er ekki nóg. Hver einasti Íslendingu á eftir að fá laun allt sitt líf í einhverju formi en okkur er ekkert kennt um vinnuréttindi, vinnuskyldu, vinnusiðferði, skatta og bara almennt fjármálalæsi á eigin fjármál t.d. launaseðla. Hvað er launaseðill og hvaða upplýsingar eru á þeim? Hvað er lífeyrissjóður? Það er aðildarskylda að lífeyrissjóðum á Íslandi en enginn veit hvað það er og hvers vegna allir greiða í lífeyrissjóð. Hvað er stéttarfélag? Við erum alveg viss um að hægt sé að kenna þetta í efstu stigum grunnskóla þannig að þetta veki áhuga. Ef námsefnið er gert áhrifaríkt og skemmtileg þá læra þetta örugglega flestir, því það er mjög stutt í að krakka úr efstu stigum grunnskóla fari að vinna á almennum vinnumarkaði t.d. á sumrin og sumir með framhaldsskóla.

Svör við spurningum:

1. „Það er hlutverk foreldra að fræða börnin sín um þessa hluti.“
 - a. Hvar læra foreldrar þetta?
 - b. Ekki allir foreldrar eru hæfir að kenna börnunum sínum um þessi mál.
 - c. Sumum er neitað þessi kennsla á heimilum sínum.
 - i. Ekki er hægt að ættlast til að öll börn eiga fullkomna foreldra sem geta svarað þessum spurningum. Þess vegna er nauðsynlegt að kenna þetta í skólum því þetta kemur öllum við!
2. „Þið getið leitað ykkur upplýsinga sjálf.“
 - a. Það eru margir krakkar sem hafa ekki áhuga á svona mikilvægum málum t.d. loftslagsbreytingum. En þrátt fyrir það, kemur þetta öllum við og þess vegna þurfum við að læra þetta!
 - b. Þið segið okkur að leita að upplýsingum um þetta sjálf, en þið segið okkur samt að treysta ekki öllu á netinu, því ekki séu allir upplýsingar réttar á netinu.
 - c. Hvar á maður að afla sér spurninga ef maður veit ekki hvað maður á að spyrja um eða veit ekkert um þessi mál.
 - i. Oft þæla krakkar ekki í þessum málum, þeir eru í forréttindastöðu og segja að þetta kemur þeim ekki við. Það er rangt og þetta kemur öllum við, þess vegna ÞARF skólinn að taka að sér það starf að kenna krökkum það sem þau þurfa að vita.
3. „Íslenska, stærðfræði og annað sem við erum að læra um í skólanum eru nauðsynleg fög.“
 - a. Auðvitað.
 - b. Við sögðum aldrei að þau væru það ekki.
 - c. Takk fyrir okkur.
 - i. Það er auðvitað mikilvægt að fræða krakka um stærðfræði, íslensku og önnur fög, og okkur finnst persónulega Víðistaðarskóli standa sig mjög vel í að kenna þessi fög. En ef þið teljið það nauðsynlegt að læra Jöfnuhneppi, þá ættuð þið að telja það nauðsynlegt að kenna okkur um það sem er í gangi í heiminum.
4. „Menntakerfi Íslands er komið lengra en flest önnur menntakerfi.“
 - a. Það er ekki afsökun.
 - b. Menntakerfi Íslands er langt því frá að vera fullkomið og á staðnum sem við viljum að það er á. Menntakerfi Íslands hefur ekki náð miklum árangri í mörg ár og hefur lítið breyst.
 - c. Af hverju ætti það að stoppa okkur að gera enn betra.
 - i. Það að menntakerfi Íslands sé komið lengra en í öðrum löndum er engan veginn afsökun og það þýðir ekki að við eigum að hætta núna. Hvað er að stoppa okkur að gera íslenska menntakerfið eitt af þeim bestu í heiminum. Þetta snýst um að breyta eigin viðhorfi!

Takk kærlega fyrir okkur. Við vonum innilega að þið takið á móti þessum skilaboðum á viðsýnan hátt og hlustið á okkur. Við munum halda umræðunni uppi þar til við sjáum einhverjar breytingar.

Kær Kveðja: Alexander Ívar, Helga María, Hildur Jóna, Júlíana Mist, Elísabet Véný og Móa.

(Krakkar úr 10. MG í Víðistaðaskóla) Instagram: menntakerfidokkar.

Undirskriftarsöfnun: [Change.org/menntakerfidokkar.com](https://change.org/menntakerfidokkar.com)

Kópavogi, 10. desember 2020

Tilvísun: 2020-7134

Efni: Umsögn um Þingsályktunartillögu um Menntastefnu 2030

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Menntamálastofnun

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Menntamálastofnunar um Þingsályktunartillögu um Menntastefnu 2030, mál 278.

Að mati Menntamálastofnunar er það framfaraskref að Þingsályktunartillaga um Menntastefnu sé lögð fyrir Alþingi. Með því gefst tækifæri til heildstæðrar umfjöllunar um áherslur og stefnu í þeim mikilvæga málaflokki sem menntamál eru. Sú endurskoðun sem fram hefur farið á þeim drögum sem kynnt voru síðastliðið vor er til mikilla bóta.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku menntakerfi undanfarinn áratug með lagasetningu um leik-, grunn- og framhaldsskólastig, lögum um menntun og hæfni kennara og skólastjórnenda og innleiðingu aðalnámskráa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Einnig hafa þjóðfélagsbreytingar, samfara fjölgun innflytjenda og hraðri þróun stafrænnar tækni, haft mikil áhrif á aðstæður til náms og kennslu og aukið álag á kennara og skólustarf almennt.

Við mótun menntastefnu er mikilvægt að greina núverandi stöðu menntakerfisins, þátta þess og skilgreina æskilega framtíðarstöðu í samhengi við hana. Slíka greiningu mætti byggja á ýmsum skýrslum sem hafa verið unnar af vinnuhópum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, s.s. um menntun fyrir alla, starfsþróun kennara, innleiðingu aðalnámskrár og framtíðarfyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Einnig hafa verið unnar greiningar á framgangi fyrri stefnu, s.s. Þjóðarsáttmála um læsi og breytingar á framhaldsskólastigi með styttingu náms til stúdentsprófs en þær aðgerðir byggja á Hvítbók um eflingu menntunar. Loks hafa innlendir og erlendir aðilar unnið greiningar á stöðu íslensks menntakerfis í alþjóðlegum samanburði, m.a. á grundvelli niðurstaðna PISA-könnunarinnar. Með vísun í slíkar greiningar er unnt að skjóta stoðum undir áherslur Menntastefnu 2030 sem fylgja má eftir í aðgerðaráætlun.

Í ofangreindum skýrslum og greiningum koma fram ýmsar ábendingar um þær áskoranir sem íslenskt menntakerfi stendur frammi fyrir. Má þar nefna dalandi árangur í grunngreinum, læsi, stærðfræði og náttúrufræði í alþjóðlegum samanburði og vaxandi munur á námsárangri kynjanna og á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Skortur er á samhæfðu námsmats- og gæðakerfi sem veiti upplýsingar og leiðbeiningar um aðgerðir og umbætur. Verulegur munur er á aðstöðu skóla og sveitarfélaga varðandi þá stoðþjónustu sem skólar, kennarar og nemendur njóta. Er sá aðstöðumunur ekki síst áberandi milli fámennra skóla á landsbyggðinni og skóla á höfuðborgarsvæðinu. Starfsþróun kennara er brotakennd og stuðningur við kennara og annað starfsfólk skóla við að koma til móts við ólíkar þarfir fjölbreytts nemendahóps takmarkaður. Æskilegt væri að skýrar kæmi fram í stefnunni hvernig bregðast eigi við þessum þáttum með aðgerðum.

Mikilvægt er að byggja upp getu innan menntakerfisins til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru. Byggja þarf upp innviði til þróunar og innleiðingar aðalnámskrár, heildstætt náms- og gæðamat, nauðsynleg námsgögn, stuðning við skóla, starfsþróun kennara og samhæfingu þjónustu á landsvísu. Þróun síðustu ára ber með sér að minni fjármunum er veitt af ríkinu í slíkan ytri stuðning við skólustarf og aðgerðir ekki nægilega markvissar svo hægt sé að styðja við og auka gæði skólustarfs með heildstæðum hætti. Óljós ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga, hvað varðar eftirfylgni með gæðum náms á leik- og grunnskólastigi, torveldar að brugðist sé markvisst við því sem bæta þarf. Skortur á heildstæðum ramma fyrir náms- og gæðamat á framhaldsskólastigi leiðir til þess að óvissa ríkir um gildi lokaprófa s.s. stúdentsprófs.

Í menntastefnu er mikilvægt að horft sé til þess að menntun á sér stað alla ævi (e. life-long learning). Þetta atriði mætti skýra í þingsályktunartillögunni. Ekki er í stefnunni ljóst samhengi grunnmenntunar við nám á háskólastigi og framhaldsfræðslu, t.d. með tilvísun í hæfniramma íslenskrar menntunar. Gæta þarf að samhengi milli skólastiga og að skýr viðmið séu um hæfni og framgang nemenda innan og milli þeirra.

Þær stoðir sem Menntastefnan byggir á – jöfn tækifæri, kennsla, vellíðan, hæfni og gæði – eru allar mikilvægar og máli skiptir að horft sé heildstætt á þá þætti sem móta menntakerfið. Þess ber þó að gæta að ef bæta á menntakerfi er mikilvægt að forgangsraða þeim þáttum sem mestu skipta og mikilvægast er að vinna með til að ná fram breytingum. Slík forgangsröðun þarf að byggja á vandlegri greiningu á stöðu menntakerfisins, styrkleikum þess og áskorunum. Ef of margir þættir eru undir í stefnu og innleiðingu hennar er hætt við því að kröftum og fjármagni sé dreift um of og að árangur verði takmarkaður. Einnig þarf að hugsa aðgerðir til lengri tíma og veita nauðsynlegu fjármagni til þeirra því að langan tíma tekur að ná fram breytingum í menntun með breyttum starfsháttum kennara og skólustarfi.

Í þingsályktunartillögunni er boðað að unnin verði aðgerðaáætlun um innleiðingu stefnunnar til þriggja ára í senn og hún kynnt og metin árlega. Í ljósi ofangreinds er mikilvægt að vel takist til við gerð aðgerðaáætlunar og að skapaðar séu forsendur fyrir innleiðingu hennar. Nauðsynlegt er að samhæfa aðgerðir, leiða saman helstu haghafa, byggja upp tilhlýðilega innviði, stoðþjónustu og skipulag fyrir innleiðingu og fjármögnun hennar. Tenging við Byggðaáætlun og boðaðar skipulagsbreytingar á þjónustu vegna farsældar barna geta skapað mikilvæga samlegð við fjármögnun og skipulag innleiðingar menntastefnunnar.

Menntamálastofnun ber samkvæmt lögum ábyrgð á mörgum þáttum sem fram koma í stefnunni. Má þar nefna stuðning við kennaramenntun og hæfnipróun fagstétta (kennararáð), eflingu læsis, stuðning við starfs-, iðn- og tækninám, námsmat, námsgögn og stuðning við stöðugar umbætur og gæðastarf. Innan Menntamálastofnunar er til staðar mikil sérþekking og reynsla og er stofnunin tilbúin að leggja sitt af mörkum við innleiðingu menntastefnunnar. Treystir stofnunin því að henni verði lagðar til nauðsynlegar bjargir til að vinna að innleiðingu þeirra hluta stefnunnar sem að henni snúa. Til að svo megi verða er mikilvægt að framlög til námsgagnagerðar, námsmats og annarrar þjónustu við menntakerfið verði aukin.

Um leið og því er fagnað að Þingsályktunartillaga um Menntastefnu 2030 hefur verið lögð fram vill Menntamálastofnun benda á að vanda þarf til aðgerðaáætlunar á grundvelli stefnunnar eigi hún að leiða til umbóta í menntun á Íslandi. Mikilvægt er að væntanleg aðgerðaráætlun byggi á vandlegri greiningu á styrkleikum og áskorunum í íslensku menntakerfi og aðgerðum sé forgangsraðað í samræmi við það. Einnig þarf að tryggja að fyrir hendi séu nægilegar bjargir hvað varðar innviði, skipulag og fjármagn eigi sú háleita framtíðarsýn sem stefnan felur í sér að ná fram að ganga.



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020
Tilvísun: 2020112902/SBM

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 19. nóvember 2020 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 (þskj. 310, 278. mál á 151. löggjafarþingi).

Með tillögunni er ályktað að unnið skuli að því að efla menntun landsmanna til ársins 2030 í samræmi við framlagða menntastefnu.

Í C-lið II. hluta menntastefnunnar er fjallað um hæfni fyrir framtíðina og segir þar í 7. lið að leggja skuli áherslu á stafræna tilveru. Þá segir um lið C7 í greinargerð með þingsályktunartillögunni að nemendur skuli skilja bæði tækifæri og áskoranir stafrænnar tilveru og fá þjálfun í upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Samhliða hagnýtingu stafrænnar tækni skuli nemendur fá tækifæri til að auka þekkingu sína á persónuvernd og meðferð og greiningu upplýsinga. Jafnframt segir að hugað verði að notkun nemenda á samfélagsmiðlum og þeim kennd ábyrg nethegðun og helstu reglur um örugg stafræn samskipti.

Persónuvernd fagnar því að í framlagðri menntastefnu til næstu 10 ára sé lögð áhersla á að nemendum sé veitt tækifæri til auka þekkingu sína á persónuvernd og meðferð og greiningu upplýsinga.

Persónuvernd og friðhelgi einkalífs eru ein mikilvægustu mannréttindi sem til eru. Á tímum stafræns veruleika þar sem persónuupplýsingar eru orðnar einn helsti gjaldmiðill samfélagsins eykst nauðsyn þess að allir, ekki síst börn og ungmenni, fái fræðslu um og þekki helstu grundvallarréttindi sín og skyldur. Þess skal getið að í evrópsku persónuverndarreglugerðinni (ESB) 679/2016 er persónuupplýsingum barna veitt sérstök vernd þar sem þau kunna að vera síður meðvitund um áhættu, afleiðingar og réttindi sín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Í samræmi við það hefur verið lögð sérstök áhersla á að standa vörð um málefni barna hjá Persónuvernd og mikilvægur liður í því starfi er að vekja börnin og ungmennin sjálf til vitundar um réttindi sín.

Það er mat Persónuverndar að mikilvægt sé að koma grunnfræðslu um persónuvernd til allra barna undir 18 ára aldri. Í því skyni hefur Persónuvernd meðal annars sent fræðsluefni í alla grunnskóla landsins og fyrirhugað er að senda frekara efni út á næstu misserum.



Þá vekur Persónuvernd athygli á að sent var erindi til mennta- og menningarmálaráðherra í júní sl. þar sem óskað var eftir samtali um hvernig unnt sé að stuðla að grunnfræðslu í skólum til allra barna um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Steinunn B. Magnúsdóttir

Steinunn Birna Magnúsdóttir



Skrifstofa Alþingis
Nefndarsvið

Austurstræði 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030, mál nr. 278.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, mál nr. 278. Með tölvuskeyti, dags. 1. desember 2020 var Reykjavíkurborg veittur frestur til að skila umsögn til og með 15. desember 2020.

Almennt.

Reykjavíkurborg fagnar heildarstefnumótun í menntamálum og vonar að það verði til að skapa einhug í samfélaginu um gildi menntunar sem grundvallarstoðar í íslensku samfélagi. Ánægjulegt er að sjá að menntastefnan gildi til ársins 2030 sem er í samræmi við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Reynsla borgarinnar hefur sýnt að mjög mikilvægt er að hafa skýra framtíðarsýn og stefnu sem hægt er að byggja á í öllu skóla- og frístundastarfi en skilgreina um leið aðgerðir og gefa svigrúm til markvissrar innleiðingar. Til þess að hægt verði að innleiða stefnuna í daglegt starf er nauðsynlegt að styðja markvisst við menntakerfið í öllu innleiðingarferlinu með raunverulegum aðgerðum.

Tillaga ráðherra um menntastefnu til 2030 felur í sér mikilvæga framtíðarsýn, gildi og leiðarljós. Áherslupættir hverrar stoðar gefa fyrirheit um að stuðlað verði að jöfnum tækifærum og jafnræði fyrir alla í menntakerfi sem er í fremstu röð. Stutt verði við hæfni sem styður börn og ungmenni við að takast á við líf og starf í framtíðinni og er að mörgu leiti í takt við það sem gert hefur verið ráð fyrir að verði nauðsynleg hæfni á 21. öldinni. Hluti þess er að hugað sé heildstætt að farsæld barna og ungmenna og stuðlað að gæðum og faglegu starfi í víðtækri samvinnu og samráði við alla hagsmunaaðila.

Þrátt fyrir þetta telur Reykjavíkurborg að menntastefnan sé ekki nægilega heildstæð, skortur er á skýrri umfjöllun um hvað felist í formlegu og óformlegu námi og hlutdeild annarra en leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í menntun og þroska barna og ungmenna svo sem eins og starfsemi frístundaheimila. Í því samhengi mætti skilgreina betur hvaða starfsemi fellur undir menntakerfið. Auk þess er stefnan ekki nægilega barnmiðuð, hún hverfist ekki með afgerandi hætti um barnið sjálft eða hæfni þess til þess að nýta menntun sína til að verða ábyrgur og virkur borgari í lýðræðislegu samfélagi. Þá er gerð athugasemd við að ekki hafi verið leitað eftir nægilega víðtæku samráði við mótun stefnunnar t.d. með aðkomu barna, ungmenna, fjölskyldna og almennings þó að samráðsfundir vegna kynninga og samtals um úttekt á menntun fyrir alla hafi verið gagnlegir.

Hér að neðan eru nokkur almenn atriði sem Reykjavíkurborg vill leggja sérstaka áherslu á:

- Í stefnunni er ekki minnst á farsældarhugtakið eða til þess vísað. Mikilvægt er að tengja stefnuna markvisst við áherslur félags- og barnamálaráðherra sem lúta að því að tryggja farsæld barna í æsku. Vel færi á að nýta hugtakið „farsæld“ inn í menntastefnu.
- Ef stefnan á að vera heildstæð og ná til annarra en leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er mikilvægt að fremur sé talað um börn og ungmenni heldur en nemendur.
- Gera mætti samstarf við foreldra að sterkari þætti í stefnunni líkt og gert er í aðalnámskrám og öðrum stefnum er varða menntun barna og ungmenna.
- Starfsþróunarþátturinn er ekki nægilega skýr í stefnunni en mikilvægt er að tryggja starfsfólki í skóla- og frístundastarfi aðgang að nauðsynlegri símenntun og stuðning við stöðuga starfsþróun til að takast á við starf í samfélagi sem er í sífelldri þróun. Þá mætti gera betri grein fyrir því hverjir bera ábyrgð á starfsþróun og með hvaða hætti menntayfirvöld koma að stuðningi við starfsþróun.
- Menntastefnan leggur áherslu á að öllum sé búið tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum innan menntakerfisins. Þau börn og ungmenni sem flytja til Íslands sem flóttamenn eða innflytjendur þurfa sérstakan stuðning og hvatningu í menntakerfinu. Mikilvægt er að viðeigandi matstæki meti fyrri menntun og reynslu þessa hóps og hlúi að því að þeim verði veittur allur sá námslegi og félagslegi stuðningur sem þörf er á. Miklar væntingar til barna í námi og leik eru mikilvæg forsenda þess að þau öðlist þrautseigju og trú á eigin getu. Þetta á ekki síst við um fjöltyngda nemendur. Starfsfólk þarf strax á fyrsta skólástiginu að leggja áherslu á valdeflandi viðhorf og væntingar til árangurs fjöltyngdra barna og þarf sú áhersla að haldast alla skólagönguna. Samhliða þarf að tryggja menningarnæm vinnubrögð í skóla- og frístundastarfi þannig að viðhorf og væntingar til foreldra byggji undir samvinnu þar sem foreldrar eru mikilvægust umboðsmenn barna sinna og bandamenn menntakerfisins. Fjalla þarf með skýrum hætti um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf og stuðning við virkt fjöltyngi og móðurmál með því að tengja með sýnilegum hætti á milli Menntastefnunnar og [stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn](#).
- Mikilvægt er að setja þverfaglegt samstarf annara stétta en kennara í forgrunn og má þar nefna; þroskaþjálfara, talmeinafræðinga, atferlisfræðinga, sálfræðinga, tómstundafræðinga og aðra til þess að markmiðum um hæfniþróun fagstétta í menntakerfinu öllu skili árangri.
- Nota mætti yfirhugtakið *Lýðheilsa* þegar verið er að fjalla um heilsuefningu, geðrækt og forvarnir.

Athugasemdir við greinargerð með þingsályktunartillögunni

- Í inngangi mætti skilgreina betur hvað felst í sjálfbærni menntakerfis. Þá segir í inngangi að *velgengni byggir á vel menntuðum einstaklingum með skapandi og gagnrýna hugsun, félagsfærni og góð tök á íslensku og erlendum tungumálum til að takast á við hnattrænar áskoranir*. Þarna gætir ákveðinnar íhaldssemi auk þess sem skortir nýskapandi framtíðarsýn. Gott væri að nota hér farsældarhugtakið í stað þess að tala um velgengni þannig að setningin væri frekar: *Farsæld byggir á virkum, hamingjusömum og vel menntuðum einstaklingum með skapandi og gagnrýna hugsun, félagsfærni og góð tök á íslensku og erlendum tungumálum til að takast á við hnattrænar áskoranir*. Neðar í inngangi segir *Menntun vekur viðnámsþrótt*

einstaklinga og samfélaga. Þar mætti standa: *Menntun eflir mannkosti, styrkir nýsköpun og borgaravitund um leið og hún styrkir, hvetur og vekur viðnámsþrótt einstaklinga og samfélaga.* Þá ætti orðalagið *styrkja viðhorf Íslendinga* að vera *styrkja viðhorf okkar allra.*

- Menntastefnan er sett upp í lýsandi mynd sem píramídi. Nota mætti aðra myndlíkingu þar sem píramídi í þessu samhengi hefur ekki nægilegt skýringargildi. Þá mætti tengja leiðarljós menntastefnunnar *þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja* með skýrari hætti við áherslur og aðgerðir menntastefnunnar.

Athugasemdir við einstaka þætti menntastefnunnar.

A.1. Nám við allra hæfi. Hér mætti tala um formlegt og óformlegt nám í stað þess að segja Menntakerfi.

A.4. Snemmbær stuðningur. Í umræðu um snemmbæran stuðning er mikilvægt að allur stuðningur sem veittur er geti jöfnum höndum beinst að barninu sjálfu og umhverfi hans innan skóla- og frístundastarfsins. Stuðning þarf ávallt að aðlaga að þörfum viðkvæmra einstaklinga og hópa og í þeirri vinnu er þverfagleg samvinna nauðsynleg. Þar skiptir samstarf milli skólastiga, leikskóla, grunnskóla og frístundstarfs miklu máli auk náins samstarfs við fjölskyldur.

B – Kennsla í fremstu röð. Verði Menntun í fremstu röð.

B.1. Kennarmenntun og nýliðun. Hér þarf annaðhvort að bæta við öðrum lið fyrir aftan þar sem talað er um aðrar starfsstéttir í skóla- og frístundastarfi en kennara eða bæta öðrum hópum starfsstétta við þennan þátt.

B.3. Hæfnipróun fagstétta í skólastarfi verði *Hæfnipróun fagstétta.* Hér er eingöngu talað um kennara og skólastjórnendur. Líkt og í athugasemd við B.1. þarf að fella inn í þennan þátt umfjöllun um aðrar starfsstéttir eða bæta við þætti þar sem fjallað er um menntun þeirra.

B.4. Lagarammi. Hér er spurning um aðra starfsemi en leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

B.5. Fjölbreytileiki. Skilgreina þarf vel áhersluna á ólíkar starfsstéttir innan skóla og annarra starfsstaða sem koma að formlegri og óformlegri menntun barna og ungmenna sbr. *Menntakerfi framtíðar kallar á aukna nýsköpun og mikla samvinnu. Þörf er á aðkomu fólks með fjölbreytta sérþekkingu við mótun þess.*

C.1. Læsi verði: *Læsi í víðu samhengi.* Ekki ætti að tala um *þjóðmenningu* heldur *menningu.* Þá þyrfti að fjalla um samspil læsis í víðtækum skilningi og bóklestur á stafrænni upplýsingaöld til þess að ávarpa stöðu og framtíðarhlutverk skólasafna í grunn- og framhaldsskólum.

C.4. Starfs-, iðn- og tækninám. Mikilvægt er að á byrja strax á leikskólastiginu að vinna með grundvallarviðfangsefni vísinda og tækni til að auka aðgengi allra barna að fjölbreyttari möguleikum í lífi, námi og starfi til framtíðar.

C.5. List- og verknám. Hér þarf að víkka út umfjöllun um listræna sköpun og listsköpun í námi en í ljósi þess að samþætting námsgreina er víða orðin mjög mikil er bæði takmarkandi að tala eingöngu um listræna nálgun í list- og verkgreinum. Hér er tillaga að nýju orðalagi sem felur líka í sér samstarf við list- og menningarstofnanir og fjölskyldur: *Í listrænni sköpun verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir einstaklinginn, næsta umhverfi eða allt samfélagið. Í list- og verkgreinum felast tækifæri til að þroska huga og hönd við lausnamiðað starf og*

nýsköpun. Listsköpun í námi og áhersla á verkgreinar eflir þannig samfélagsvitund, vilja til þátttöku og styrkir hagnýtingu þekkingar og markar framtíðarumhverfi nemenda barna með jákvæðum hætti. Menntun er samstarfsverkefni heimila, skóla, frístundastarfs og fjölbreyttra menningarstofnana. Lögð skal áhersla á að upplifanir á sviði lista og menningar og þátttaka á því sviði verði hluti af menntun hvers og eins.

C.6. Sköpun og gagnrýnin hugsun verði Sköpun, þátttaka og gagnrýnin hugsun .

C.7. Stafræn tilvera. Í þessum þætti mætti bæta við umfjöllun um stafræna hæfni.

C.8. Menntun alla ævi. Hér þarf að tengja menntun alla ævi markvisst við öll leiðarljós stefnunnar. Þá þarf að víkka út hugmyndir um menntun og tilgang hennar þar sem hún er ekki eingöngu tengd vinnumarkaðinum heldur ekki síður farsæld, þar með hamingju hvers og eins og þróun samfélagsins.

D.3. Forvarnir: Mikilvægt er að fylgjast með líðan allra barna og bregðast skjótt við með viðeigandi aðgerðum í góðri samvinnu heimila, skóla og viðeigandi fagaðila þegar vísbendingar koma fram um vanlíðan nemenda eða ofbeldi af einhverju tagi. Mikilvægt er að gætt sé að jafnréttissjónarmiðum og að nemendum stafi ekki ógn af andlegu, líkamlegu, kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti. Í því sambandi er mikilvægi kynfræðslu og fræðslu um réttindi barna og stuðning áréttað.

D.5. Rödd verði Rödd barna og ungmenna. Í þessum þætti þarf að samræma orðalag varðandi frístundastarf og æskulýðsstarf. Gott væri að skoða æskulýðsstefnu sem er í mótun til að tryggja samhengi á milli þessara tveggja stefnuplagga.

D.6. Velliðan allra verði Velliðan og farsæld allra. Þá nægir ekki að vísa í jafnrétti heldur þyrfti einnig að tala um jafnræði sem felur í sér að komið er betur til móts við ólíkar þarfir einstaklinga heldur en eingöngu að tryggja þeim jafnan rétt.

D. Öflugt frístundastarf er mikilvægur hluti menntakerfisins á Íslandi. Lagt er til að hér verði bætt við sjöunda þættinum undir Velliðan og farsæld í Öndvegi sem verði: D.7. Öflugt frístundastarf.

E.1. Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa. Hér þarf að skilgreina betur hvernig þessi þáttur tengist annarri starfsemi en skólastofnunum og hvernig samskiði er þar á milli t.d. samstarf frístundaheimila og grunnskóla.

E.2. Aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu . Mikilvægt er að nýjar aðalnámskrár endurspegli menntastefnuna markvisst þannig að tungutak hennar verði það sama og aðalnámskráa. Sömuleiðis er mikilvægt að allar reglugerðir sem að baki henni liggja styðji vel við áhersluþætti. Í ljósi þess þarf að einfalda aðalnámsskrá og taka mið af meginþáttum. Þá þarf að skilgreina betur í stefnunni allri hvaða starfsemi falli undir það að tilheyra menntakerfinu og með hvaða hætti sú starfsemi styður við menntastefnuna.

E.3. Námsmat verði Fjölbreytt námsmat. Þá komi fram í þættinum áhersla á að leiðsögn við nemendur, þátttaka þeirra og áhrif á eigið nám verði í forgrunni.

E.6. Stöðugar umbætur og gæðastarf. Í þessum þætti er allt í einu farið að tala um fræðslustarf. Skilgreina þarf betur hvað felst í því sem og hvaða starfsemi fellur undir menntakerfið allt sbr. fyrri athugasemdir.

Að lokum.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á mikilvægi þess að menntastefnunni fylgi markviss og fjármögnuð aðgerðaráætlun þar sem búið er að forgangsraða mikilvægustu aðgerðunum í samræmi við raunverulegar þarfir menntakerfisins. Fulltrúar Reykjavíkurborgar eru tilbúnir til að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn með því að mæta fyrir þingnefnd.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík 10.12.2020

Efni: Umsögn Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) um þingsályktunartillögu um menntastefnu 2020–2030.

Samband íslenskra framhaldsskólanema, hér eftir SÍF, fagnar nýrri menntastefnu þar sem margt gott er að finna. Að mati félagsins eru allir liðir stefnunnar mikilvægir þótt einhverja megi slípa til en einnig saknar félagið nokkurra atriða sem nefndir verða hér á eftir. Tekið er fram að átt er við framhaldsskólanema þegar rætt er um nemendur í þessari umsögn.

Í inngangi greinargerðar með menntastefnunni segir: „Öflugt og sveigjanlegt menntakerfi skal stuðla að jöfnum tækifærum til náms því allir geta lært og allir skipta máli. Allir hafi tækifæri, á eigin forsendum og án nokkurrar mismununar, til að þroskast og auka hæfni sína.“

Eru þetta stór og mikilvæg orð sem hljóma vel í eyrum hagsmunafélags nemenda. Ljóst er þó að til að svo megi verða þarf samtal og samvinna margra að eiga sér stað og mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Fjölga tækifærum nemenda með fatlanir og þroskahömlun til að sækja sér framhaldsmenntun, bæta aðgengi að skólabyggingum, ekki krefjast þess að nemendur af erlendum uppruna læri dönsku og leyfa þeim að taka lokapróf á ensku ef þeir þurfa og veita sveigjanleika í mætingu vegna andlegra veikinda.

A.1. - A.4.

Að öðrum liðum í stefnunni ólöstuðum telur SÍF ekki síst mikilvægt að hlusta á rödd nemenda enda þeir stærsti hópur hagsmunaðila þegar kemur að menntun í landinu, á hvaða aldri sem þeir kunna að vera. Þannig geta nemendur miðlað af reynslu sinni af því hvernig megi tryggja jöfn tækifæri fyrir alla. Nemendur með fatlanir eru til að mynda bestir til þess fallnir að benda á það sem betur megi fara þegar kemur að aðgengi (að menntun, skólabyggingum og félagslífi), erlendir nemendur að miðla reynslu sinni af því að koma inn í nýtt og oft framandi skólaumhverfi og nemendur á landsbyggðinni í að leggja fram tillögur að því hvað þurfi til svo þeir kjósi að sækja sér menntun í heimababyggð. Sé lagt vel við hlustir má vel greina raddir og ákall nemenda um hverskonar stuðning þeir telja sig þurfa á að halda.

C.7. Stafræn tilvera.

Þau atriði sem tiltekin eru undir liðnum eru öll afar mikilvæg, ekki síst þekking á persónuvernd, greining upplýsinga og ábyrg nethegðun í því svartholi sem internetið er.



Telur SÍF að við þetta megi bæta að lögd skuli áhersla á rafvæðingu námsgagna og gefa nemendum þannig val um að bera þungar bækur daglega á milli heimilis og skóla eða hlaða þeim niður á tölvu eða önnur snjalltæki. Auk þess sem það væri til bóta fyrir marga nemendur væri það samræmi við aukna umhverfisvitund og einnig mun auðveldara að uppfæra kennslugögn í takt við samfélagsþróunina en þekkt er að margar kennslubækur séu komnar vel til ára sinna þegar kemur að efnistöfum og áherslum en of kostnaðarsamt sé að ráðast í endurprentun til þess að það sé gert með reglubundnum hætti. Rafbækur myndu einnig auðvelda aðgengi þeirra sem eiga erfitt með lestur, að námsbókum, þar sem þeir gætu þá notað vefþulu til að láta lesa fyrir sig bækurnar.

C.8. Menntun alla ævi.

Í stefnunni er talað um að góða og fjölbreytta menntun á öllum skólastigum en SÍF saknar þess að hvergi sé minnst á óformlega eða óhefðbundna menntun, allt það sem nemendur læra í sínum frítíma fyrir utan vegg skólans. Nemendur um allt landa afla sér fjölbreyttrar og mikilvægrar reynslu með þátttöku í ýmskonar ungmennastarfi s.s. félagsstarfi og hagsmunabaráttu sem nýtist þeim engu minna og oft á tíðum jafnvel meira þegar fram líða stundir en hið hefðbundna nám sem kennt er eftir námsskránni. Leiðtogahæfni, ábyrgð, ákvarðanatáka, félagsfærni, viðburðaskipulagning og samskipti við ráðamenn eru allt þættir sem seint verða kenndir á bókina en eru engu að síður gríðarlega valdeflandi. Vill SÍF sjá í menntastefnunna styðja við slíka þátttöku nemenda með þeim hætti að slík þátttaka verði metin til eininga í framhaldsskólum.

D.1. Heilsuefning.

Ekki nægir að áréttá mikilvægi kynfræðslu heldur þarf að gera hana að skyldufagi í framhaldsskólum til að tryggja að allir nemendur hljóti tilskylda menntun í faginu. Þá má velta upp þeirri spurningu hvort kynfræðsla ein og sér nái nægilega vel utan um þau atriði sem talin eru upp í greinargerðinni, þ.e.a.s. jafnréttissjónarmið og samskipti kynjanna en um árabíl hefur mikilvægi kynja- og jafnréttisfræði verið rætt í starfi SÍF. Hér er ekki aðeins átt við jafnrétti kynjanna heldur jafnrétti í víðara samhengi, svo sem stöðu fatlaðra í samfélaginu og jafnrétti trúarbragða. Í starfi SÍF með ráðgjafahópum fatlaðra nemenda og nemenda af erlendum uppruna hafa þátttakendur bent á að mikil fáfræði er oft á meðal samnemenda um stöðu þeirra sem tilheyra minnihlutahópum sem aftur veldur fordómum og aðskilnaði, minni þátttöku og færri tækifærum. Til að tryggja að sú fræðsla sem nemendur hljóta í kyn -, kynja - og jafnréttisfræðslu í framhaldsskólum sé í takt við nýjustu kenningar, fagleg og óhlutdræg er mikilvægt að fögin séu gerð að skyldufögum í kennaranámi og að kennarar geti reglulega sótt sér endurmenntun.

D.2. Geðrækt.

SÍF hefur í fjölda ára barist fyrir því að nemendur hafi greiðan aðgang að sálfræðiþjónustu í sínum framhaldsskóla enda ljóst að andleg vanlíðan getur haft varanlega slæm áhrif á bæði nám og stöðu einstaklinga í samfélaginu, að ótöldum kostnaði fyrir ríkið. Þótt margt hafi

breyst til batnaðar í þeim efnum vantar enn mikið upp á og ljós að þörfin hefur sjaldan, ef nokkurntíman verið meiri en nú í Covid - faraldrinum þegar á brattan er að sækja í námi og félagsleg einangrun mikil. Því kallar félagið eftir því að yfirvöld framfylgi eigin menntastefnu strax á vorönn 2021 og styrki sálfræðiþjónustu nemenda enn frekar, bæði með aukinni þjónustu innan skólanna sem og fjarþjónustu.

D.6. Velliðan allra

Með fjölbreyttara samfélagi þar sem nemendum með fjölbreyttan bakgrunn s.s. sögu (til að mynda flóttamenn), trúarbrögð og kynvitund, fjölgar sífellt, er mikilvægt að kennurum sé veittur stuðningur í formi menntunnar og fræðslu til að tryggja skilning þeirra og stuðning við nemendur.

Það sem SÍF telur vanta í stefnunna

1. Undanfarin misseri hefur ákall nemenda og samfélagsins almennt um aukið fjármálalæsi orðið æ háværi. Þótt enginn deili um mikilvægi íslenskra bókmennta, ensku og félagsfræði er ljóst að þau fög koma ekki að miklu gagni þegar t.d. taka á námslán eða kaupa á íbúð með tilheyrandi fjárhagslegum skuldbindingum. Lítil sem enginn fjármálakennsla er í framhaldsskólum og saknar SÍF þess að ekki sé lögð á það áhersla í stefnunni að hún skuli aukin.

2. Mikil umræða hefur verið í skólasamfélaginu, í fræðasamfélaginu, á Alþingi og víðar, um erfða stöðu drengja í skólakerfinu og furðar SÍF sig á því að ekki skuli vera lögð áhersla á það í nýrri menntastefnu, að rétta þann halla með einhverju móti. Í lykiltölum frá Háskóla Íslands sem gefnar voru út fyrr á þessu ári voru 68% nemenda skólans konur árið 2019 og 70% þeirra sem útskrifuðust frá skólanum það sama ár voru konur. Einnig má sjá í helstu niðurstöðum Pisa könnunnarinnar frá 2018 hversu langt á eftir drengir eru í ákveðnum námsgreinum.

Heilt á litið styður sú menntastefna sem nú er lögð fram við helstu áhersluatriði Sambands íslenskra framhaldsskólanema og vill félagið jafnframt ítreka mikilvægi aðkomu kennara og skólastjórnenda í henni. Leggur félagið áherslu á mikilvægi þess að vanda til verka við innleiðingu hennar í miklu og nánu samstarfi allra hagaðila og að fjármagn sé tryggt svo framfylgja megi góðri stefnu. Þá séu mælanleg markmið lykilatíriði og að þau séu metin með reglubundnum hætti.

Virðingarfyllt

Framkvæmdastjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2020

2011045SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030, mál nr. 278.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, mál nr. 278.

Almennt

Sú tillaga sem lögð er fram er töluvert frábrugðin þeirri sem sambandið veitti umsögn um í samráðsgátt í mars sl. Hefur stefnan m.a. verið stytta töluvert og áherslur endurskoðaðar. Samkvæmt stefnudrögunum byggir framtíðarsýn menntastefnu til ársins 2030 á einkunnarorðunum *framúrskarandi menntun alla ævi* og helstu gildi menntastefnunnar eru *þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja*. Þá kemur fram að menntastefnan byggir á fimm stöðum sem styðja eiga við framtíðarsýn og gildi hennar og eru stöðirnar *jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni*. Undir hverri stöð eru síðan skilgreindar áherslur sem útskýrðar eru í greinargerð.

Mennta- og menningarmálaráðherra kom á fund fræðslumálanefndar sambandsins 9. desember sl. og gerði þar grein fyrir helstu áherslum sínum ásamt því að svara spurningum nefndarmanna. Við endanlegan frágang umsagnar hefur verið tekið tillit til ýmissa atriða og ábendinga sem komu fram á fundinum.

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur það vera jákvætt skref að mennta- og menningarmálaráðherra hafi frumkvæði að því að vinna heildstæða menntastefnu fyrir Ísland. Þar sem um er að ræða fyrstu menntastefnu hér á landi er mikilvægt að skýra ýmis atriði er lúta að ábyrgð á framkvæmd hennar, fjármögnun, megináherslum og eftirfylgd. Heilt yfir er þó ágætis samhljómur á milli tillagna í stefnunni og megináherslunni er lúta að fræðslumálum í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2018-2022.

Við framkvæmd menntastefnu er mikilvægt að hafa í huga að aðstæður og áherslur geta verið nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum og landshlutum. Mikilvægt er því að í menntastefnu komi fram hvatning til sveitarfélaga um framþróun skólastarfs út frá mismunandi áskorunum og forsendum. Ein möguleg aðgerð til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika við innleiðingu menntastefnu gæti t.d. verið að þróa eins konar verkfærakistu fyrir sveitarfélögin.

Mikilvægi vel útfærðra kostnaðarmetinna aðgerða, samráðs, innleiðingar og eftirfylgni

Markmið stefnunnar eru háleit og því óhjákvæmilegt að setja fram þann fyrirvara að árangur af stefnumótunarstarfi ræðst fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að ná markmiðum stefnunnar, því fjármagni sem til þeirra verður varið og vel skilgreindri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Eins og fram kemur í stefnuþrógunum er gert ráð fyrir að innleiðingu stefnunnar verði skipt í þrjú tímabil og að við upphaf hvers tímabils verði lögð fram innleiðingaráætlun ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum. Skal fyrsta áætlunin lögð fram og kynnt af ráðherra eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki tillögunnar. Árangri við innleiðingu skuli ná með öfluglu samstarfi menntakerfisins og samfélagsins alls.

Ljóst er að fjölmargar aðgerðir munu snerta sveitarfélögin með beinum hætti bæði faglega og fjárhagslega. Sambandið leggur því mikla áherslu á að það fái aðkomu að undirbúningi og útfærslu innleiðingaráætlana. Gætt verði sérstaklega að því að fjárhagsleg áhrif af aðgerðunum fyrir sveitarfélögin verði metin og þær fjármagnaðar með fullnægjandi hætti. Í því samhengi minnir sambandið á ákvæði 129. gr. sveitarstjórnarlaga:

Ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Viðkomandi ráðherrar bera ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.

Einnig leggur sambandið mikla áherslu á skýra forgangsröðun aðgerða. Markmið stefnunnar eru umfangsmikil og ljóst að ekki er hægt að ná öllum markmiðum í einum áfanga, jafnvel ekki þremur. Þá er einnig afar brýnt að hagnýta tillögur þeirra mörgu starfshópa sem að verki hafa verið undanfarin misseri og skilað hefur verið til menntamálaráðherra. Má þar nefna skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda, skýrslu um framtíðarstefnu, markmið og hlutverk samræmdra prófa, eftirfylgd úttektar Evrópumíðstöðvar á opinberri menntastefnu, tillögur starfshóps um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, aðgerðaáætlun um nýliðun kennara og eftirfylgd með innleiðingu nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu, eftirfylgd stefnu um náms- og starfsráðgjöf og vinnu starfshóps um styrkingu leikskólastigsins. Þá má einnig nefna í þessu samhengi samkomulag um eflingu starfs- og tæknimenntunar, *Fyrir mig!*, sem menntamálaráðuneytið, Samtök iðnaðarins og sambandið undirrituðu í febrúar sl. um markvissar aðgerðir til að fjölga starfs- og tæknimenntuðum á vinnumarkaði.

Þá leggur sambandið ríka áherslu á að vandað verði til innleiðingar á aðgerðum í tengslum við stefnuna, eftirfylgni verði markviss og árangur metinn. Að mati sambandsins hefur áformuðum breytingum stjórnvalda á menntakerfinu ekki verið

fylgt nægilega vel eftir hingað til, hvorki faglega né fjárhagslega, en það er lykilsforsenda þess að breytingar nái fram að ganga.

Um einstaka þætti menntastefnunnar

Í stefnunni eru skilgreindir 30 áhersluþættir. Allir eru þeir mikilvægir en að mati sambandsins er eins og áður segir lykilatriði að aðgerðir byggist á skýrri og rökstuddri forgangsröðun við gerð innleiðingaráætlunar. Við þá forgangsröðun leggur sambandið sérstaka áherslu á að eftirfarandi þættir verði settir í forgang í fyrstu innleiðingaráætlun:

A.2. *Menntun um allt land.* Sambandið tekur heils hugar undir þá áherslu að búseta eigi ekki að hafa áhrif á möguleika til náms og starfsþróunar. Eitt af því jákvæða sem læra má af Covid-19 faraldrinum er að hagnýting tæknilausna getur skilað auknum jöfnuði varðandi aðgengi að námi og gæðakennslu, jafnt fyrir nemendur á grunnskólaaldri sem kennaranema. Fjárfesting í aukinni þekkingu á nýtingu slíkra lausna, m.a. til að efla starfsþróun starfsfólks skóla, mun því fljótt skila ávinningi.

A.4. *Snemmbær stuðningur.* Lögð er áhersla á að börn fái aðstoð og stuðning sem fyrst og til þess að ná því markmiði sé samvinna nauðsynleg. Þessari áherslu fagnar sambandið sérstaklega og í stefnumörkun þess fyrir árin 2018-2022 er sérstaklega vikið að þessum þætti þar sem hvatt er til aukinnar samvinnu milli ríkis- og sveitarfélaga, og milli sveitarfélaga, um skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu með áherslu á snemmtækan stuðning. Tryggja verði að hagræðing í opinberum rekstri búi ekki til grá svæði í þjónustu við börn. Þá er ánægjulegt að sjá samhljóminn milli menntastefnunnar og „farsældarfrumvarps“ félags- og barnamálaráðherra hvað þetta áhrærir.

C.1. *Læsi.* Læsi, þ.m.t. tækni-, miðla- og upplýsingalæsi, er lykill að lífsgæðum og hlýtur því að vera forgangsmál. Í því samhengi er nauðsynlegt að minna á verkefnið *Þjóðarsáttmáli um læsi* sem sett var í gang haustið 2015 og fjármagnað til fimm ára. Að baki verkefninu liggur mikil fjárfesting í þróun aðferðafræði og þjálfun starfsfólks, bæði hjá Menntamálastofnun og starfsmönnum sveitarfélaga. Veruleg hættu er á að sú fjárfesting glatist ef dregið er úr krafti verkefnisins með skertum fjárframlögum. Hér er því dæmi um verkefni sem krefst bæði þrautseigju og samstöðu enda er það langhlaup að bæta læsi barna. Sambandið leggur því mikla áherslu á að þetta verkefni verði áfram í forgangi og fjármagnað.

C.4. *Starfs-, iðn- og tækninám* og C.5. *List- og verknám.* Afar þýðingarmikið er að auka aðgengi og þekkingu nemenda á öllum aldri á möguleikum sem felast í list- og verkgreinum, raunvísindum og tækni og leggja rækt við starfsþróun kennara á þeim sviðum. Sambandið hefur frá árinu 2012, í samstarfi við Samtök iðnaðarins og menntamálaráðuneyti, unnið að því markmiði með GERT verkefninu. Það er því áriðandi að ekki verði gerðar þær breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla

sem kynntar hafa verið, sem skerða þá möguleika nemenda með aukinni áherslu á bóklegar greinar.

E.1. Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa. Þessi stoð menntastefnunnar hefur mikla þýðingu fyrir skilvirkni stefnunnar og þjónustu við nemendur og er mikilvæg tenging, eins og áður er vikið að, við „farsældarfrumvarp“ félags- og barnamálaráðherra. Skort hefur á samhæfingu þjónustu við börn og fjölskyldur þvert á félags-, mennta- og heilbrigðiskerfi, sem dregið hefur úr lífsgæðum og velferð. Það er því jákvætt að sjá áform um að hér eigi að skýra ábyrgð og efla samstarf.

E.6. Stöðugar umbætur og gæðastarf. Sambandið er sammála því sem fram kemur í greinargerð að efla þurfi innra- og ytra mat skóla, að ytra mat verði reglubundið og því fylgt eftir með markvissum umbótastuðningi í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Að mati sambandsins verður að tryggja nauðsynlega fjármuni til þessa verkefnis bæði í leik- og grunnskólum með sérstakri áherslu á leikskólastigið, sem takmarkað hefur verið sinnt að þessu leyti, enda er ytra mat mikilvægt verkefni til að stuðla að auknum gæðum í skólastarfi. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að til þess að unnt sé að leggja mat á þróun, umbætur og árangur í skólastarfi þarf að bæta til muna alla menntatölfræði og setja árangursviðmið. Hagstofa Íslands virðist hafa sífellt minna bolmagn til þess að standa undir öflun nýtilegra gagna vegna leik- og grunnskólastigs sérstaklega. Leggja þarf áherslu á að efla þá upplýsingaöflun og -miðlun svo unnt verði að leggja mat á árangur af innleiðingu menntastefnu til 2030, auk þess sem bætt tölfræði vinnur að ýmsum öðrum markmiðum stjórnvalda.

E.7. Skilvirk ráðstöfun fjármuna. Fjármögnun skólakerfisins og skilvirk nýting þeirra fjármuna sem til þess er varið er grundvallarstoð þegar kemur að framkvæmd gæða skólastarfs. Menntakerfið þarf að vera fjármagnað og fjárveitingar skýrar og unnar á faglegum forsendum eftir skilvirka greiningu. Nú er í gangi afar áhugavert samstarfsverkefni 12 sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins á grundvelli stefnumótunarlíkans Evrópumíðstöðvar um skilvirka nýtingu fjármuna í skóla fyrir alla. Niðurstöður og framvindu þess starfs þarf að hafa til hliðsjónar við skilgreiningu og útfærslu þessarar stoðar menntastefnunnar. Í þessu samhengi er afar mikilvægt að lagt verði vandað mat á kostnað þeirra aðgerða sem settar verða í forgang í innleiðingaráætlun.

Að lokum

Sambandið telur eins og áður segir afar jákvætt að lögð sé fram heildstæð menntastefna fyrir Ísland. Í stefnumörkun sambandsins til ársins 2022 er sérstaklega tilgreint að sambandið muni taka virkan þátt í vinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis við mótun menntastefnu á Íslandi til 2030. Þá leggur sambandið jafnframt ríka áherslu á að koma með beinum hætti að vinnu við gerð innleiðingaráætlana með stefnunni, eftirfylgd þeirra og kostnaðarmati.

Eins og áður er rakið ræðst árangur af stefnumótunarstarfi fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist er í til að ná markmiðum stefnunnar. Mikilvægt er jafnframt að breið samstaða náist um markmið stefnunnar, sem gildir yfir nokkur kjörtímabil og er því háð vilja komandi ríkisstjórna hvort aðgerðaáætlanir verði fjármagnaðar.

Ljóst er að fjölmargar aðgerðir munu snerta sveitarfélögin og því mikilvægt að fulltrúar sveitarfélaga hafi aðkomu að undirbúningi þeirra og framkvæmd á öllum stigum. Við þá vinnu er mikilvægt að forgangsraða verkefnum, kostnaðarmeta og fylgja eftir með markvissum hætti. Hér að framan hefur sambandið gert tillögu að aðgerðum sem ættu að hafa forgang á fyrsta innleiðingartímabili menntastefnunnar. Auk þeirra atriða er rétt að nefna að við öll skref innleiðingar á stefnunni þarf að huga sérstaklega að starfsþróun kennara sem liggur til grundvallar framþróun í skólastarfi og því að nauðsynleg gögn séu til staðar svo að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um áherslur í skólastarfi. Þá mætti kveða skýrar að orði en gert er í stefnunni varðandi mikilvægi þessa að leggja áherslu á aðgerðir er lúta að nemendum með annað tungumál en íslensku.

Að öllu framangreindu virtu leggur sambandið til að þingályktunin verði samþykkt og lýsir sig tilbúið til þess að taka þátt í undirbúningi hennar og innleiðingu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa, samkvæmt beiðni allsherjar og menntamálanefndar, tekið til umsagnar þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2020 til 2030. SA fagna framkominni þingsályktun enda koma þar fram mörg mikilvæg hagsmunamál í tengslum við íslenskt menntakerfi.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á stefnunni frá því hún var fyrst lögð fram. SA telur þær breytingar á margan hátt jákvæðar og til þess fallnar að skerpa sýn og áherslur. Ánægjulegt er að sjá áform um innleiðingu í þremur fösom og áhugvert að sjá þá forgangsröðun sem þar mun birtast.

Í framkominni menntastefnu eru margar af helstu áherslum framtíðar varðandi menntamál ávarpaðar án þess að fyrir liggi með hvaða hætti þeim verður mætt. Nægir þar að nefna áherslur á læsi, starfsmenntun, STEAM greinar, byggðasjónarmið o.fl. Orð eru til alls fyrst og fagna SA því að þessi atriði séu sett á dagskrá. Innleiðingaáætlun og komandi aðgerðir munu hins vegar skera úr um árangurinn og í mikilvægum næstu skrefum og óskar SA eftir nánu samstarfi við yfirföld um nákvæmari útfærslur.

SA ítreka fyrri umsögn þar sem lýst var vonbrigðum með það að í drögunum felist ekki skýrari ásetningur um endurskoðun á kerfislægum þáttum menntakerfisins. Í því felst m.a. lengd skólaársins og sumarfría, möguleg stytting grunnskólans, skólaskyldualdur og skil á milli skólastiga. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til landanna í kringum okkur og þeirra kosta sem felast í samræmi á milli landa. Sömuleiðis vilja SA ítreka mikilvægi fjölbreyttra rekstrarforma í umræðu um þróun menntakerfisins enda sýna rannsóknir að slíkt ýtir undir faglegt þróunarstarf.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, 278. mál

Í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030 (hér eftir „menntastefna“) kemur fram sú skýra stefna að setja menntun landsmanna í öndvegi enda öflugt menntakerfi undirstaða samkeppnishæfs atvinnulífs. Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) fagna þeirri stefnu og taka undir mikilvægi þess að fjárfest sé í menntun landsmanna, þá sér í lagi í starfs-, iðn- og tækninámi.

Drög að menntastefnu þessari voru lögð í opið samráð í mars s.l. og birtust fjölmargar umsagnir um þau. Það er ánægjulegt að brugðist hefur verið við athugasemdum ólíkra hagaðila, sérstaklega til að skerpa á og einfalda alla uppsetningu menntastefnunnar. SI fagna því einnig að í innleiðingu menntastefnunnar, sem verður skipt í þrjú tímabil, er gert ráð fyrir að lögð verði fram innleiðingaráætlun ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum við upphaf hvers tímabils.

Í inngangi menntastefnunnar er talað um að framtíðarhorfur íslensku þjóðarinnar velti á samkeppnishæfni og sjálfbærni íslenska menntakerfisins. SI telur nauðsynlegt að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum hér á landi, en þar erum við eftirbátar þeirra þjóða í kringum okkur sem við viljum bera okkur saman við. Í menntastefnu SI kemur fram það markmið að hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum verði 25% árið 2025 og því ljóst að halda þarf vel á spöðunum ef það á að nást.

Í fjárlögum sem lögð voru fyrir haustið 2019 ákváðu stjórnvöld að forgangsraða fjármunum í menntamálu í þágu starfs-, iðn- og tæknináms enda hefur færnimisræmi á vinnumarkaði verið mikið og mikil umframeftirspurn eftir starfs-, iðn- og tæknimenntuðu fólki hér á landi. Leiðarljós menntastefnunnar er mannauðurinn og að vinna út frá styrkleikum hvers og eins í stað þess að fella alla í sama mót. Með það í huga sakna SI ítarlegri umfjöllunar um starfs- iðn- og tækninámi, sem var að finna í fyrri drögum menntastefnunnar. Ef til vill liggur skýringin í því að sum þeirra atriða sem reifuð eru í fyrri drögum hafa þegar, eða eru í þann mund að koma til framkvæmda.

SI er stoltur þátttakandi, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, í aðgerðaráætlun mennta- og menningarmálaráðherra sem byggir á þeirri forgangsröðun að fjölga starfs- og tæknimenntuðu fólki með því auka áhuga ungmenna á starfs- og tæknimenntun. Um er að ræða metnaðarfulla aðgerðaráætlun sem byggir á breiðu samráði við skólasamfélagið, þ.e. grunn-, framhalds, og háskóla, nemendafélög, náms- og starfsráðgjafa, Heimili og skóla og fleiri. Samtök iðnaðarins binda miklar vonir við að þau tilraunaverkefni sem ráðast á í, sem fela í sér kerfisbreytingar á starfsnámi, leiði til aukinnar aðsóknar í starfsnámi og þar með mæti því markmiði stjórnvalda að fjölga starfs- og tæknimenntuðu fólki.



Í menntastefnunni er lögð áhersla á að grunnskólanemendur fái kennslu í iðn- og tæknigreinum, að þeim verði veitt innsýn starfs-, iðn- og tækninám á framhaldsskólastigi og að námsleiðir sem bjóðast og starfsmöguleikar í kjölfar þeirra verði kynntar fyrir þeim með skipulögðum hætti. SI fagna þessu og þá sér í lagi því að náms- og starfsráðgjöf verði aðgengileg á öllum skólastigum og veitt af þar til bærum sérfræðingum. Það mun án efa draga úr brotthvarfi og styðja við atvinnuþátttöku.

Samkvæmt menntastefnunni eiga menntastofnanir sjálfar að bera ábyrgð á innra gæðamati en ráðuneyti og sveitarfélög á ytra mati. Ytra mat skal vera reglulegt og fylgt eftir með markvissum umbótastuðningi í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra fræðsluaðila. SI leggja ríka áherslu á að samtarf menntakerfis og atvinnulífsins taki líka til samábyrgðar á framkvæmd og gæðum skólastarfs og tryggi aðkomu atvinnulífsins að því gæðamati.

SI hafa lagt áherslu á að nýsköpun sé leiðin út úr núverandi kreppu en, eins og kemur fram í menntastefnunni, þá kallar menntakerfi framtíðar ekki síður á aukna nýsköpun og vaxtarhugarfar, bæði hvað varðar uppbyggingu þess og kennsluaðferðir. Samvinna er lykilorð hér og þörf er á aðkomu fólks úr atvinnulífinu með fjölbreytta sérþekkingu við mótun menntakerfisins til að skapa hugvitsdrifið hagkerfi til framtíðar hér á landi. SI lýsa sig reiðubúin til samstarfs hér eftir sem hingað til.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jóhanna Vigdís Arnardóttir', is written over a horizontal line.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri á menntasviði SI.

Reykjavík, 3. desember 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn SSSK um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030.

Hinn 12. nóvember síðastliðinn lagði mennta- og menningarmála fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030. Er þar lagt upp með að unnið skuli að því að efla menntun landsmanna. Samkvæmt umfjöllun í inngangskafli greinargerðar tillögunnar er markmið menntastefnunnar að „veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli“. Tekið er fram að leiðarljós menntastefnunnar séu „þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja“. Skilja verður umfjöllunina þannig að leiðarljósunum ætlað að styðja við framtíðarsýn ráðherra, þ.e. að markmiði stefnunnar verði náð. Þá verður jafnframt að skilja umfjöllunina þannig að stefnan snúi að vissri forgangsröðun. Ályktunarorðum þingsályktunartillögunnar er skipt í þrjá meginhluta, I–III. Í I. hluta er fjallað um einkunnarorð, gildi stefnunnar og stoðir. Í II. hluta eru sett fram undirmarkmið, A–E-liðir, og áhersluatriði tilgreind. Í III. hluta er fjallað um innleiðingu stefnunnar sem á að eiga sér stað á þremur tímabilum á grundvelli framlagðrar innleiðingaráætlunar með aðgerðum og mælikvörðum. Í III. hluta er tekið fram að innleiðingin kalli á öflugt samstarf og einingu.

Tillagan hefur verið tekin til umfjöllunar á vettvangi SSSK – Samtaka sjálfstæðra skóla. Ástæða þykir til að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Á almennum nótum er rétt að taka fram hér í upphafi að það hefur vakið athygli við yfirferðina hve stutt skref er áætlað að taka með stefnumörkuninni. Markmið og framtíðarsýn í I. hluta ályktunarorðatillögunnar eru í góðu horfi og hið sama á við um fimm stoðir stefnunnar, þ.e. A–E-liði I. hluta. Hins vegar virðast áhersluatriði II. hluta og umfjöllun um þau í greinargerð tillögunnar þurfa að koma til nokkurrar endurskoðunar eða fá þar fyllri umfjöllun. Verður nú nánar vikið að þessum atriðum. Umfjölluninni verður skipta niður með vísan til ályktunarorða tillögunnar.

II. Menntastefna 2020–2030

A. Jöfn tækifæri fyrir alla

Í 1. tölul. er fjallað um nám við allra hæfi sem áhersluatriði. Athygli vekur að í greinargerðinni er ekki fjallað um hvernig sé lagt upp með að takast á við þá nemendahópa sem nú þegar eiga erfitt uppdráttar. Má í því samhengi t.d. nefna nemendur af erlendum uppruna á öllum skólastigum, nemendur með þroskaskerðingar og hinsegin nemendur. Sérstök áhersla er t.d. lögð á að meta menntun innflytjenda og flóttafólks, sem er afar jákvætt, en engum orðum er eytt í áherslu á að efla börn og ungmenni sem alast upp í íslensku menntakerfi en falla á milli kerfa, gefast upp og finna ekki taktinn.

Í 3. tölul. er fjallað um fjölbreytt menntasamfélag sem áhersluatriði og sjónum m.a. beint að fjölmennningarlegu skólastarfi og margbreytileika nemenda. Það er vel. Hins vegar vekur það sérstaka athygli að hvergi í II. hluta er fjallað um margbreytileika skólanna þegar kemur að áherslum eða rekstrarformi. Rekstrarformi sjálfstæðra skóla er veittur lagagrundvöllur á öllum skólastigum. Slík starfsemi er ekki aðeins vel þekkt heldur skapar hún blómlegt umhverfi og tækifæri til nýbreytni. Sjálfstæðir skólar á öllum skólastigum er gríðarlega mikilvæg viðbót við opinbera skólakerfið. Afar vel færi á því að fjölbreytt rekstrarform skóla væri ávarpað og því þannig

fengið vægi sem hluti af menntastefnu til framtíðar þannig að skýt væri gefið til kynna að stefnt sé að því að börn og foreldrar njóti valfrelsis þegar að menntun kemur.

Í 4. tölul. er fjallað um snemmbæran stuðning sem áhersluatriði. Þegar er lögð áhersla á snemmtækan stuðning í skólakerfinu en fjármagn til að takast á við þau verkefni hefur ekki dreifst með nægilega skynsamlegum hætti og nýtist því ekki nægilega vel samanber uppfjöllun í skýrslunni *Menntun fyrir alla, úttekt á framkvæmd stefnu um menntun á aðgreiningar á Íslandi*¹. Eðlilegt væri að sá þáttur yrði ávarpaður sérstaklega í greinargerð tillögunnar.

B. Kennsla í fremstu röð

Í 1. tölu. áhersluatriða stefnustöðarinnar er fjallað um kennaramenntun og nýliðun. Athygli vekur hve takmarkaða umfjöllun er að finna í greinargerð tillögunnar en þar í grundvallaratriðum látið við það sitja að taka fram að inntak menntunarinnar eigi að taka mið af þörfum samfélagsins og styðja við menntastefnuna. Rætt er um að unnið verði að aukinni viðurkenningu á störfum kennara og eflingu faglegs sjálfstæðis og að mótaðar verði leiði til að koma í veg fyrir kennaraskort. Að öðru leyti er hvað helst að finna umfjöllun í kafla B.3 þar sem fjallað er um hæfnipróun kennara í skólastarfi og í kafla B.4 þar sem lögð er áhersla á markvissa innleiðingu á lögum um menntun, hæfni og ráðningu. Á það skortir að stefnan innihaldi efnislega framtíðarsýn þegar kemur að kennaramenntun og nýliðun. Þrátt fyrir að í III. hluta ályktunarorða tillögunnar sé gert ráð fyrir markvissri og skipulagðri innleiðingu stefnunnar er að afar takmörkuðu leyti ljóst hvert á að stefna í þessum efnunum. Áhersla á markvissa innleiðingu laga varðar í raun aðeins starfsleyfi. Engin efnisleg áform koma til að mynda fram um starfsþróun sem þó hefur sárlega vantað.

C. Hæfni fyrir framtíðina

Eins og áður segir er það vel að lögð sé áhersla á eflingu fjölmenningsamfélagsins í undirkafla A.3 í greinargerð tillögunnar. Hins vegar skortir á að sú áhersla sé tengd áhersluatriði 1. tölul., þ.e. hæfni fyrir framtíðina: Læsi. Til að mynda virkar það ankannalega að sjá lagða áherslu á fjölmenningu í öðru orðinu og þjóðmenningu í hinu. Þá er hugtakið læsi skilgreint með afar þröngum hætti þar sem læsi snýst um meira en lestrarfærni. Læsi á samfélag og menningu eru t.d. gríðarlega mikilvægir þættir sem brýnt er að leggja áherslu á í menntastefnu til framtíðar og þá ekki síst þegar kemur að því að tengja menntun við hið fjölmenningslega samfélag. Öðrum kosti er hætt við að áhersla á fjölmenningu verði nokkurskonar hliðarstoð íslensk samfélags.

Í 4. tölul. er lagt upp með að lögð verði áhersla á starfs-, iðn- og tækninám. Umfjöllun í kafla C.4 í greinargerð tillögunnar er vel þekkt og flestum kunn en hvernig verður málaflókkurinn í raun og veru meðhöndlaður í ljósi stefnunnar. Í 5. tölul. er lagt upp með að lögð verði áhersla á list- og verknám. Umfjöllunin í kafla C.5 í greinargerð tillögunnar er hins vegar afar takmörkuð að efni til og því er lesandinn engu nær um að hverju er stefnt þegar að þessum greinum kemur. Í 6. tölul. er fjallað um sköpun og gagnrýna hugsun sem áhersluatriði en nánari umfjöllun er að finna í kafla C.6 í greinargerð tillögunnar. Í öllum framangreindum tilvikum er um afar mikilvæg áhersluatriði að ræða sem skautað er nokkuð létt yfir án þess að unnt sé að átta sig á að hvert sé stefnt. Í öllum tilvikum er ljóst að fjármagn og tími eru lykilþættir en án frekari umfjöllunar er erfitt að átta sig á í hverju áherslan felst nánar.

Í 7. tölul. er fjallað um stafræna tilveru sem áhersluatriði, þ.e. að nemendur skilji tækifæri og áskoranir stafrænnar tilveru. Ljóst er að þegar að þessu atriði kemur þarf að taka stór skref eigi íslenskt menntakerfi ekki verða eftirbátur annarra. Móta þyrfti sérstaka stefnu um hvernig menntakerfið ætlar að takast við verkefni, með sérstökum markmiðum, aðgerðum og

¹ https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/final-report_external-audit-of-the-icelandic-system-for-inclusive-education.pdf

mælikvörðum. Stafræn færni grundvallast á þekkingu á samhengi og virkni stafrænnar tækni en hagnýtin hennar eykst með hverjum deginum sem líður. Þrátt fyrir að persónuvernd og ábyrgð notkun samfélagsmiða séu vissulega mikilvæg atriði þarf ekki síður að leggja áherslu á að nemendur geri sér grein fyrir virkninni og tileinki sér röklegt samhengi. Slík þekking ætti að nýtast þeim sem grunnur að verkefnavinnu á öllum sviðum og í því samhengi má halda því fram að stafræn færni leggist þvert á allar stoðir og áhersluatriði stefnunnar. Eigi það að takast þarf auðvitað að byrja á að skilgreina hvernig takast á við það verkefni að tryggja að kennarar verði færir um að sinnan menntun nemenda í stafrænni færni. Það er því ljóst að setja þarf markmið og leggja áherslu á menntun kennara. Verulega ætti að vera hægt að byggja á reynslu og þekkingu hinna Norðurlandanna enda hafa þau flest sett sér sérstök markmið og hrint aðgerðum af stað til að treysta þennan þátt menntunar.

Í 8. tölul. er fjallað um menntun alla ævi sem áhersluatriði og nánari umfjöllun er að vinna í kafla C.8 í greinargerð tillögunnar. Á það skortir hins vegar að tekin sé afstaða til þess hvernig menntakerfið ætlar að taka við þeim einstaklingum sem sækja sér menntun seinna á ævinni. Þar mun þörfin vaxa mjög mikið og hratt í ljósi aukinnar hagnýtingar stafrænnar tækni og annarra umbreytinga á athöfnum og þjónustu í samfélaginu. Menntakerfið verður hreinlega að bregðast við með virkum hætti. Leggja ætti áherslu á öflugt raunfærnimat á framhalds- og háskólastigi. Menntakerfi þarf að verða fjölbreytt ekki einsleitt. Horfa þarf til þeirra tækifæra sem opið og sveigjanlegt menntakerfi færi okkur sem þjóð, þ.e. dýrmætan mannauð sem vinnur að þekkingaröflun út alla starfsævina.

D. Velliðan í öndvegi

Í 1. tölul. er fjallað um heilsuefningu sem áhersluatriði. Það hefði verið eðlilegra samhengi við almenna umfjöllun að áherslan sneri að lýðheilsu en undir hana féllu m.a. heilsuefning, geðrækt og forvarnir áherslan yrði opnari fyrir viðfangsefnum. Heilsuefning og geðrækt eru þau viðfangsefni sem við eru að fást við í dag en þar sem verið er að móta stefnu til lengri tíma ætti hún að geta varðað viðfangsefnin til framtíðar.

Í 4. tölul. er fjallað um náms- og starfsráðgjöf sem áhersluatriði. Rétt er að taka fram að þar er um gríðarlega mikilvægt áhersluatriði að ræða. Afar brýnt er að skýrt komi fram að stefnt sé að dýpkun slíkrar þjónustu og að því verði komið svo fyrir að hún standi með virkum hætti til boða um allt land.

Í 5. tölul. er fjallað um rödd nemenda sem áhersluatriði. Orðalagið er í raun smættun á hugtakinu lýðræði og óhætt ætti að vera að fjalla beinum orðum um lýðræði í skólastarfi. Rík áhersla er þegar lögð á það í skólastarfi að nemendur kynnist lýðræði og öðlist færni til að lifa í lýðræðislegu þjóðfélagi. Flestum ætti því að vera lýðræðishugtakið tamt.

Í 6. tölul. er fjallað um velliðan allra sem áhersluatriði. Umfjöllun í kafla D.6 í greinargerð tillögunnar er með almennum hætti fjallað um hamingju og velliðan og eðlileg samskipti. Umfjöllunin er nokkuð klisjukennd og erfitt að sjá hvernig úr henni geti orðið aðgerðir og mælikvarðar til notkunar við innleiðingu stefnunnar.

E. Gæði í forgrunni

Í 1. tölul. er fjallað ábyrgð og samhæfingu þjónustukerfa sem áhersluatriði en nánari umfjöllun er að finna í kafla D.6 í greinargerð tillögunnar. Þegar að þessu áhersluatriði kemur er ljóst að taka þarf stórt skref í átt til sameiginlegrar ábyrgðar þar sem sjónum er beint að barni og fjölskyldu en ekki kerfum. Stoðþjónusta þarf að endurspeglar þá sýn en vinna þarf þvert á öll kerfi sem halda utan um börn.

Í 2. tölul. er fjallað um aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu sem áhersluatriði. Hér er verk að vinna og hrista þarf upp í ákveðnum þáttum, t.d. viðmiðunarstundaskrá. Auka þarf frelsi skóla til athafna og skapa sveigjanleika fyrir skólana til að ráðast í faglega stefnumótun. Veita þarf skólastjórnendum raunverulegt faglegt frelsi og umboð til að grípa til aðgerða í því skyni að bæta skólastarf. Þó skólastarf geti verið nokkuð ólíkt ef einstaka skólar eru bornir saman þurfa stjórnendur bæði að hafa trú á starfinu og njóta frelsis til að móta það eftir eigin ástríðu. Hafa verður framangreint að leiðarljósi við endurskoðun aðalnámskrár.

Í 3. tölul. er fjallað um námsmat sem áhersluatriði. Rétt væri að í kafla E.3 í greinargerð tillögunnar kæmi fram áhersla á hve það er mikilvægt að námsmat verði fjölbreytt, gagnsætt og skilvirkt á öllum skólastigum.

Í 6. tölul. er fjallað um stöðugar og umbætur sem áhersluatriði en ágætis skýringar er að finna í kafla E.6 í greinargerð tillögunnar. Hér er um gríðarlega mikilvægt áhersluatriði að ræða. Innleiðing endurgjafar til kennara verður að vera hluti af því. Koma þarf á fót raunverulegum mælikvörðum eigi áhersluatriðið að fá nægilegt vægi.


Í 7. tölul. er fjallað um skilvirka ráðstöfun fjármuna sem áhersluatriði. Á skortir að í kafla E.7 í greinargerð tillögunnar sé það ávarpað að endurskoða þurfi dreifingu þess fjármagns sem þegar er lagt inn í kerfið, samanber m.a. umfjöllun í skýrslunni *Menntun fyrir alla, úttekt á framkvæmd stefnu um menntun á aðgreiningar á Íslandi*.

III. Innleiðing menntastefnu

Góð stefna getur að engu orðið ef innleiðing hennar misferst. Í því ljósi er innleiðingin það sem getur skilið aðgerðir frá orðum á blaði. Það er senn afar jákvætt og í takti við nútímann að ætlunin sé að skilgreina aðgerðir og mælikvarða fyrir hverja stoð og áhersluatriði stefnunnar. Tveir þættir virkrar stefnu eru hins vegar ekki orðaðir, þ.e. endurmat og endurskoðun aðgerða og mælikvarða. Til að mynda gæti komið í ljós á fyrsta tímabili innleiðingar að ráðast þurfi í endurbætur. Gera verður ráð fyrir að það sé þó hluti af stefnumótunarhugsuninni að baki stefnunni. Því má þó velta upp hvort ekki væri skynsamlegt að beinlínis væri gert ráð fyrir því í stefnunni að ráðherra verði fengið umboð til að fást við endurmat og endurskoðun án sérstakar aðkomu þingsins. Búa þarf svo um hnútana að ráðherra verði ekki svo bundinn af ályktunarorðum stefnunnar að hann hafi ekki svigrúm til að aðlaga hana að aðstæðum.

Virðingarfyllst,

f.h. SSSK – Samtaka sjálfstæðra skóla



Sara Dögg Svanhildardóttir
formaður

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2021

Umsögn starfshóps um málstefnu fyrir ÍTM um þingsályktunartillögu um menntastefnu 2020–2030 - þingskjal 310-278. mál.

Starfshópi um málstefnu fyrir íslenskt táknmál (ÍTM) bárust á dögnum drög að menntastefnu 2020-2030. Starfshópurinn gerir athugasemd við að menntastefnan taki ekki mið af lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls þar sem kveðið er á um að ÍTM og íslenska séu jafnrétt há mál. Til þess að markmið menntastefnunnar um jöfn tækifæri allra til menntunar náist er nauðsynlegt að huga að minnihlutamálum sérstaklega og málhöfum þeirra. Mikilvægt er að í menntastefnu sé sérstaklega fjallað um menntun táknmálsbarna og kennslu ÍTM, eina hefðbundna minnihlutamálsins hér á landi.

Starfshópur um málstefnu fyrir ÍTM:

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður
Eyrún Ólafsdóttir
Rannveig Sverrisdóttir
Kristín Lena Þorvaldsdóttir



Staða drengja í menntakerfinu

Tryggvi Hjaltason

Áður en við byrjum...

1. Ég er ekki sérfræðingur á sviði menntunar
2. Bakgrunnur minn er greiningarvinna
3. Öll gögn og lykिलfullyrðingar koma úr opinberum gögnum og rannsóknum stofnana, ráðuneyta og alþjóðlegra mælinga.





Hver er staðan á Íslandi fyrir drengina mína?

Grunnskóli – Drengir...

- 34,4% getur ekki lesið sér til gagns við útskrift úr grunnskóla.
 - Tvöfallt hærra hlutfall en hjá stúlkum og töluvert hærra en í öðrum ríkjum.
 - Þetta er markvisst að versna: 10% fleiri en 2009
 - Í lesskilning er hærra hlutfall drengja í lægri hæfnisþrepum á Íslandi samanborið við OECD löndin. Íslenskt vandamál.
- Kennarar hrósa frekar stúlkum en stráku
- Strákum finnst námið ekki nærri því jafn skemmtilegt og stelpum
- 17,5% kennara voru karlar 2019.
 - Hefur stanslaust fækkað í a.m.k. 22 ár og fækkar enn.
 - ATH: árangur kennara mælist út frá einstakling
 - En karlkyns fyrirmyndum í skólastarfi fækkar hratt

Heimildir:

Margvísleg gögn og rannsóknir frá vef Menntamálaráðuneytis

Skýrsla MMS um PISA niðurstöður:

https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf

Gögn Hagstofu um fjölda kennara:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_2_grunnskolestig_1_ogStarfsfolk/SKO02303.px/table/tableViewLayout1/?rxid=7eb0c0ce-4d80-4b56-8b51-d504deb6655f

<https://hagstofa.is/utqafur/frettasafn/menntun/nemendur-og-starfsfolk-i-grunnskolum-haustid-2015/>

Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2010-2016:

https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---mvndir-og-skrar/MRN/Skyrsla%20rh%20til%20althingis%202018_grunnskolar%202010_2016.pdf



Geta & Líðan í skóla & stuðningur kennara – Alþjóðlegar mælingar WHO & UNICEF

Stúlkum líður betur í skólanum en drengjum og upplifa „töluvert“ meiri stuðning frá kennara en drengir. – WHO 2018

Íslensk börn mælast í 34/38 sæti meðal þróaðra ríkja þegar kemur að mennta- og félagslegri getu (e. Academic & social Skills) – Unicef 2020

- 40% 11 ára íslenskra drengja líður mjög vel í skólanum
- 46% 11 ára íslenskra stúlkna líður mjög vel í skólanum
- 76% 11 ára íslenskra drengja upplifir góðan stuðning frá kennara
- 84% 11 ára íslenskra stúlkna upplifir góðan stuðning frá kennara
 - Who bendir á að þetta sé „umfangsmikill munur“ (e. Significant difference)
 - Þetta er einn hæsti munur í skýrslunni

Heimild:

European Health Information Gateway: Liking School

https://gateway.euro.who.int/en/indicators/hbsc_42-liking-school/

European Health Information Gateway: Teacher support


https://gateway.euro.who.int/en/indicators/hbsc_155-teacher-support/

UNICEF report: Understanding what shapes child well being in rich countries

<https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/Report-Card-16-Worlds-of-Influence-child-wellbeing.pdf?fbclid=IwAR3KI3jUKzTZeA1VPyWOjhgGmUxfPKQNXip3TkGasmd>

Grunnskóli – Drengir...

Drengir fá lægri einkunn á samræmdu prófum og munurinn milli kynja eykst eftir því sem börnin eru lengur í skóla



Heimildir og mynd sótt frá:


Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2010-2016 bls 45:

https://www.stjornarradid.is/libravn/01--Frettatenat---mvndir-og-skrar/MRN/Skvrsla%20rh%20til%20althingis%202018_arunnskolar%202010_2016.pdf

Grunnskóli – Drengir - greiningar

Íslenskir drengir hafa langhæsta greiningarhlutfallið í Evrópu, 27% hærra hlutfall en næst hæsta ríki. Stúlkur eru líka efstar en samt tvöfalt lægri en drengir.

Hlutfall nemenda með greiningar í Evrópulöndum




Mynd sótt frá:

https://www.mbl.is/frettir/burdararein/2019/09/15/hagraeding_med_omurlegum_afleidningum/

Heimild: European Agency Statistics on Inclusive Education

Grunnskóli – Drengir - lyf

Skörp hækkun á notkun hegðunarlyfja



Mynd 4. Fjöldi barna (<18 ára) sem fær a.m.k. eina ávísun af metýlfenidati (notendur/1.000 íbúa) [ATC flokkur N06BA04] greint eftir kyni og aldursflokkum, 2010–2019. Heimild: Lyfjagagnagrunnur.

Heimildir og mynd sótt frá :

Þróun á notkun lyfja við athyglisbrest og ofvirkni – Talnabrunnur embættis Landlæknis

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39293/Talnabrunnur_Februar_2020_2.pdf

Grunnskóli – Drengir - lyf

- Tölur frá 2019:
 - ADHD lyf hjá 10-14 ára strákum hefur farið úr rúmlega 8% 2010 í 15% 2019.
 - Mesta notkunin í Evrópu.
 - Er meira en tvöfalt lægri hjá stelpum.
- Tölur frá 2017
 - 12,3% 5-9 ára fá „hegðunarlyf“ (tauga og geðlyf),
 - tvöfalt hærra hlutfall en hjá stelpum
- 20x fleiri grunnskólabörn fá ávísað þunglyndislyf á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum
- ATH: lyfjagjöf ein og sér er ekki slæm en umhugsunarefni hvers vegna hún er margfalt hærri hér.
- Á milli 2008 og 2016 18földuðust ávísanir á svefnlyfjum til drengja á aldrinum 10-14 ára.

Heimildir:

https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item39293/Talnbrunnur_Februar_2020_2.pdf

<https://www.youtube.com/watch?v=c45bEUfclw>



Grunnskóli – Drengir

Önnur vandamál

- **Sjálfsmorðstíðni** drengja 10-19 ára er hvergi hærrí á Norðurlöndunum en á Íslandi.
- Meðal íslenskur drengur byrjar að horfa á klám **11 ára**
- Íslenskir drengir eiga **Norðurlandamet** í klámáhorfi.
- **40% drengja** orðnir stórneytendur á klámi í framhaldsskóla og horfa á það 2-5 sinnum í viku.
- **Þriðjungur drengja** 12-20 ára horfir á klám á hverjum degi.

Heimildir:

Skýrsla Norrænu heilbrigðistöfræðinefndarinnar 2019

Landlæknir

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39293/Talnabrunnur_Februar_2020_2.pdf

Drengir yngri en 11 ára horfa á klám

https://www.vegvisir.is/temu/conten/2019/02/27/drengir_yngri_en_11_ara_horfa_a_klam/?fbclid=IwAR3iryuwBAGT-Y5uBjGauzFPUBwvG8hJGbn8hVWw5U8wdeU3A3hdVT12ww





Menntakerfið í heild sinni – Drengir...

- Framhaldsskóli: **31%** drengja falla út úr framhaldsskóla
- Háskólar: **32.1%** af háskólanemendum eru drengir. Þetta hlutfall hefur stanslaust lækkað og ekkert lát á þeirri lækkun. Var 37.2% bara fyrir tveim árum.
- Innritunarstig kvenna í háskóla er við meðaltal OECD en innritunarstig karla í háskóla er **lægra en í öllum OECD löndum**.
- „Kynjamunur er konum í hag í menntakerfinu...“ (Skýrsla Mennta- og menningarmálaráðuneytis um samantekt á menntatölfræði OECD frá 2018)
- „Verulegur og viðvarandi kynjahalli er í kennarastétt.“ (sama skýrsla)
- „Á Íslandi eru fleiri karlar án framhaldsskólamenntunar á aldrinum 25-34 ára en í **flestum öðrum vestrænum ríkjum**“ (sama skýrsla)
- „Um **24%** karla á þessum aldri hafa ekki lokið námi eftir grunnskóla en hlutfallið er 15% fyrir konur. Munurinn milli kynjanna er óvíða jafn mikill og á Íslandi...“ (sama skýrsla)
 - Þrefallt meiri munur en í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.
- 2017 var 57% kvenna með háskólamenntun en **39%** karla. (sama skýrsla)
- Ísland er eina Norðurlandið þar sem drengir eru á eftir stúlkum í öllum mældum greinum í PISA.
- Markmið 4,5 í heimsmarkmiðum SP segir: „Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamunurinn í menntakerfinu verið afnumin...“
- Í tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 er ekki eitt orð um stöðu drengja þrátt fyrir öll framangreind gögn, mælingar og niðurstöður.

Heimildir:

Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn um brottfall nema í framhaldsskólum:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/149/s/1378.pdf>

Skráning nemenda í Háskóla Íslands:

<https://www.hi.is/kynningarefni/nemendur>

SAMANTEKT ÚR EDUCATION AT A GLANCE 2018 : Skýrsla OECD um menntatölfræði

https://www.stiomarradid.is/library/04-Radunevtin/Menntamalaradunevtid/Samantekt_Education%20at%20a%20Glance%202018%20.pdf

Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030:

<https://www.althingi.is/alttext/151/s/0310.html>



Allt opinbert og vel mælt

Öll framangreind gögn eru opinber og frá virtum stofnunum, ráðuneytum eða alþjóðlegum samanburði eins og Landlækni, Menntamálastofnun, Menntamálaráðuneytinu, PISA, OECD, Unicef, WHO og samnorrænum könnunum.



Hver er staðan á Íslandi fyrir drengina mína?

Að meðaltali af því þeir fæddist á Íslandi:

- 34% líkur á að muni ekki geta lesið sér til gagns eftir grunnskóla
- 15% líkur að fari á hegðunarlyf
- 20x líklegari til að vera settir á þunglyndislyf en börn á Norðurlöndum
- Ólíklegari til að fá hrós frá kennara en systir sín
- Líklegari til að leiðast í skóla en systir sín
- Líklegari til að upplifa minni stuðning frá kennara en systir sín
- Minni líkur á að þeir fari í háskóla en í öllum OECD löndum
- Minni líkur að þeir klári framhaldsskóla en í öllum Vestrænum þjóðum



Af hverju?



Samfélagsgerðin?

Umræðan



Forréttindi karla

17) Þegar ég var barn er líklegt að ég hafi fengið meiri athygli frá kennurunum mínum og þurft að biða skemur eftir viðbrögðum frá honum heldur en kvenkyns samnemendur mínir.

Auður Magnús Auðardóttir verkefnastjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkur, jafnréttisskolinn@reykjavik.is.
Þýtt og staðfært úr ýmsum forréttingalistum (e. *privilege lists*).

Heimildir:

<https://reykjavik.is/.../default/files/forrettindalistar.pdf>

Gögn frá Menntamálaráðuneyti og WHO sem vitnað er í framar

*Upplýsingar frá bókaútgefanda og rithöfundum um 2,5x meiri sölu á bókum fyrir stelpur en drengi

Staðan

- Kennarar hrósa frekar stúlkum en strákuð og strákar upplifa minni stuðning
- Strákum finnst námið ekki nærri því jafn skemmtilegt og stelpum
- 17,5% kennara eru karlar
- Foreldrar kaupa síður bækur fyrir drengi*

Kynjamunur?



Stelpur

- „Samviskusamari“
- Meiri geta og þörf til samkenndar
- Fleiri taugabrautir
- Hugsun virkjar yfirleitt fjölbreyttari svæði í heilanum.
- Takast á við tilfinningar ólíkt körlum
- Heilamandlan tengd á sterkari hátt við tungumálastöðvar.
- Muna betur tilfinninga atburði

Strákar

- Eru viðkvæmari fyrir áhugadrifnum árangri
- Meiri geta og þörf til áhættutöku
- 10% stærri heili
- Karlar hugsa meira einbeitt í ákveðnum hluta heilans.
- Eru líklegri til að vera einhverfir
- Eru mun líklegri til að vera „afburðargreindir“ og „afburðaslakir“ m.ö.o. Mynda vanalega topp og botna í flestum kúrvum er mæla greind á einhvern hátt.

Heimildir:

Ripley, 2005

Haier o.fl., 2005 og 2008

Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja:

https://revkiavik.is/sites/default/files/vmis_skiol/skiol_utgefid_efni/starfshopurumnamsvandadregja_2011.pdf

The cognitive differences between men and women:

<https://stanmed.stanford.edu/2017spring/how-mens-and-womens-brains-are-different.html>

O.fl...

Kennarastaðan?

Kennarar eru fyrirmyndir

Kynin eru öðruvísi

Vaxandi skortur á kennurum*

Kennurum sniðin þröngur stakkur...



*Um 50-60 eru að brautskrást á ári en áætla má að um 120 til 170 kennarar hætti störfum árlega vegna aldurs.
https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf


Uppbygging á námi?

Strákum finnst erfiðara að sitja kyrr

Strákar eru áhugadrifnari en stelpur

„Af hverju er ég að læra þetta?“

Nám keppir við tölvuleiki um „fræðslu“ og áhuga...






Hvernig eru drengir að læra í nútímaumhverfi?

Hvernig eru drengir að læra í nútímaumhverfi?

- Drengir læra t.a.m. í gegnum tölvuleiki sem eru sá iðnaður sem eyðir einna mestu fjármagní í veröldinni í að kenna ungu fólki á flóknar vörur. Það eru nokkrir fastar sem alltaf er stuðst við í slíku námi

- I. Tilgangur er skýr
- II. Saga er notuð
- III. Spilarar ekki látnir lesa langa texta
- IV. Læra í gegnum aðgerðir (learn by doing)
- V. Verðlaunastrúktúr sterkur og gegnsær

Press  to command Atreus to shoot arrows.

DAUDI KAUPMAÐR

Samfélagslegur kostnaður

- Gróflega má áætla að lestrarvandi drengja einn og sér í menntakerfinu hafi áhrif á u.þ.b. **8 þúsund íslenskar fjölskyldur** hverju sinni*
- Þetta eru líklega lágmarkstölur því þær taka ekki mið af öðrum áskorunum sem hafa mælst gagnvart drengjum eins og áhugaleysi.
- Líklega snerta vandamál sem tíunduð eru í þessari yfirferð 8 til 20 þúsund íslenskar fjölskyldur...



*Fjöldi nemenda í grunnskólum var 46.254 haustið 2019 skv. Hagstofunni. 34% drengja getur ekki lesið sér til gagns við útskrift. $(46.254/2 = 23.127 * 0.34 = 7863)$

<https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nemendur-i-grunnskolum-haustid-2019/>

Er um við að gera eitthvað sem samfélag?

- I. Ný menntastefna minnst ekki einu orði á stöðu drengja.
- II. Líttill áhugi þingsins og stjórnsýslu
- III. Margir kennarar hinsvegar að gera góða hluti
- IV. Vaxandi samfélagsleg meðvitund um vandan
- V. Er vandamál ríkis, sveitarfélaga, foreldra, nemenda og kennara.




Hvað getum við gert?

Hvers konar möguleikar koma upp úr gögnunum?

- Hækkum laun kennara og aukum virðingu stéttarinnar
- Valdeflum kennara og skóla til sóknar
- Fleiri karlkennara
- Viðurkennum vanda drengja og tölum um hann og rannsökum
- Samfélagsleg áskorun, ekki bara menntakerfisins
- Fáum foreldra sem virkari þátttakendur
 - Kennari eftir kennara hefur sagt mér að drengir sem foreldrar tryggja að lesi vel heima, standa sig miklu betur
 - Foreldrar kaupa bækur 2,5x minna fyrir drengi en stúlkur
- Kaupum bækur fyrir drengi og eflum les menningu þeirra
- Virkjum áhugan skipulagt (áhugadrifnari nám)
 - Sem er ekki, gerum bara það sem barnið vill heldur sýnum og virkjum tilgang.
- Eflum lestrarkennslu
- Viðurkennum að strákar og stelpur eru öðruvísi





Nálgumst þetta saman, af auðmýkt...

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 1.12.2020
Tilvísun: 202012-0006/0.03.02

Þingskjal 310 – 278. mál: Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030

Umsögn Vinnueftirlits ríkisins

Vinnueftirlitið fagnar tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 sem menntamálaráðherra hefur nýlega lagt fram á Alþingi. Framtíðarsýn stefnunnar byggir á einkunnarorðunum *framúrskarandi menntun alla ævi* og eru helstu gildi hennar *þrautseigja, hugrekki, þekking og hamingja*.


Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og er hlutverk þess að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu. Lykilþættir í starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi vinnustaða. Einnig annast stofnunin fræðslu um vinnuvernd, virka innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum og markvissra aðferða í vinnuverndarstarfi.

Vinnueftirlitið telur mikilvægt að stjórnvöld stuðli að fræðslu um vinnuvernd þegar í grunnskóla þar sem áhersla er lögð á gildi forvarna bæði er varðar öryggismál og félagslega þætti, ekki síst í ljósi þess að vinnustaðir munu taka miklum breytingum á næsta áratug.

Þó svo að atvinnurekandi beri ábyrgð á því að skapa ungmennum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi í samræmi við lög og reglur skiptir afar miklu máli að ungt fólk hafi sjálft þekkingu á áhættuþáttum í vinnuumhverfinu sem gætu ógnað öryggi þeirra og heilsu til skemmri eða lengri tíma. Einnig að þau þekki hvað einkennir góðan vinnustað þar sem stuðlað er að öryggi, heilsu og vellíðan allra aldurshópa, þar sem markmiðið er að allir komi heilir heim að loknum vinnudegi og í lok starfsævinnar.

Því miður eru vinnuslys enn algengust hjá ungu fólki undir 25 ára aldri en alls voru tilkynnt til Vinnueftirlitsins 1729 vinnuslys hjá þessum aldurshópi á árunum 2015-2019, þar af voru 318 tilkynnt vinnuslys hjá 18 ára og yngri, samanber mynd hér á eftir.

Tilkynnt vinnuslys 2015-2019 - skipt eftir aldri



Til þess að sporna gegn þessari þróun og vinna markvisst að forvörnum skiptir miklu máli að þróa öryggisvitund einstaklinga strax á unga aldri, sem eflir þá til að stuðla að öryggismenningu vinnustaða þegar út í atvinnulífið er komið. Er þar ekki eingöngu átt við líkamlegt öryggi heldur einnig sálfélaglegt öryggi sem er ekki síður mikilvægt. Vel skal vanda það sem lengi á að standa og því þurfa ungir starfsmenn jafnframt að hafa þekkingu og hugrekki til að bregðast við, ef ekki er hugað nægilega að öryggi og heilsu þeirra og annarra á vinnustað.

Slíkt fræðslustarf sem hæfist innan veggja grunnskólans yrði arðbært til lengri tíma lítið. Er það til þess fallið að koma í veg fyrir ótímabært brotthvarf fólks af vinnumarkaði sem aftur hefur jákvæð efnahagsleg áhrif með aukinni framleiðni og minni kostnaði vegna almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.

Einnig hefur þróunin verið sú að gera má ráð fyrir að á vinnumarkaði framtíðarinnar muni fleiri einstaklingar starfa án hefðbundins ráðningarsambands og mun því skipta sköpum að þeir einstaklingar hafi sjálfir til að bera þekkingu til að tryggja eigið öryggi og heilsu í vinnu.

Vinnueftirlitið lítur svo á að til að tryggja fullnægjandi þekkingu og hæfni ungs fólks fyrir framtíðina sem setur vellíðan þeirra og sjálfbærni samfélagsins í öndvegi sé nauðsynlegt að bæta við þáttum í menntastefnunum sem snúa að öryggi og heilsu á vinnustað.

Tillaga um viðbót í menntastefnunum

(gæti t.d. fallið undir stoð D sem sérstakur liður eða sem hluti af D3 Forvarnir):

Vel skal vanda sem lengi á að standa. Til að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í samfélaginu verði lögð áhersla á öryggi og heilsu í leik og starfi. Áherslan aukist með hækkandi skólastigi og aukinni þátttöku í atvinnulífi á öryggi, heilsu og vellíðan á vinnustað.

Virðingarfyllt,

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir forstjóri

Þórunn Sveinsdóttir
Þórunn Sveinsdóttir gæðastjóri

Til nefndarsviðs Alþingis

Ágæti viðtakandi!

Vinnueftirlitið fagnar því að fyrir Alþingi liggja tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020-2030 frá mennta- og menningarmálaráðherra. Stofnunin óskar eftir því að vera umsagnaraðili um þingsályktunina og að fá formlega beiðni þar um.

F.h. forstjóra Vinnueftirlitsins
Þórunn Sveinsdóttir

KVEÐJA / REGARDS

Þórunn Sveinsdóttir

Gæðastjóri - Svið forstjóra | Quality Manager - Director's Division

Dvergshöfði 2, 110 Reykjavík, Iceland

(+354) 550 4600 | vinnueftirlit.is



Alþingi

Mennta- og menningarmálaráðherra
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020
2011249 VR / 20.1/ SLS

Efni: Umsögn VR um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030, þingskjal 310 - 278. mál 151. löggjafarþing 2020–2021.

VR fagnar þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir árin 2020-2030. Félagið gerir tvær megin athugasemdir við tillöguna:

I. Mat á hæfnipörf og mannaflaspár

Menntun landsmanna er grundvallarpáttur í lýðræðissamfélagi og mikilvægt er að menntastefna endurspegli þarfir allra landsmanna og nái yfir öll skólastig.

Það er mat VR að sú tillaga sem liggur fyrir til þingsályktunar nái ágætlega til leik-, grunn- og framhaldsskólastigs. Hins vegar nær hún ekki til menntunar fyrir fullorðið fólk og vinnumarkaðinn.

Undanfarin ár hefur komið fram í skýrslum að brýn þörf sé á að stuðla að greiningu á hæfni- og mannaflapörf.¹

Mannafla- og hæfnispár eru lykilverkfæri þegar kemur að því að skipuleggja námsframboð starfsnáms, fagháskólanáms, háskólanáms og símenntunarnámskeiða fyrir vinnumarkaðinn. Þróun vinnumarkaðar er mjög hröð eins og kemur fram í fyrrnefndum skýrslum. Þá munu störf breytast mikið á næstu árum sem kallar á að einstaklingar á vinnumarkaði þrói hæfni sína í takt við þær breytingar.

¹ Stjórnarráð Íslands (2019) *Ísland og fjórða iðnbyltingin*, Stjórnarráð Íslands (2020) *Aðgerðaráætlun um fjórðu iðnbyltinguna*, VMST, Tillögur sérfræðingahóps (2018) *Færniþörf á vinnumarkaði, Hvernig má spá fyrir um færniþörf á íslenskum vinnumarkaði*



Í stefnu VR um vinnumarkað framtíðarinnar kemur fram að *VR vill að félagsmönnum sé tryggt öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni*. VR leggur því áherslu á hagsmunagæslu vegna breytinga á störfum, en liður í því er að *VR vill að framboð menntunar sé aðlagð að breyttum kröfum og endurspegli færniþörf á vinnumarkaði*. VR vill að gerðar séu reglulega spár um færniþörf á vinnumarkaði og þeim fylgt eftir með aðgerðaráætlun.²

Í Menntastefnu VR kemur fram að *VR leggur áherslu á að félagsmönnum sé tryggður sá möguleiki að þróast almennt í starfi á íslenskum vinnumarkaði, hvort sem um sé að ræða almennt grunnám, framhaldssnám, háskólanám eða annað sérhæft nám*. VR mun kappkosta við að *félagsmönnum gefist kostur á að bæta sig í aukinni hæfni í takt við tæknibreytingar og stafræna þróun í íslensku samfélagi*.

Með þessar stefnur að leiðarljósi er vakin athygli á því að í tillögu að menntastefnu er skortur á umfjöllun um hvernig formlega skólakerfið hyggst mæta hæfniþörf í samfélaginu sem og hvernig áunnin hæfni í atvinnulífinu sé metin inn í formlega skólakerfið.

II. Stafrænn veruleiki

Talið er að fjórða iðnbýltingin byggi á stafrænum grunni sem tengir saman ýmiskonar tækni sem leiðir til grundvallarbreytinga á hagkerfum, fyrirtækjum og þjóðfélögum.³ Þessi umbreyting hefur nú þegar haft áhrif á menntun eins og má sjá í aukinni nýtingu tækni við kennslu, nám og samskipti nemenda og kennara. Þessi umbreyting hefur einnig haft töluverð áhrif á framboð menntunar.

Það er mat VR að efla þurfi stafræna hæfni á öllum skólastigum til þess að einstaklingar geti verið þátttakendur en ekki áhorfendur í breytingunum. Þetta á við um nemendur og kennara á öllum skólastigum.

Í ljósi þessa er þörf á að tækifæri og áskoranir sem fylgja stafrænni tilveru séu sýnileg sem rauður þráður í stefnunni. Samkvæmt stafrænum hæfniramma Evrópusambandsins skiptist stafræn hæfni í stafrænt upplýsingalæsi, öryggi, samskipti, verkefnalausn og framkvæmd.⁴ Í tillögu til þingsályktunar um menntastefnu er megin áhersla lögð á fyrstu tvö atriðin, en þörf er á að leggja meiri áherslu á tækifærin sem felast í framkvæmd og verkefnalausnum með hagnýtingu tækninnar.

² Stefna VR um vinnumarkað framtíðar og Menntastefna VR www.vr.is

³ Ólafur Andri Ragnarsson (2019) *Fjórða iðnbýltingin*

⁴ <https://ec.europa.eu/jrc/en/digcomp>



Fyrir hönd VR,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Ragnar Þór Ingólfsson', written over a thin horizontal line.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 03. desember 2020

Efni: umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um þingsályktunartillögu um menntastefnu fyrir árin 2020-2030, þingskjal 310-278. mál.

Afar mikilvægt er að stjórnvöld móti skýra stefnu í menntamálum. ÖBÍ fagnar því að í tillögunni sé tekið fram að allir eigi að hafa jöfn tækifæri til náms því allir geti lært og allir skipta máli, það á að vera leiðarljósið í menntamálum á Íslandi.

A.1. Nám við allra hæfi.

Það er jákvætt og löngu tímabært að tekin sé upp sú stefna að skólar og aðrar menntastofnanir taki mið af þörfum, getu og hæfni sérhvers nemanda og vinni út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins í stað þess að nemendur eigi að passa inn í „kassa“ skólakerfisins.

A.2. Menntun um allt land

Búseta á ekki að hefta möguleika til náms en dæmi eru um að fjölskyldur fatlaðra barna hafi neyðst til að flytja búferlum í þeim tilgangi að fá nauðsynlegan stuðning fyrir barn sitt í skólakerfinu. Gleðilegt er að nýta eigi tæknina til að tryggja nám óháð búsetu en í mörgum tilfellum er hægt að veita ýmsa faglega þjónustu í gegnum netið, til að mynda talþjálfun. Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF) kemur fram að aðildarríkin eigi að tryggja:

„að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir gagnlegri menntun þess“

A.4. Snemmbær stuðningur

ÖBÍ fagnar því að lögð sé áhersla á snemmbæran stuðning. Lengi hefur verið barist fyrir því að börn fái stuðning og þjónustu um leið og þörf skapast. Of langir biðlistar eftir greiningum, sem hefur til þessa verið forsenda stuðnings, veldur því að börn hafi ekki fengið viðeigandi stuðning og hafa þar af leiðandi misst af tækifærum til náms og þroska sem dregur úr möguleikum þeirra í framtíðinni. Börn á landsbyggðinni líða sérstaklega fyrir skort á þjónustu þar sem í mörgum tilfellum er ekki boðið upp á greiningar í heimabyggð. Framboð af sérmenntuðum fagaðilum er einnig oft af skorum skammti og því eru auknar líkur á að möguleikar þeirra barna til náms skerðist verulega.

Til þess að ná þessu markmiði þarf að stórauka aðkomu og samstarf fagfólks í skólakerfinu, þar má til að mynda nefna þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, talmeinafræðinga og sálfræðinga. Auk þess þarf að auka stuðning við nemendur sem á honum þurfa á að halda. Í 24. grein SSRF kemur fram:

„að árangursríkar, einstaklingsmiðaðar stuðningsaðgerðir séu veittar í umhverfi sem hámarkar hvað mest mögulegan árangur í námi og félagslegan þroska sem aftur samræmist því markmiði að fatlað fólk geti notið menntunar án nokkurrar aðgreiningar“

B.1. Kennaramenntun og nýliðun

Ekki er nægjanlegt að mótaðar verði leiðir til að koma í veg fyrir kennaraskort. Til þess að kennaramenntun styðji við menntastefnuna verður að innleiða aukna áherslu á skóla fyrir alla, mikilvægi faglegrar samvinnu, auka þekkingu á fötlunum og röskunum, mikilvægi einstaklingsbundinnar námskrár, viðeigandi aðlögunar, notkunar óhefðbundinna tjáskiptaleiða og einstaklingsmiðaðra kennsluaðferða. Kennarar eru fyrirmyndir og því mikilvægt að þeir séu ekki einsleitur hópur heldur

endurspeglir það samfélag sem við búum í með tilliti til t.d. fötlunar, kyns, kynhneigðar og uppruna. Í 24. grein SSRF kemur fram að:

„aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þar með talið fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í táknmáli og/eða blindralettri, og að þjálfa sérfræðinga og starfsfólk sem starfa á öllum stigum menntakerfisins. Fyrirnefnd þjálfun skal meðal annars stuðla að vitund um fötlun og notkun óhefðbundinna leiða til tjáskipta, auk kennsluaðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk“

B.5. Fjölbreytileiki

ÖBÍ tekur heilshugar undir það að menntakerfi framtíðar kalli á aukna nýsköpun, mikla samvinnu og aðkomu fólks með fjölbreytta sérþekkingu við mótun menntakerfisins.

C.1. Læsi

Það er rétt að læsi er lykill að lífsgæðum og eflir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Mikilvægt er að horfa til þess að tjáskiptaaðferðir eru mismunandi og er nauðsynlegt að koma til móts við þá sem notast við óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, tala táknmál og lesa punktaletur. Í 24. grein SSRF kemur fram að aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafnir, meðal annars að:

„auðvelda fólki að læra blindraletur, óhefðbundna ritun, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjafraeðslu“

C.2. Framþróun íslenskunnar

ÖBÍ fagnar því að íslenska og íslenskt táknmál eigi að vera notað á öllum sviðum samfélagsins og framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð. Til að ná því markmiði þarf að stórefla táknmálskenndu og auka til muna námsefni fyrir heyrnarlausum nemendum og bæta aðgengi heyrnarskertra nemenda að námi. Í 24.

grein SSRF kemur fram að aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafnir, meðal annars að

„auðvelda fólki að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls“

„tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir eða sjónskertir, heyrnarlausir eða heyrnarskertir eða fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska“

C.4. Starfs-, iðn- og tækninám

ÖBÍ fagnar því að leggja eigi aukna áherslu á starfs-, iðn- og tækninám og að námið þróist í takt við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar. Mikilvægt er að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks sem áhuga hafa á þessum námsleiðum með því að veita þeim viðeigandi aðlögun. Sérstaklega mætti horfa til fólks með þroskahömlun og fjölga starfsbrautum sem hafa að leiðarljósi að veita nemendum sérhæfða þjálfun á þeirra áhugasviði. Með því móti geta þeir nemendur aukið starfsmöguleika sína, nýtt styrkleika sína og tekið þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

C.7. Stafræn tilvera

Ánægjulegt er að þjálfa eigi nemendur í upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi, auka þekkingu á persónuvernd og læra um örugg stafræn samskipti. Sérstaklega mikilvægt er að fræða fatlaða nemendur um persónuvernd þar sem reynslan sýnir að fatlað fólk er oft krafði um ítarlegri persónulegri upplýsingar en ófatlað fólk. Fræðsla um ábyrga nethegðun og örugg stafræn samskipti er mikilvæg sérstaklega í ljósi þess að fatlað fólk er í aukinni hættu varðandi misnotkun og ofbeldi á netinu.

C.8. Menntun alla ævi

Mikilvægt er að allir hafi aðgang að menntun óháð æviskeiði og hafi tækifæri til að bæta við sig þeirri menntun sem þarf til að takast á við örar breytingar í atvinnulífinu. Tryggja þarf aðgengi allra að símenntun og því brýnt að úrræði eins og Fjölmennt og Hringsjá fái fjármagn og tækifæri til þess að laga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu. Einnig þarf að tryggja að fólk sem fatlast og getur af þeim orsökum ekki nýtt það nám sem það hefur þegar aflað sér fái tækifæri til menntunar á öðru sviði með viðeigandi aðlögun. Í 24. grein SSRF kemur fram að aðildarríkin skulu tryggja:

„að fatlað fólk hafi aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og ævinámi án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar“

D.1. Heilsuefling

Góð líðan skiptir miklu máli í lífinu og er afar mikilvægt að nemendum stafi ekki ógn af andlegu, líkamlegu, kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, áreitni og einelti. Að lenda í ofbeldi af einhverju tagi getur haft gríðarlegar afleiðingar og því brýnt að taka slík mál föstum tókum um leið og þau skapast. . ÖBÍ leggur einnig til að setja fram fræðsluáætlun varðandi fatlanir og raskanir í því skyni að breyta viðhorfum starfsfólks og samnemenda.

D.2. Geðrækt

ÖBÍ tekur undir það að sóknarfæri til að efla geðheilsu eru einna mest í æsku. Undanfarin ár hefur verið gríðarlegt ákall frá nemendum og samfélaginu öllu um betri geðheilbrigðisþjónustu og nauðsynlegt er að stórbæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu í skólakerfinu.

D.4. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er nauðsynleg til þess að nemandi geti fengið aðstoð við að taka ákvarðanir varðandi námsmöguleika og framtíð. Leggja verður áherslu á að náms- og starfsráðgjafar veiti nemendum fullnægjandi upplýsingar um rétt sinn varðandi stuðningsúrræði á öllum skólastigum en dæmi eru um að fatlaðir nemendur hætti í skóla vegna skorts á upplýsingum eða komist að því seint á námsferlinum hvaða úrræði standa þeim til boða. Í 4. grein SSRF kemur fram að aðildarríkin skulu tryggja:

„láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hjálpartæki, þar með talið nýja tækni, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu, að auka þekkingu fagfólks og starfsfólks, sem vinna með fötluðu fólki, á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja”

D.5. Rödd nemenda

ÖBÍ er sammála því að meira sé hlustað á nemendur og að áhrif þeirra verði aukin innan skólakerfisins. Það er sérstakt fagnaðarefni að auk Barnasáttmálans eigi að innleiða Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks inn í skólastarf og býður ÖBÍ sig fram til samstarfs um hvernig best er að koma að þeirri framkvæmd. Í 7. grein SSRF kemur fram að aðildarlöndum beri að:

„tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika”

D.6. Vellíðan allra

Gott er að hamingja og vellíðan allra eigi að vera í öndvegi og tryggja eigi að enginn sé undanskilinn. Til þess að þetta reynist ekki einungis falleg orð á blaði verður að fylgja ítarleg aðgerðar- og fræðsluáætlun. ÖBÍ hvetur til þess að slík áætlun verði gerð í fyrsta áfanga menntastefnunar.

E.1. Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa

Lengi hefur verið ákall á aukna samvinnu kerfa og eru ýmis tákni um breytingar í jákvæða átt. Mörg frumvörp liggja fyrir Alþingi sem miða að því að samþætta þjónustu við börn og er það vel. Til þess að stuðningskerfin virki á sem bestan hátt fyrir nemandann verður að stórefla alla faglega þjónustu og samvinnu. Með það að markmiði að veita hverjum og einum nemanda tækifæri til að þroska hæfileika sína og styrkleika og geta með því móti aflað sér góðrar menntunar og tekið þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

E.2. Aðalnámskrár sem styðja við menntastefnu

Það er jákvætt að aðalnámskrá eigi að endurspegla menntastefnuna og tryggja eigi þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Ánægjulegt er að í boði eigi að vera fjölbreytt námsgögn sem taki mið af möguleikum stafrænnar miðlunar og margbreytileika nemenda. Framleiðsla á námsgögnum fyrir fatlaða nemendur hefur verið af skorum skammti og því gleðilegt að til standi að breyta því til batnaðar. Í því ástandi sem samfélagið býr við núna í COVID-19 faraldrinum sjáum við að hægt er að koma til móts við nemendur með tækninni. Nemendur sem hafa fötlunar sinnar vegna ekki getað stundað skólann fá viðeigandi aðlögun og geta sumir hverjir loksins fengið upptökur af kennslustundum sem þeir geta nýtt sér þegar þeim hentar. Tækifærin til að gefa öllum möguleika á námi á því formi og aukinn sveigjanleiki er fyrir hendi og því ber að fagna og nýta eftir faraldurinn. Þó er mikilvægt að hafa í huga að hlúa þarf sérstaklega að þessum hópi þegar kemur að samskiptum og félagsfærni. Þekkt er að nemendur með fatlanir og raskanir eru í

aukinni hættu á félagslegri einangrun og er nauðsynlegt að skólakerfið bregðist við því með skipulögðum hætti.

E.4. Væntingar til nemenda

Ánægjulegt er að menntakerfið eigi að bjóða upp á sveigjanleika og veita öllum nemendum viðeigandi stuðning í námi og leik. Til að ná því markmiði verður að stórauka fræðslu, stuðning og mannafla í skólakerfinu.

E.5. Væntingar til foreldra

Vissulega er rétt að samstarf milli heimilis og skóla sé mikilvægt. Hins vegar búa ekki öll börn við þær aðstæður að foreldrar hafi getu til að taka ábyrgð á námi barna sinna. Sumir foreldrar hafa ekki burði til að aðstoða börn sín við heimanám eða að berjast fyrir réttindum þeirra varðandi stuðningsúrræði. Réttur barns til menntunar á eigin forsendum á að vera á ábyrgð skólayfirvalda en ekki foreldra.

E.6. Stöðugar umbætur og gæðastarf

ÖBÍ er sammála því að efla þurfi mat á skóla- og fræðslustarfi. Skoða þarf ítarlega hvernig gæðum í skólastarfi er skipt. Tölfræði varðandi fötluð börn er af skorum skammti og því ánægjulegt að safna eigi upplýsingum um gæði skólastarfs.

E.7. Skilvirk ráðstöfun fjármuna

ÖBÍ tekur undir það að menntakerfið þurfi að vera vel fjármagnað enda menntun ein forsenda farsældar barna til framtíðar. Tryggja þarf nægt fjármagn fyrir stoðþjónustu og einstaklingsbundnar kennsluaðferðir til að gefa öllum börnum raunverulega jöfn tækifæri til náms. Í menntastefnunni er lögð áhersla á jöfn tækifæri sem er afar jákvætt og gott veganesti fyrir framtíðina. Til þess að tryggja að efndir fylgi fögrum fyrirheitum er nauðsynlegt að fylgja stefnunni vel eftir, hafa regulegt eftirlit og samráð við börn, hagsmunasamtök, foreldrasamtök og aðra aðila sem málið varðandi innleiðingu stefnunar.

Afar ánægjulegt er að innleiða eigi að Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks inn í skólastarf. ÖBÍ fagnar framkomu þingsályktunartillögunar og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Ekkert um okkur án okkar.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ